



Skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu

Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri frístundaskrifstofu

Reykjavík 23.2.2022

Erindi: Umsögn skólaráðs Austurbæjarskóla um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

Í maí 2021 kom út skýrsla starfshóps um framtíðarskipan skólastarfs í Vörðuskóla og nærliggjandi skólahverfi. Var skýrslan kynnt á fundi borgarráðs 4. nóvember sl. og í skóla-og frístundaráði 9. nóvember. Á fundi skóla-og frístundaráðs var skýrslunni vísað til skóla-og frístundasviðs til nánari umfjöllunar og kynningar auk þess sem óskað var eftir umsögnum skólasamfélagsins. Skýrslan var send skólaráði til kynningar og í kjölfarið kynnt á sameiginlegum kynningarfundum þann 2. desember 2021. Var einnig komið á framfæri ósk um umsagnir.

Skólaráð Austurbæjarskóla hefur kynnt sér efni skýrslunnar og fjallað um þær sviðmyndir sem þar eru settar fram. Var hver sviðsmynd skoðuð, styrkleikar hennar og veikleikar metnir auk þeirra tækifæra og ógnana sem í þeim felast. Taldi ráðið sviðsmyndir 2 og 4 vænlegastar og setur ráðið fram eftirfarandi umsögn:

Skólaráð Austurbæjarskóla telur það spennandi kost að allir unglingar í hverfinu (úr Hlíðaskóla, Háteigsskóla og Austurbæjarskóla) safnist saman í einn safnskóla. Fram kom það sjónarmið að það væri kostur að yngri nemendur væru aðskilin frá þeim eldri. Aukinn fjöldi nemenda gæti skapað aukna fjölbreytni í námi og kennslu nemenda á unglingastigi m.a. fleiri og fjölbreyttari valgreinar. Fram kom að með sameiningu unglingadeilda skólanna þriggja þyrfti að vinna sérstaklega með félagsfærni um leið og unnið er að því að skapa og festa nýja og jákvæða skólamenningu í sessi.

Einn af kostum þess að velja sviðsmynd 2 er að mati skólaráðs sú að þar er skólalóð þegar fyrir hendi, sem reyndar þarfnast endurnýjunar. Verði sviðsmynd 4 valin þarf að huga að skólalóð Vörðuskóla og gera hana þannig úr garði að hún henti börnum. Í sviðsmynd 4 þarf að huga að aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvarstarf 5.-7. bekkja sem yrði þá væntanlega í Spennistöð. Yrði félagsmiðstöðvarstarf 5.-7. bekkja í Vörðuskóla þá væri það væntanlega öryggi fyrir suma nemendur að vera í félagsmiðstöð í skólanum en fyrir aðra kynni það að reynast ókostur. Með sameiningu unglingadeilda þarf að mati skólaráðs að huga að því hvort Spennistöðin sé nógu stór og geti þjónustað öll börn hverfisins. Fram kom að hugsanlega gæti aukinn fjöldi í unglingadeild haft áhrif á félagslíf nemenda sem nú stunda nám í Austurbæjarskóla þ.e. að færri myndu mæta í sameinaða félagsmiðstöð miðað við fjölda í skóla. Hvað varðar húsnæði Vörðuskóla þá er það mat skólaráðsfulltrúa að lokinni vettvangsferð að íþróttasalur Vörðuskóla henti betur fyrir íþróttaiðkun unglunga en íþróttasalur Austurbæjarskóla. Enn fremur er undirstrikað að húsnæði Vörðuskóla þarfnast mikilla úrbóta við. Loks telur skólaráð Austurbæjarskóla brýnt að gert verði ráð fyrir betri almenningssamgöngum til og frá Vörðuskóla; að strætóleiðum verði fjölgað og stoppistöðvar við skólann stækkaðar.

Virðingarfyllt

Skólaráð Austurbæjarskóla.

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri

Katrín Kristín Friðjónsdóttir, kennari

Guðrún Hlíðdal Gunnarsdóttir kennari

Henný Sigurjónsdóttir námsráðgjafi, fulltrúi starfsmanna

Bjarni Rúnar Einarsson fulltrúi foreldra

Sigurður Gunnarsson fulltrúi foreldra

Iðunn Gróa fulltrúi nemenda

Jörundur Orrason fulltrúi nemenda

Kristófer Nökkvi Sigurðsson forstöðumaður Draumalands fulltrúi grenndarsamfélags.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra

Borgartúni 12-14 105 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2022

Umsögn foreldrafélags Austurbæjarskóla um skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Vörðuskóla.

Í kjölfar kynningar skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla og ósk um umsögn sendi Foreldrafélag Austurbæjarskóla tölvupóst á foreldra barna við skólann og óskaði eftir viðbrögðum.

Ekki bárust mörg svör en þó kom þar fram ánægja með að samráð væri haft við foreldra um málið. Í þeim svörum sem bárust kom fram að foreldrar eru opnir fyrir því að Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir börn í 8.-10. bekk og þá jafnvel safnskóli fyrir nemendur úr öðrum skólum í hverfinu. Þannig þykir jákvætt að við þau tímamót að hefja nám á unglíngastigi fari börnin um leið yfir í nýjan skóla. Austurbæjarskóli sem hefur stóra skólalóð þykir henta betur fyrir yngri börnin í 1.-7. bekk. Þess skal þó getið að einnig kom fram það sjónarmið að Austurbæjarskóli búi yfir það miklum menningarsögulegum og sterkum sérkennum til að honum sé skipt upp.

Foreldrafélag Austurbæjarskóla framkvæmdi einnig könnun meðal foreldra þar sem leitað var eftir mati foreldra á þeim sviðsmyndum sem settar eru fram í skýrslunni. Rúmlega 100 foreldrar svöruðu könnuninn:

Af þeim foreldrum sem svöruðu leist tæpum 55% vel eða mjög vel á tillögurnar, tæpum 30% leist hvorki vel né illa á þær og rúmum 15% leist illa á þær.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að foreldrum við Austurbæjarskóla hugnast best sviðsmynd V að Vörðuskóli verði hluti af Austurbæjarskóla sem heildstæður skóli en

taki jafnframt við nemendum úr öðrum skólum eða rúm 28%. 22,5% svara því að þeim lítist best á sviðsmynd IV að Austurbæjarskóli verði safnskóli fyrir nemendur á unglingastigi frá öllum skólunum þremur.

Samantekt á svörum við könnuninni fylgir umsögninni.

Stjórn foreldrafélagsins hefur ályktað að af þeim sviðsmyndum sem kynntar eru í skýrslu starfshópsins séu sviðsmyndir IV eða V best til þess fallnar að mæta þörfum barna í hverfinu. Staðsetning Vörðuskóla við hlið Austurbæjarskóla hentar vel og þar er einnig stutt í frístundastarf fyrir alla árganga í Spennistöðinni. Austurbæjarskóli á sér langa sögu og rík hefð er fyrir skólastarfi á Skólavörðuholtinu þar sem jafnframt er stutt í Tækniskólann.

Staðsetningin á Skólavörðuholtinu býður upp á spennandi möguleika á samstarfi við margar mikilvægar og öflugar stofnanir, skólinn yrði í stuttri fjarlægð við lista- og menningarstofnanir s.s. Þjóðleikhúsið, Harpan og öll söfnin í miðbænum. Nýsköpun, tækni og vísindi eru líka í næsta nágrenni með Tækniskólanum (vonandi verður hann áfram) og fleiri stofnunum. Við sjáum fyrir okkur öflugt skólasamfélag á Skólavörðuholtinu til framtíðar.

Með safnskóla verður til aukið félagaval fyrir unglingana og hægt að sinna fjölbreyttari áhugasviðum. Nýjar raddir stækka sjóndeildarhringinn. Spennistöðin er nú þegar á svæðinu með sínu öfluga starfsfólki og húsnæði þar sem er frábær aðstaða fyrir unglingana í hverfinu.

Þess má líka geta að nú þegar sameinast þessir þrír skólar, Austurbæjar- Háteigs- og Hlíðaskóli í íþróttafélaginu Val og tengjast margir krakkar í þessum skólum innbyrðist í gegnum íþróttastarfið nú þegar. Þess má líka geta að Valsrútan gengur í milli þessara þriggja skóla í 1.- 4. bekk. En frá miðstigi eru krakkarnir í hverfinu von að labba sjálf út á Hlíðarenda.

Vissulega eru vegalengdir áskorun fyrir þá sem lengra þurfa að koma að og verður að huga vel að samgöngum til og frá skólans.

Með því að bjóða upp á skóla fyrir unglingastig í Vörðuskóla hvort heldur sem er undir merkjum Austurbæjarskóla (sem þó tekur við nemendum úr öllum skólum) eða nýjan safnskóla fyrir nemendur í 8.-10. bekk úr skólunum þremur eru líka tækifæri í að efla tengslanet barna í hverfinu og styðja við undirbúning fyrir frekari menntun í framhaldsskólum og þær áskoranir sem felast í því.

Virðingafyllst,

Stjórn Foreldrafélags Austurbæjarskóla


Könnun foreldrafélags Austurbæjarskóla um safnskóla

Helstu niðurstöður

Alls bárust 102 svör frá foreldrum í Austurbæjarskóla. Langflestir þátttakendur höfðu kynnt sér tillögur Reykjavíkurborgar um safnskóla.

Hefur þú kynnt þér tillögur Reykjavíkurborgar um safnskóla?


102 responses



Af þeim foreldrum sem svöruðu leist tæpum 55% vel eða mjög vel á tillögurnar, tæpum 30% leist hvorki vel né illa á þær og rúmum 15% leist illa á þær.

Hvernig líst þér á tillögurnar?


102 responses



Þegar spurt var um hvaða tillögu foreldrum litist best á, vildu flestir að húsnaði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við nemendum úr hinum skólunum. Tillagan sem var næst vinsælust meðal svarenda var sú að Vörðuskóli yrði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur. Tæp 12% vildu að Austurbæjarskóli unglingaskóli fyrir alla skólana en að 1-7 bekkur Austurbæjarskóla flytti í Vörðuskóla. Óvinsælustu tillögurnar voru þær að Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir Austurbæjarskóla og Háteigsskóla (tæp 6%) eða fyrir Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla (tæp 7%). Tæpum 13% fannst nokkrar tillögur koma til greina og tæpum 12% fannst allar tillögurnar slæmar.

Hvaða tillaga finnst þér best?

102 responses



- Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlí...
- Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur...
- Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hát...
- Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fy...
- Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Aust...
- Mér fannst nokkrar tillögur bestar.
- Mér finnst allar tillögurnar slæmar.


Þessar tölur endurspegluðust einnig í athugasemdum sem nokkrir foreldrar skiluðu. Í athugasemdum sem gáfu til kynna að viðkomandi litist illa á tillögurnar kom fram að foreldrum fyndist mikilvægt að börnin gætu gengið í skóla í sínu hverfi og haft aðgang að minni unglingadeild en í safnskóla. Þar komu einnig fram áhyggjur af því að börn þurfi að ferðast yfir umferðargötur eins og Snorrabraut til að komast til skóla. Sumum foreldrum fannst forsendur sameiningar skólanna óljósar og eins lýstu sumir áhyggjum af húsnæði Vörðuskóla, þar væri mögulega mygla. Sumir tóku fram að þeim þætti mikilvægt að hafa ekki aðgreiningu skólastiga enda væri skólinn samheldinn eins og hann er.

Á móti komu athugasemdir þar sem mörgum fannst mikilvægt að efla tengisnet barnanna og félagsfærni með sameinuðum unglingaskóla og einhverjir svarendur töldu safnskóla tækifæri til að efla kenntu á unglingastigi með nýjustu hugmyndafræði og þekkingu um menntun barna og ungmenna.

Eftirfarandi stöplarit sýna dreifingu svara fyrir hverja tillögu, þar sem 1 þýðir að tillagan sé mjög slæm og 5 þýðir að hún sé mjög góð. Eins og sjá má fékk tillagan um að 1-7 bekkur Austurbæjarskóla flytji í Vörðuskóla afgerandi verstar viðtökur. Sú hugmynd að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir alla skólana þrjá fékk flest jákvæð svör en álíka mörg neikvæð og frekar jafna dreifingu svara þar á milli. Svipaðar viðtökur fékk tillagan um að Austurbæjarskóli verði heildstæður og taki við unglingum úr hinum skólunum líka. Tillögurnar sem fela í sér að sameina aðeins tvo af þremur skólum fengu fæst jákvæð svör en flestir sem svöruðu völdu miðjupunktinn sem má túlka sem svo að foreldrum finnst hugmyndin hvorki góð né slæm eða að þeir taki ekki afstöðu gagnvart þeim.


Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.

102 responses




Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þyrfti húsnæði Vörðuskóla með einhverjum hætti.

102 responses




Austurbæjarskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla.

102 responses




Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingum úr hinum skólunum þremur.

102 responses



Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.

102 responses



Hér á eftir eru svör þeirra foreldra sem kusu að svara eftirfarandi spurningu úr könnuninni sem lögð var fyrir foreldra í Austurbæjarskóla:

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri við Foreldrafélag Austurbæjarskóla sem viðkemur álitsgerð þess um tillögur Reykjavíkurborgar?

1.

Mér finnst mikilvægt að skólinn haldi áfram að vera heildstæður skóli en taki við unglingum úr öðrum skólum. Hin stórkostlega Spennistöð er á lóðinni og myndi nýtast vel fyrir unglingana. Nálægð skólans við miðbæinn og þessi tvö hverfi stækkar nærumhverfi skólans og byggir upp stærra tengslanet. Eitthvað sem hefur allt skort í Austurbæjarskóla.

2.

Mjög spennandi að opna nýja unglingadeild í Vörðuskóla. Mikilvægt að þangað komi nýtt fólk í stjórn með ferska nútímalega framtíðarsýn og metnað.

3.

Vörðuskóli er gamalt hús og úr sér gengið. Þar vantar mikið upp á aðgengi og húsinu hefur ekki verið viðhaldið lengi. Ég tel að Vörðuskóli bjóði ekki upp á húsnæði sem hentar nútíma kennsluháttum og aðgengi fyrir alla. Sérþekkingu sem myndast hefur í grunnskólunum þremur yrði erfitt að flytja í nýjan safnskóla, td tel ég sérdeildir Hlíðaskóla mjög viðkvæma þjónustu sem ekki má skemma. Stórir safnskólar eru að mínu mati gamaldags hugmynd sem rímar illa við þá einstaklingsbundnu nálgun sem Aðalnámsskrá grunnskóla byggir á. Ég er ekki fylgjandi tillögum um safnskóla í hagræðingarskyni.

4.

Takk kærlega fyrir að gera þessa könnun og leggja þessa vinnu á ykkur. Mig langar líka að taka það fram að það er svo mikilvægt að þegar nýr skóli verður

gerður að ólíkar þarfir nemenda séu virtar og að nýr skóli sé hannaður skv. Hugmyndafræði um algilda hönnun og einstaklingsmiðað nám.

5.

Það er erfitt að meta þessar tillögur án þess að vita betur forsendur. Bæði varðandi stærð hinna skólanna og t.d. ástand húsnæðis hinna skólanna og líka Vörðuskóla. Ég vel kannski helst tillöguna um að Vörðuskóli verði hluti af Austurbæjarskóla því þá væri kannski minnst breyting fyrir mín börn. Það skiptir bara mestu máli að húsnæðið sé í lagi, að skipulagið sé í lagi, að kennslan og aðstaðan sé góð. Mér er alveg sama í raun hvernig skólarnir blandast bara ef það er gert vel og vel hugsað um nemendur og þeirra þarfir. Það er það sem skiptir mestu.

6.

Ég hef afleita reynslu sem nemandi úr safnskóla af þessu stigi. Þetta er óþarfa hringl með börnin okkar. Byggið við skólana þar sem þess er þörf. Ekki búa til enn eitt skólabíls- eða skutlverkefnið.

7.

Í Austurbæjarskóla eru td sundlaug og samkomusalur sem henta mun betur fyrir yngri nemendahópa, skrítið að það er ekki minnst á það sem galla á tillögu 4 en það væri mikil synd að missa þá aðstöðu fyrir yngri nemendur. Mér finnst mikilvægt að breytingar bitni ekki á yngri nemendum Austurbæjarskóla, unglingarnir eiga auðveldara með tilfærsluna.

8.

Mér finnst þessar tillögur ekki miða út frá hagsmunum barnanna. Stærri unglingadeildir geta skapað harðari og óöruggar i vettvang fyrir einstaklinga á viðkvæmum aldri. Sömuleiðis ótækt að börnum í 8.-10. bekk verði gert að ganga langar leiðir eða taka strætó til að sinna lögbundinni skólaskyldu. Það er ekki boðlegt í íslensku veðurfari.

9.

Það sem er mjög mikilvægt að skoða í þessum tillögum að ef á að færa heilu árgangana vestur yfir Snorrabraut að þá þarf að skoða alla umferðarstjórnun og skipulag. Þetta þýðir að umferð að Austurbæjarskóla/Vörðuskóla muni aukast til muna. Því þó fólk vilji lifa í þeirri trú um að fólk muni nota umhverfisvæna ferðamáta þá eru unglingar latir og foreldrar eftirlátssamir. Snorrabrautin er mjög hættuleg. Breytingar á henni síðustu ár eru að mínu mati misheppnaðar og hafa í raun gert hana enn hættulegri. Mér finnast í það heila þessar hugmyndir vanhugsaðar með tilliti til umferðar og fólkspróunnar í þessum hverfum. Háteigshverfið hefur stækkað verulega að undanfögnu þar þyrfti að stækka skóla bara í samræmi við íbúapróun. Hlíðahverfið er illa tengt fyrir gangandi vegfarendur sem myndi þýða umferðaröngþveiti úr því hverfi í miðbæinn.

10.

Hef ekkert á móti börnum / unglingum úr öðrum hverfum en þetta er of langt fyrir unglinga að fara. Mörg af börnunum yrðu keyrð í skólann og þetta eykur álag á samgöngukerfin sem eykur slyshættu á börnum sem búa næst skólanum og ganga í hann. (Það eru til margar rannsóknir og ritrýndar greinar um skipulagsmál / lýðheilsu sem fjalla um þetta.)

11.

Það verður augljóslega mjög langt að fara í skólann fyrir marga krakka og skutl í skólann mun aukast. Var ekki hugsunin á bak við þéttingu byggðar að gera það auðveldara að veita þjónustu í nærumhverfi? Ekki að sprengja hverfisskólana og beina nemendum í önnur hverfi? Hvers vegna er sá möguleiki að byggja við bæði Hlíðaskóla og Háteigsskóla eftir þörfum ekki á borðinu?

12.

Mér finnst mjög áriðandi að skólastigin séu ekki aðgreind og að hugsað sé vel um að halda þeirri heild sem gefur nemendum styrk á þessu mótunarskeiði lífsins.

Frábær könnun, auðveld og meiri líkur á að fólk svari.

13.

Ekki aðskilja Vörðuskóla og Austurbæjarskóla, það er bara overhead sem skapast af því. Ekki byggja nútímaviðbyggingar við Vörðuskóla ef það þarf að stækka hann. Frekar halda í það heildarútlit sem er yfir Austurbæjar- og Vörðuskóla.

14.

Of langt fyrir nemendur sem eru í Hlíðaskóla og Háteigsskóla að fara í Vörðuskóla.

15.

Overall in my opinion, I think the place will be the less problem for parent, I think we need to find a solution for the public transport fees, cause doesn't matter which school of the 5 options will be choosen, kids will be more far from their home, now some of them are walking, then if the school is too far, I mean any Hlidarskóli or any other, kids must take the bus, that cost 40000isk per year, now a family is paying nothing with a walking kid going to the district school , then they need to pay 40000/year/kid, that is a huge for some families, for me as well. Maybe this is not the opinion that you were looking for, but I think is something to think about. My son opinion was, 'I dont mind to move to another school facility but I want to be with my friends and schoolmates', I think for kids will be not a big difference, if they can stay together as now. Thank you and regards.

16.

Einnig mætti hugsa sér að byggja fyrir neðan Austurbæjarskóla (1-7 barna deildir) og hafa svo leiksvæðið á þakinu (privat) og jafnvel tengja það undir Barónsstíg suður og við Dómus. Annars er ég hlynntur uppbyggingu á öllum stöðunum og að einn kostur eigi ekki að útiloka annan.

17.

Síðasti kosturinn er aðeins óljós - yrði þetta val fyrir unglingana í hinum skólunum?

18.

Hafna þessum tillögum og stofna til mótmæla.

19.

Mér líst yfirhöfuð ekki vel á að börnin mín fari í Vörðuskóla þar sem þar hefur verið mygluvandamál og m.v. önnur hús (t.a.m. Fossvogsskóla) þar sem hafa verið mygluvandamál er erfitt að uppræta þau að fullu. Þessir valkostir hafa allir þá niðurstöðu að börnin mín fara í Vörðuskóla þannig þeir eru allir svipaðir 🤖

20.

Skoða húsnæði Tækniskólans sem skólahúsnæði.

21.

Ég skil ekki þörfina fyrir því að safna unglingum saman og mér finnst núverandi fyrirkomulag vera mjög gott. Þau eru lengur börn þegar þau eru áfram í skólanum sínum og það sem ég hef heyrt frá Hagaskóla finnst mér ekki vera til fyrirmyndar. Það er líka kostur fyrir krakkana að vera áfram í sínum hverfissskóla því þá er styttra að fara, sleppa við strætó eða láta foreldra skutla sér.

22.

Mig langar nu bara að segja að mér finnst stjórnin vera að vinna rosalega vel með þessar tillögur um Vörðuskóla að virkja svona foreldrahópin og gefa öllum tækifæri að segja sína skoðun! Nú er mitt yngsta barn að klára 10. bekk svo ég mun ekki svara.

En vildi koma þessu hrósi a framfæri :)

23.

Mig langar að koma því á framfæri að mér líst best á 1. eða 2. tillögu. Mér finnst mikilvægt að hafa skólaeiningarnar ekki of stórar og þess vegna hugnast mér síður að hafa alla þrjá skólana undir í Vörðuskóla.

24.

Utan frá virðist sem Vörðuskóli henti betur fyrir eldri börn og Austurbæjarskóli með sinni stóru skólalóð fyrir þau yngri.

25.

Mér hugnast alls ekki að sameina Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Til að gæta jafnræðis þá held ég að það sé best fyrir börnin að þau komi öll sem nýir nemendur í nýjan skóla í 8. bekk heldur en að börnin í Austurbæjarskóla væru að taka við nýjum börnum í skólann "sinn". Það gæti skapað ójafnvægi í nemendahópnum sem væri ekki gott.

26.

Í fyrsta kasti finnst mér leið númer fimm áhugaverð og þá leið númer tvö / mér finnst Austurbæjarskóli búa yfir alltof miklum og sterkum sérkennum, hvað þá menningarlegum, til að fara að skipta honum upp og því finnst mér leið númer fjögur alls ekki eiga að koma til greina.



Skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu

Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri frístundaskrifstofu

Reykjavík 21.2.2022

Erindi: Umsögn starfsmanna Austurbæjarskóla um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

Í maí 2021 kom út skýrsla starfshóps um framtíðarskipan skólastarfs í Vörðuskóla og nærliggjandi skólahverfi. Var skýrslan kynnt á fundi borgarráðs 4. nóvember sl. og í skóla-og frístundaráði 9. nóvember. Á fundi skóla-og frístundaráðs var skýrslunni vísað til skóla-og frístundasviðs til nánari umfjöllunar og kynningar auk þess sem óskað var eftir umsögnum skólasamfélagsins. Skýrslan var send starfsmönnum til kynningar og í kjölfarið kynnt á sameiginlegum kynningarfundum þann 2. desember 2021. Var einnig komið á framfæri ósk um umsagnir.

Starfsmenn Austurbæjarskóla hafa kynnt sér efni skýrslunnar og fjallað um tillögurnar. Unnið var í hópum, hver sviðsmynd skoðuð, styrkleikar hennar og veikleikar metnir auk þeirra tækifæra og ógnana sem í henni felast. Þegar niðurstöður lágu fyrir valdi hver hópur sterkustu sviðsmyndina/sviðsmyndirnar, rökstuddi og setti fram umsögn um þá/þær sviðsmyndir sem urðu fyrir valinu.

Ekki var samhljómur milli niðurstaðna hópanna og engin ein sviðsmynd þótti afgerandi best. Engu að síður voru ákveðin stef sem starfsmenn voru á einu máli um. Einn hópur taldi sviðsmynd 2 ákjósanlegasta en sú sviðsmynd lýtur að því að *Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur og að skóla-og frístundastarf fyrir 1.-7. bekk verði í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Stækka þyrfti húsnæði Vörðuskóla með einhverjum hætti.* Taldi sá hópur það mikinn styrk fyrir skólastarfið að unglingsdeildin yrði stærri. Það yki möguleika og tækifæri til fjölbreyttari kennsluhátta og samstarfs nemenda og kennara. Þá taldi hópurinn húsnæði Vörðuskóla geta hentað betur fyrir unglinga en húsnæði Austurbæjarskóla t.d. íþróttahús. Hópurinn taldi það ókost að byggja þyrfti við Vörðuskóla.

Tveir hópar nefndu tillögu 3 að *Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.* Annar hópurinn taldi sviðsmyndina skásta af þessum 5, hinn nefndi hana sem aðra að tveimur. Sáu hóparnir tækifæri í stærri nemendahópi og töldu að í þessari tillögu fælist minni ógnun hvað fjarlægðir varðar en ef um væri að ræða nemendur úr öllum skólunum þremur. Fram kom það sjónarmið að styttra væri fyrir nemendur í Háteigshverfi að ganga í skólann og að hverfin tvö væru sömu megin við Miklubraut. Var talið muna um færri nemendur sem þyrftu að fara á milli hverfa. Veikleikar voru taldir liggja í möguleikum á stækkun Vörðuskóla og veltu menn vöngum yfir því hvort hann myndi rúma unglingsdeildir skólanna tveggja án stækkunar. Þá nefndu menn einnig að við sameiningu yrði uppbot á skólamenningu skólanna og í því sambandi þyrfti að taka sérstakt tillit til fjölbreytts nemendahóps og ólíkra menningarheima nemenda. Fram kom að með sameiningu þessara tveggja skóla gæfist tækifæri á auknu samstarfi.

Einn hópur taldi sviðsmynd 4 besta kostinn en hún miðar að því að *Austurbæjarskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla*. Fram kom að væri sú sviðsmynd valin þyrfti ekki að byggja við. Hönnun skólans félli ákaflega vel að starfi yngri bekkja með samkomusal sem tengir kennslustofur saman. Húsnæði Vörðuskóla gefur betra tækifæri til samvinnu nemenda (miðrými/salur) og tengingar á milli barnanna yrðu margfalt betri. Þá veitir húsnæðið möguleika á að hafa góða yfirsýn yfir nemendur, betri en nú er. Fram kom að betra tóm gæfist til stuðningsþjónustu í Vörðuskóla þar sem allir fengju betra rými. Þá væri meira hægt að gera úr list-og verkgreinakennslu. Taldi hópurinn að skipting skólastiganna og flutningur í húsnæði Vörðuskóla gæti haft jákvæð áhrif á félagsfærni nemenda.

Sviðsmynd 5, að *Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingum úr hinum skólunum þremur* kom fram hjá einum hópnum sem góður valkostur. Fram kom að í tillögunni fælist tækifæri sem lúta að fjölbreytni nemendahópsins og nýrri skólamenningu. Þá yrði unnt væri bjóða upp á aukið val, aukin námstækifæri og fleiri námsúrræði við hæfi. Veikleikar tillögunnar snúa að vegalengdum í skóla fyrir börn sem nú stunda nám í Háteigs- eða Hlíðaskóla. Auk þess sem núverandi skólamenning skólanna þriggja yrði brotin upp. Ógnun fælist í því að fleiri eiga leið á skólasvæðið úr þessum tveimur aðliggjandi hverfum með tilheyrandi bílaumferð. Þá gæti heilsu nemenda og starfsfólks verið ógnað sakir myglu í skólahúsnæði Vörðuskóla.

Niðurstaða

Eins og fyrr segir er er engin ein eða tvær þessara sviðsmynda sem hljóta afgerandi góðan hljómgrunn. Þó eru tveir hópar sem nefna tillögu þrjú þá sviðsmynd sem þeir telja vænlegasta (annar hópurinn taldi sviðsmyndina skásta af þessum 5, hinn nefndi hana sem aðra að tveimur). Það sem er þó sammerkt með flestum hópum er að með sameiningu sjá menn það sem styrk fyrir skólastarfið að unglingsadeild skólanna verði stærrí. Það eykur möguleika og tækifæri til fjölbreyttari kennsluhátta og samstarfs nemenda og kennara. Hóparnir nefndu að með sameiningu fælist tækifæri í því að unnt verði að bjóða upp á aukið val, aukin námstækifæri og fleiri námsúrræði við hæfi. Þá myndi fjölbreytni nemendahópsins skapa sóknarfæri þegar kemur að því að móta nýja skólamenningu. Loks kom fram hjá einum hópi að hönnun Vörðuskóla félli ákaflega vel að starfi yngri bekkja þar sem samkomusalur tengir kennslustofur saman. Það yki möguleika á samstarfi og hefði jákvæð áhrif á félagsfærni nemenda.

Áhersla var lögð á það í nær öllum hópum að helsti veikleiki sameiningar væri fjarlægðin milli skóla auk þess sem ógnun fælist í því að fleiri eiga leið á skólasvæðið úr þessum tveimur aðliggjandi hverfum með tilheyrandi bílaumferð. Þá var einnig á það bent að heilsu nemenda og starfsfólks kynni að vera ógnað sakir myglu í skólahúsnæði Vörðuskóla.

Fh. starfsmanna Austurbæjarskóla

Kristín Jóhannsdóttir, skólastjóri.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2022

Efni: Umsögn skólaráðs Háteigsskóla um skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Samkvæmt skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla frá 2021, sem kynnt var í borgarráði 4. nóvember 2021 og í framhaldinu rædd á rafrænum fundi með skólaráði Háteigsskóla 19. nóvember 2021, kemur fram að fyrirætlun borgarinnar er að sameina unglíngastig Háteigs- og/eða Hlíðaskóla við unglíngastig Austurbæjarskóla í Vörðu- og/eða Austurbæjarskóla í náinni framtíð.

Bagalegt að ekki hafi verið hlustað á athugasemdir

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að um „nokkurra ára skeið [hafi] verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda [sé] verulega farið að þrengja að skóla- og frístundahúsnæði Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla.“ Fram kemur einnig að þétting byggðar hafi „óhjákvæmilega áhrif á innra skipulag eldri hverfa og skóla- og frístundahúsnæði [nái] ekki alltaf að mæta auknum barna- og nemendafjölda með góðu móti. Jafnframt kemur fram að „erfitt gæti reynst að byggja við Háteigsskóla“. Í þessu samhengi má vísa til þess að fjölmargar athugasemdir hafa á síðustu árum borist Reykjavíkurborg þess efnis að verið væri að þrengja um of að Háteigsskóla og möguleikum skólans til stækkunar, en þær athugasemdir og ábendingar virðast því

miður ekki hafa náð athygli fulltrúa Reykjavíkurborgar þannig að hægt hefði verið að bregðast tímanlega við og treysta nauðsynlega innviði hverfisins í samræmi við þéttingaráformin.

Óskandi væri að brugðist sé strax við bráðri rýmisþörf Háteigsskóla. Ákall um aukið húsrými við Háteigsskóla jafngildir hins vegar ekki ósk um safnskóla utan Háteigshverfis. Í því samhengi er rétt að benda á að nýleg könnun Foreldrafélags Háteigsskóla meðal foreldra og forráðamanna nemenda skólans leiðir í ljós að yfirgnæfandi meirihluti svarenda valdi sér búsetu í Háteigshverfi vegna Háteigsskóla og kýs að börn þeirra geti verið í 1.–10. bekk í sama grunnskólanum innan hverfis. Skólaráð Háteigsskóla telur ekki skynsamlegt að umbylta skólastarfi hverfisins í algjörri andstöðu við meirihlutavilja foreldrasamfélagsins.

Græna planið og umferðaröryggi

Í tengslum við framkomna skýrslu skóla- og frístundaráðs hefur verið á það bent að það sé umhverfisvænna að horfa til og nýta það húsnæði sem fyrir er í borginni í stað þess að byggja nýtt. Á mótí kemur að það getur varla talist samræmast Græna plani Reykjavíkurborgar, né heldur þjónustustefnu hennar, að staðsetja grunnþjónustuna það langt frá notendum hennar að þeir velji eða neyðist í auknum mæli til að fara á milli heimilis og skóla í einkabíl. Hér er rétt að benda á að samkvæmt fyrrnefndri könnun Foreldrafélags Háteigsskóla er ljóst að verði safnskóli utan hverfis að veruleika segist stór hluti svarenda munu skutla börnum sínum í skólann á morgnana og sækja þegar félagsmiðstöðinni er lokað á kvöldin í stað þess að börnin fari sjálf til og frá skóla/félagsmiðstöðvar gangandi eða á hjóli. Ástæðan er ekki síst sú að verði safnskóli utan hverfis að veruleika þurfa grunnskólabörn Háteigshverfis að fara mun lengri leið í grunnskólann en áður. Í sumum tilvikum lengist leiðin um 1,5 km sem þýðir að gönguleiðin verður ekki örfáar mínútur heldur 25 mínútur við bestu birtu- og veðurskilyrði. Við það bætist líka að leiðin úr Háteigshverfi í Austurbæjar- og/eða Vörðuskóla liggur yfir varhugaverðar og hættulegar götur. Aukið skutl með tilheyrandi útblæstri vinnur beinlínis gegn markmiðum og framtíðarsýn borgarinnar um sjálfbærni og kolefnishlutlaust borgarsamfélag. Í því ljósi væri sennilega í reynd umhverfisvænna að byggja við Háteigsskóla.

Ástæða til að kanna líðan nemenda út frá ólíkum skólagerðum

Í skýrslu safnskólanefndar sem unnin var fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar haustið 2009 og nefnist „Kostir og gallar þess að stofna safnskóla á unglिंगastigi í norðanverðum Grafarvoginum“ kemur fram að eðlilegt sé að allir unglिंगar „sitji við sama borð þegar komið er að unglिंगastigi og sækji sama skóla en ekki að sumir verði „aðkomunemendur“ í heildstæðum grunnskóla“. Verði safnskóla komið á í Austurbæjar- og/eða Vörðuskóla er ljóst að nemendur Háteigsskóla verða „aðkomunemendur“ samanborið við nemendur Austurbæjarskóla sem eru á heimavelli. Spyrja má hvernig það stuðli að jafnræði í unglिंगahópnum að innleiða slíkan aðstöðumun.

Í sömu skýrslu kemur einnig fram að skýrsluhöfundar hafi ekki fundið neinar „rannsóknir um mun á heildstæðum skólum (sem rúma 1.–10. bekk) annars vegar og á skólum/safnskólum hins vegar“. Í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla frá 2021 kemur fram að hÉrlendis hafi, líkt og á hinum Norðurlöndunum, skapast hefð „fyrir heildstæðum grunnskólum“ en að ekki sé „til opinber stefna Reykjavíkurborgar hvað [mismunandi skólagerðir] varðar né heldur rannsóknir sem styðja við eina skólagerð umfram aðra.“

Í ljósi þess að flestar sviðsmyndirnar sem kynntar eru í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla fela í sér heilmikið rask á högum unglिंगa hverfisins og fjölskyldum þeirra, telur skólaráð Háteigsskóla æskilegt að ekki sé farið í svo róttækar breytingar nema fyrst sé sýnt fram á það að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum, en ekki bara rekstrarlega hagkvæmara fyrir borgina. Í því samhengi væri líka kjörið að nýta Skólapulinn til að leita álits notenda, þ.e. spyrja grunnskólabörn sjálf að því hvað þeim finnst um hinar ólíku skólagerðir og hvernig reynsla þeirra hafi verið af því að skipta t.d. úr hverfisskóla í safnskóla. Slíkt væri í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um Betri borg fyrir börn. Þegar skýrsla starfshóps skóla og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla

og Vörðuskóla var kynnt á fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða í desember 2021 var ítrekað spurt um líðan og reynslu grunnskólanemenda af því að skipta úr heildstæðum hverfisskóla í safnskóla, en spurningunum var því miður ekki svarað efnislega á fundinum.

Sporin hræða þegar kemur að myglu í skólabyggingum borgarinnar

Í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla kemur fram að Vörðuskóli þarfnist „töluverðra endurbóta, m.a vegna myglu“. Í rannsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands í febrúar 2019 á níu ryksýnum, sem starfsmaður hjá Mannviti hf. tók í Vörðuskóla að beiðni verkefnastjóra hjá Ríkiseignum vegna grunns um myglu, fundust fimm mismunandi sveppahópar. Samkvæmt ástands- og kostnaðarmati vegna Vörðuskóla sem kynnt var á fundi borgarráðs í október 2020 kemur fram að verja þurfi allt að 500 milljónum króna til að standsetja húsnæðið til notkunar undir kennslu og skólastarf, en það er svipuð upphæð og varið var til endurbóta á Fossvogsskóla án árangurs. Hvaða tryggingu hafa nemendur, forráðamenn þeirra og starfsfólk skólans fyrir því að hægt verði að uppræta myglu í Vörðuskóla og að heilsu skólabarna og starfsmanna sé ekki teflt í hættu með heilsuspillandi húsnæði? Borgaryfirvöld hljóta að vera sér meðvituð um að sporin hræða. Eins má spyrja hvort skólabygging sem hönnuð var og byggð fyrir rúmum sjötíu árum þjóni best nútíma kennsluháttum og skólastarfinu eins og það er skipulagt og útfært í dag. Einnig má velta upp þeirri spurningu hvort Vörðuskóli uppfylli staðla um aðgengi fatlaðra.

Lokaorð

Skólaráð Háteigsskóla telur það ótvíræðan kost að nemendur geti starfað eftir sömu hugmyndafræðinni og sömu kennsluaðferðum allan grunnskólann. Það að hafa nemendur innan sama heildstæða hverfisskóla auðveldar starfsfólki að fylgja þeim eftir sem einstaklingum og tryggja þeim samfelldan stuðning og þjónustu við hæfi. Það er ekkert launungarmál að skólabragurinn í Háteigsskóla er algjörlega einstakur sem helst í hendur við það faglega, metnaðarfulla og góða starf sem þar er unnið. Það er ljóst að

fólki á öllum aldri líður vel í Háteigsskóla. Það er afar dýrmætt og alls ekki sjálfgefið. Vellíðan og öryggi eru mikilvægar forsendur þess að börn geti sinnt námi sínu með góðum hætti.

Skólaráð Háteigsskóla telur ekki skynsamlegt að umbylta skólastarfi hverfisins í algjörrri andstöðu við meirihlutavilja foreldrasamfélagsins. Vandséð er líka hvernig það samræmist stefnu Reykjavíkurborgar um sjálfbær hverfi, bíllausan lífsstíl og nærþjónustu í göngufæri að senda unglinga Háteigshverfis út úr hverfinu til að sækja sér grunnmenntun. Í ljósi þeirrar miklu óvissu sem ríkir um það hvort Vörðuskóli geti yfirhöfuð þjónað sem heilsusamleg skólabygging er spurning hvort ekki eigi að leggja þá hugmynd alfarið á hilluna. Skólaráð Háteigsskóla hvetur þess í stað til þess að hugað verði sem fyrst að úrbótum vegna rýmisþarfar Háteigsskóla í kjölfar verulegs þéttingar byggðar innan hverfisins.

Virðingafyllst,

Fyrir hönd skólaráðs Háteigsskóla

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reykjavík 30. janúar 2022

Efni: Umsögn foreldrafélags Háteigsskóla um skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Samkvæmt skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla frá 2021 (sem kynnt var í borgarráði 4. nóvember 2021, í framhaldinu á rafrænum fundi með skólasamfélaginu 2. desember 2021 og á fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 14. desember 2021), virðist ljóst að fyrirætlun borgarinnar er að sameina unglíngastig Háteigs- og/eða Hlíðaskóla við unglíngastig Austurbæjarskóla í Vörðu- og/eða Austurbæjarskóla í náinni framtíð.

Í Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar er kveðið á um notendamiðaða hönnun og áhersla lögð á nærþjónustu. „Notendamiðuð hönnun felst í því að þjónustu skal hanna og skipuleggja út frá þörfum og sjónarhorni notenda hennar“ meðan „Nærþjónusta felst í því að þjónustu skal veita eins nálægt notendum hennar og kostur er á.“

Þau sjónarmið hafa heyrst hvernig það geti samrýmt þjónustustefnu Reykjavíkurborgar að búið sé að festa niður þær sviðsmyndir sem til greina koma og kaupa húsnæðið undir starfseminna (Vörðuskóla) áður en samtal og samráð hefst við notendur þjónustunnar, þ.e. börn hverfanna, foreldra þeirra og forráðamenn.

Könnun meðal foreldra og forráðamanna nemenda Háteigsskóla

Skýrsla skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla var kynnt foreldrum og forráðamönnum nemenda Háteigsskóla á netinu. Stjórn Foreldrafélags Háteigsskóla hugðist í framhaldinu halda opinn fund í janúar 2022 með foreldrum og forráðamönnum til að heyra afstöðu þeirra til tillagnanna sem birtast í skýrslunni. Samkomutakmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins komu hins vegar í veg fyrir slíkan fund í raunheimum. Í stað þess stóð félagið fyrir rafrænni könnun meðal foreldra og forráðamanna til að kanna hug þeirra til tillagnanna sem birtast í skýrslunni. Könnunin var send foreldrum og forráðamönnum nemenda Háteigsskóla í tölvupósti þriðjudaginn 18. janúar 2022 og var sama dag gerð aðgengileg á Facebook-síðu sem aðeins foreldrar og forráðamenn nemenda við Háteigsskóla hafa aðgang að. Hægt var að svara könnuninni dagana 18.–24. janúar 2022.

Alls bárust 142 svör frá foreldrum og forráðamönnum í könnun foreldrafélagsins.

Niðurstöður könnunarinnar eru sem hér segir (og má einnig sjá myndrænt í sér viðhengi sem sent er með þessu bréfi):

1. Foreldrar og forráðamenn voru fyrst spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér umrædda skýrslu skóla- og frístundasviðs og svöruðu 90,8% því játandi og 9,2% neitandi.

2. Því næst var spurt í hvaða bekk börn svarenda eru.

36,6% svarenda eiga börn á miðstigi (5.-7. bekk), 28,9% svarenda eiga börn á yngsta stigi (1.-4. bekk), 10,6% svarenda eiga börn á yngsta og miðstigi, 9,9% svarenda eiga börn á mið- og efsta stigi, 9,2% svarenda eiga börn á efsta stigi (8.-10. bekk), 3,5% svarenda eiga börn á yngsta og efsta stigi og 1,4% svarenda eiga börn á öllum þremur skólastigum.

3. Spurt var um afstöðu foreldra/forráðamanna til ólíkra skólagerða.

83,8% svarenda segja að þau vilji að barn þeirra geti verið í 1.-10. bekk í sama grunnskólanum innan hverfis meðan 16,2% svarenda segjast vilja að barn þeirra útskrifist úr hverfisskólanum eftir 7. bekk og sækji nám í 8.-10. bekk í safnskóla.

4. Spurt var hversu mikil áhrif skóli hverfisins, þ.e. Háteigsskóli, hafi haft á ákvörðun svarenda og fjölskyldna þeirra að setjast að í Háteigshverfi.

76% svarenda segja að Háteigsskóli hafi haft mikil eða mjög mikil áhrif meðan 12% svarenda segja að Háteigsskóli hafi haft lítil eða mjög lítil áhrif og 12% voru hlutlausir. Kvarðinn var á skalanum 1 (mjög lítil) til 5 (mjög mikil).

5. Svarendur voru því næst beðnir að leggja mat á þær fimm tillögur sem kynntar eru í fyrrnefndri skýrslu og gátu þar valið þá tillögu sem þeim hugnaðist best auk þess sem hægt var að merkja við að viðkomandi litist á fleiri en eina tillögu og einnig að viðkomandi hugnaðist engin tillagnanna.

47,9% svarenda líst best á tillögu I. sem felur í sér að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf. 5,6% svarenda líst best á tillögu II. sem felur í sér að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þyrfti húsnæði Vörðuskóla með einhverjum hætti.

1,4% svarenda líst best á tillögu III. sem felur í sér að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf. 4,2% svarenda líst best á tillögu IV. sem felur í sér að Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.–7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla.

4,2% svarenda líst best á tillögu V. sem felur í sér að húsnæði Vörðuskóla verði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingum úr hinum skólunum þremur.

10,6% svarenda líst á fleiri en eina tillögu.

26,1% hugnast engin ofangreindra tillagna.

6. Þegar spurt var nánar út í einstakar tillögur á kvarðanum 1 (líst mjög illa á) til 5 (líst mjög vel á) má sjá að 58,4% svarenda líst vel eða mjög vel á tillögu I. (sem felur í sér að byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf) meðan 21,9% líst illa eða mjög illa á tillöguna og 19,7% eru hlutlaus.

70,4% svarenda líst illa eða mjög illa á tillögu II. meðan 18,4% líst vel eða mjög vel á tillöguna og 11,3% eru hlutlaus.

76,8% svarenda líst illa eða mjög illa á tillögu III. meðan 7% líst vel eða mjög vel á tillöguna og 16,2% eru hlutlaus.

67,6% líst illa eða mjög illa á tillögu IV. meðan 12% líst vel eða mjög vel á tillöguna og 20,4% eru hlutlaus.

71,1% líst illa eða mjög illa á tillögu V. meðan 10,5% líst vel eða mjög vel á tillöguna og 18,3% eru hlutlaus.

7. Næst var spurt hvernig foreldrar/forráðamenn teldu að unglingur viðkomandi myndi komast í skóla á morgnana (kl. 08.30) og heim eftir að félagsmiðstöðinni hefur verið lokað á kvöldin (kl. 22).

35,2% svarenda segja að unglingurinn myndi fara fótgangandi í skólann á morgnana, 29,6% segja að unglingurinn yrði keyrður, 16,2% að unglingurinn myndi fara hjólandi, 14,1% segjast ekki gera svarað spurningunni að svo stöddu og 4,9% segja að unglingurinn myndi taka strætó.

41,5% svarenda segja að unglingurinn yrði sóttur á bíl eftir að félagsmiðstöðinni hefur verið lokað á kvöldin, 29,6% segja að unglingurinn myndi fara fótgangandi, 12,7% segjast ekki geta svarað spurningunni að svo stöddu, 12% að unglingurinn færi hjólandi og 4,2 að unglingurinn myndi taka strætó.

8. Spurt var hver afstaða svarenda væri til staðsetningar mögulegs safnsskóla.

82,4% svarenda segja að þeim finnist að safnskóli eigi að vera innan hverfis, þ.e. í Hlíðunum, en 17,6% svarenda segja að þeim lítist vel á að safnskólinn sé staðsettur utan hverfis í Vörðuskóla eða Austurbæjarskóla.

9. Spurt var hvernig svarendum litist á þá hugmynd að húsnæði gamla Kennaraháskólans við Stakkahlíð yrði notað sem húsnæði fyrir safnskóla í Hlíðunum.

78,9% svarenda líst vel eða mjög vel á þá hugmynd meðan 6,3% líst illa eða mjög illa á hugmyndina og 14,8% eru hlutlaus. Kvarðinn var á skalanum 1 (mjög illa) til 5 (mjög vel).

9. Lokaspurning könnunarinnar var opin spurning sem valkvætt var að svara og hljóðaði svo: „Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri við Foreldrafélag Háteigsskóla sem viðkemur

framkomnar hugmyndir um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs?“ Í viðauka hér aftast í bréfinu má sjá öll 45 svörin sem bárust við lokaspurningunni.

Áhyggjur af umferðaröryggi nemenda

Verði safnskóli á unglíngastigi í Vörðuskóla og/eða Austurbæjarskóla fyrir nemendur sem nú tilheyra Háteigsskóla að veruleika er ljóst að grunnskólabörn í Háteigshverfi munu þurfa að fara mun lengri leið í grunnskólann en áður. Í sumum tilvikum lengist leiðin í skóla úr nokkrum mínútum í um 25-30 mínútna göngu. Spyrja má hvernig safnskóli utan hverfis samræmist hugmyndinni um nærþjónustu og hvort eðlilegt geti talist að senda eigi grunnskólabörn út úr hverfum sínum til að sækja sér grunnmenntun.

Þá er það einnig umhugsunarefni hvort og hvernig safnskóli utan hverfis samræmist Græna plani Reykjavíkurborgar sem byggir „á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag“.

Eins og sjá má af ofangreindum svörum foreldra og forráðamanna nemenda við Háteigsskóla er ljóst að stór hluti þeirra mun skutla börnum sínum í skóla á morgnana og sækja þau þegar félagsmiðstöðinni er lokað á kvöldin kl. 22, en benda má á að stærstan hluta skólaársins (frá 1. september til 1. maí) lýkur útivistartíma 13–16 ára barna kl. 22. Verði fyrirhugaður safnskóli að veruleika munu unglíngar úr Hlíðunum þurfa að sækja félagsmiðstöð við Vörðuskóla/ Austurbæjarskóla og þá má spyrja sig hvernig það stuðli að jafnræði í unglíngahópnum að ætla unglíngum úr Háteigshverfi að ganga margfalt lengri leið heim sín og milli hverfa (allt að 2 km sem tekur allt að 30 mínútur) eftir að útivistartíma lýkur?

Fram hefur komið að foreldrum og forráðamönnum hugnist illa að láta börn sín ganga í öllum veðrum margfalt lengri leið í skólann þar sem leiðin liggur yfir ýmsar varhugaverðar og jafnvel hættulegar götur, svo sem Snorrabraut.

Á fyrrnefndum fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða í desember 2021 kom fram í máli tveggja skýrsluhöfundu að til skoðunar væri að bjóða upp á skólaakstur frá Háteigshverfi að Austurbæjarskóla/Vörðuskóla verði safnskóli þar að veruleika. Sú tillaga staðfestir svart á

hvítu að unglíngum Háteigshverfis er samkvæmt skýrslunni ætlað að fara alltof langa og hættulega leið í mögulegan safnskóla í Austurbæjarskóla/Vörðuskóla. Spyrja má hvort það sé góð ráðstöfun á almannafé að nota það í skólaakstur milli hverfa borgarinnar í þess að nota fjármagnið til að hlúa að hverfisskólunum svo þeir geti þjónað hlutverki sínu sem best. Eins mætti velta upp þeirri spurningu hvort borgaryfirvöld geri ráð fyrir gæslu nemenda í skólaaksturbílunum eða eiga nemendurnir kannski að vera eftirlitslausir með tilheyrandi hættu á að erfið samskipti fái að þróast óáreitt?

Slæmt að ekki hafi verið hlustað á athugasemdir

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að um „nokkurra ára skeið [hafi] verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda [sé] verulega farið að þrengja að skóla- og frístundahúsnæði Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla.“ Fram kemur einnig að þétting byggðar hafi „óhjákvæmilega áhrif á innra skipulag eldri hverfa og skóla- og frístundahúsnæði [ná] ekki alltaf að mæta auknum barna- og nemendafjölda með góðu móti. Jafnframt kemur fram að „erfitt gæti reynst að byggja við Háteigsskóla“.

Í þessu samhengi má vísa til þess að fjölmargar athugasemdir hafa á umliðnum árum borist Reykjavíkurborg þess efnis að verið væri að þrengja um of að Háteigsskóla og möguleikum skólans til stækkunar, en þær athugasemdir og ábendingar virðast því miður ekki hafa náð athygli fulltrúa Reykjavíkurborgar þannig að hægt hefði verið að bregðast tímanlega við og treysta nauðsynlega innviði hverfisins í samræmi við þéttingaráformin.

Sem dæmi má nefna að í athugasemdum við breytt deiliskipulag á Kennaraháskólareitnum sem Ásgeir Beinteinsson, þáverandi skólastjóri Háteigsskóla, sendi umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK) vorið 2016 segir m.a.: „Breytingar á deiliskipulagi koma til með að rýra möguleika á stækkun lóðarinnar. Umhverfis- og skipulagssviði hlýtur að vera ljóst hve mikið er nú byggt í hverfinu og hvað stendur til. Öll áform um þéttingu byggðar á þessu svæði verða að taka tillit til þess að stækka þurfi skólann á næstu árum.“ Og í athugasemdum Íbúasamtaka 3. hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýrar, til USK frá vorinu 2016 segir m.a.: „Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að aðeins sé verið að vinna deiliskipulag á hluta svæðisins, þegar lengi hefur legið fyrir að vinna þarf skipulag til að

stækka Háteigsskóla. [...] Nauðsynlegt er í svona finni skipulagsvinnu að skoða svæðið heildstætt og gera ráð fyrir þörfum þeirra grunnskólanemenda sem nú þegar búa í hverfinu jafnt og þeirra sem áætlað er að bætist við í nýju skipulagi.“

Það væri óskandi að borgin hefði hlustað á þessar gagnlegu athugasemdir og brugðist við í tíma þannig að nauðsynlegir stækkunarmöguleikar Háteigsskóla væru sem best tryggðir, ekki síst í ljósi þeirra þéttingaáforma sem þá þegar var stefnt að.

Á það hefur verið bent að það geti varla talist sanngjarnt að unglingar Háteigshverfis þurfi að greiða fyrir þéttingu byggðar innan hverfisins með því að sækja sér grunnmenntun út fyrir eigið hverfi í stað þess að geta sótt hana í heildstæðum hverfisskóla sem er þungamiðja hverfisins í félagslegum samskiptum.

Ástæða til að kanna líðan nemenda

Í skýrslu safnaskólanefndar sem unnin var fyrir menntasvið Reykjavíkurborg haustið 2009 og nefnist „Kostir og galla þess að stofna safnaskóla á unglingastigi í norðanverðum Grafarvoginum“ kemur fram að eðlilegt sé að allir unglingar „sitji við sama borð þegar komið er að unglingastigi og sækji sama skóla en ekki að sumir verði „aðkomunemendur“ í heildstæðum grunnskóla“. Verði safnaskóla komið á í Vörðuskóla/Austurbæjarskóla er ljóst að nemendur Háteigsskóla verða „aðkomunemendur“ samanborið við nemendur Austurbæjarskóla sem eru á heimavelli. Hvernig stuðlar það að jafnræði í unglingahópnum að innleiða slíkan aðstöðumun?

Í sömu skýrslu kemur einnig fram að skýrsluhöfundar hafi ekki fundið neinar „rannsóknir um mun á heildstæðum skólum (sem rúma 1.–10. bekk) annars vegar og á aðskólum/safnskólum hins vegar“.

Í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla frá 2021 kemur fram að héraendis hafi líkt og á hinum Norðurlöndunum skapast hefð „fyrir heildstæðum grunnskólum“ en að ekki sé „til opinber stefna Reykjavíkurborgar hvað [mismunandi skólagerðir] varðar né heldur

rannsóknir sem styðja við eina skólagerð umfram aðra.“ Væri ekki eðlilegt að borgin léti framkvæma slíka rannsókn áður en hún tekur ákvörðun um að stofna nýjan safnskóla í krafti þess að það sé hagkvæmasta lausnin fyrir borgina?

Væri ekki líka kjörið að nýta Skólapúlsinn til að leita álits notenda, þ.e. spyrja grunnskólabörnin sjálf að því hvað þeim finnst um hinar ólíku skólagerðir og hvernig reynsla þeirra hafi verið af því að skipta t.d. úr hverfisskóla í safnskóla? Þegar skýrsla starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla var kynnt á fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða í desember 2021 var ítrekað spurt um líðan og reynslu grunnskólanemenda af því að skipta úr heildstæðum hverfisskóla í safnskóla, en spurningunum var því miður ekki svarað efnislega á fundinum.

Raunar var það áberandi á kynningarfundunum tveimur (þ.e. á rafræna fundinum með skólasamfélaginu 2. desember 2021 og á fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 14. desember 2021) að alltof lítil tími gafst fyrir spurningar og þeim spurningum sem þó tókst að koma að var ekki svarað efnislega á fundunum. Á það var meðal annars bent að óeðlilegt væri að leita aðeins viðbragða hjá foreldrafélögum og skólaráðum umræddra skóla þar sem framtíðarskipulag skólamála skiptir foreldra og forráðamenn leikskólabarna Háteigshverfis mjög miklu máli og raunar alla íbúa hverfisins, enda getur sú nærþjónusta sem í boði er eða ekki er í boði haft áhrif á þróun fasteignaverðs.

Sporin hræða þegar kemur að myglu í skólabyggingum borgarinnar

Í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla kemur fram að Vörðuskóli þarfnist „töluverðra endurbóta, m.a vegna myglu“. Samkvæmt ástands- og kostnaðarmati vegna Vörðuskóla sem kynnt var á fundi borgarráðs í október 2020 kemur fram að verja þurfi allt að 500 milljónum króna til að standsetja húsnæðið til notkunar undir kennslu og skólastarf, en það er álíka upphæð og varið var til endurbóta á Fossvogsskóla án árangurs. Hvaða tryggingu hafa nemendur og forráðamenn þeirra fyrir því að hægt verði að uppræta myglu í Vörðuskóla

og að heilsu skólabarna sé ekki teft í hættu með heilsuspillandi húsnæði? Borgaryfirvöld hljóta að vera sér meðvituð um að sporin hræða.

Eins mætti spyrja sig hvort skólabygging sem hönnuð var og byggð fyrir meira en sjötíu árum þjóni best nútíma kennsluháttum og skólastarfinu eins og það er skipulagt og útfært í dag. Einnig má spyrja hvort Vörðuskóli uppfylli staðla um aðgengi fatlaðra.

Í skýrslu starfshóps Vörðuskóla kemur fram að sú sviðsmynd að húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð (áður húsnæði Kennaraháskóla Íslands) verði nýtt undir grunnskólastarf í hverfunum þremur hafi verið útilokuð. Hvers vegna? Í kynningu á skýrslunni á fyrrnefndum fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða kom raunar fram að nefndinni hefði verið falið að horfa einvörðungu til Vörðuskóla sem húsnæðis og ekki að skoða aðra möguleika. Ber að skilja það sem svo að fyrst hafi húsnæðið verið valið og síðan horft til þess hvernig ætti að nýta það? Er það ekki að byrja á öfugum enda?

Hér má einnig spyrja sig hvort það sé skynsamleg nálgun að horfa svo þröngt á hlutina í stað þess að leita bestu lausnanna með opinn hug. Sem dæmi má nefna að meðal þeirra ábendinga sem fram komu í fyrrnefndri könnun Foreldrafélags Háteigsskóla meðal foreldra og forráðamanna nemenda Háteigsskóla var að það væri öfugsnið að borgin ætli að senda unglinga Háteigshverfis langa leið út úr hverfinu til að sækja sér grunnmenntun á sama tíma og stór hluti þeirra hátt í 300 nemenda sem sækja Ísaksskóla er keyrður til skólans og sóttur á bíl á hverjum degi með tilheyrandi umferð innan hverfis á sama tíma og börn Háteigshverfis eru fótgangandi á leið til og frá skóla. Bent hefur verið á að nær væri að húsnæði Ísaksskóla, sem mun vera í eigu Framkvæmda- og eignasjóðs Reykjavíkurborg, yrði hluti Háteigsskóla og þjónaði þannig nemendum Háteigshverfis sem gætu þá áfram sótt hverfisskóla sinn fótgangandi á sama tíma og slík ráðstöfun myndi draga verulega úr umferð innan hverfisins.

Stór hluti foreldra og forráðamanna velur sér búsetu í borginni með tilliti til skólamála. Af ofangreindum svörum foreldra og forráðamanna nemenda við Háteigsskóla í könnun Foreldrafélagsins má sjá að 76% svarenda sögðu að Háteigsskóli hafi haft mikil eða mjög mikil áhrif á þá ákvörðun svarenda að setjast að í Háteigshverfi. Á fyrrnefndum fundi Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða kom fram í máli tveggja skýrsluhöfunda að gera mætti ráð fyrir að nýi

safnskólinn gæti tekið til starfa í Vörðuskóla/Austurbæjarskóla þegar haustið 2024. Verði það niðurstaðan að unglingar Háteigshverfis verði frá og með þeim tíma sendir í safnskóla í Vörðuskóla/Austurbæjarskóla má leiða líkum að því að verulegur hluti íbúa Háteigshverfis líti á það sem forsendubrest fyrir vali sínu á búsetu í hverfinu, en eins og borgaryfirvöld hljóta að gera sér grein fyrir er hægara sagt en gert að rífa sig upp með rótum og flytja í annað hverfi.

Lokaorð

Í ljósi alls framansagðs og með vísan í fyrrgreinda könnun meðal foreldra og forráðamanna nemenda við Háteigsskóla skorar stjórn Foreldrafélags Háteigsskóla á borgaryfirvöld að standa við fyrri fyrirheit um uppbyggingu og stækkun Háteigsskóla þannig að skólinn geti hér eftir sem hingað til þjónað því hlutverki sínu að vera heildstæður hverfisskóli og þar með þungamiðja hverfisins í félagslegum samskiptum. Slík ráðstöfun myndi einnig styðja best við stefnu Reykjavíkurborgar um græna borg, bíllausan lífsstíl, sjálfbær hverfi og að þjónustan sé veitt eins nálægt notendum hennar og kostur er, helst í góðu göngufæri.

Við teljum það ótvíræðan kost að nemendur geti starfað eftir sömu hugmyndafræðinni og sömu kennsluaðferðum allan grunnskólann. Það að hafa nemendur innan sama heildstæða hverfisskóla auðveldar starfsfólki að fylgja þeim eftir sem einstaklingum og tryggja þeim samfelldan stuðning og þjónustu við hæfi. Sú hætta er alltaf fyrir hendi við flutning milli skóla að vinnan sem unnin hefur verið með ákveðnum einstaklingum og hópum rofni, auk þess sem mikill tími getur farið í að endurtaka greiningu á stöðu nemenda og finna leiðir sem henta best.

Það er ekkert launungarmál að skólabragurinn í Háteigsskóla er algjörlega einstakur sem helst í hendur við það faglega, metnaðarfulla og góða starf sem þar er unnið. Hvort heldur horft er til kannana á líðan nemenda eða starfsfólks er ljóst að fólki á öllum aldri líður vel í Háteigsskóla. Það er afar dýrmætt og alls ekki sjálfgefið. Vellíðan og öryggi eru mikilvægar forsendur þess að börn geti sinnt námi sínu með góðum hætti. Af framangreindri könnun á afstöðu foreldra og forráðamanna er ljóst að mikil ánægja er með Háteigsskóla og því vel skiljanlegt að foreldrum og forráðamönnum hugnist illa sú tilhugsun að börn þeirra fái ekki að njóta þess frábæra starfs sem þar er unnið nema hluta grunnskólans.

Ef sú mikla þétting sem fyrirhuguð er í Háteigshverfi reynist Háteigsskóla um megn og ógerningur reynist að stækka við skólann þannig að óhjákvæmilegt verði að kljúfa unglíngastigið frá Háteigsskóla teljum við eðlilegt að fyrirhugaður safnskóli haldist innan hverfis og að horft verði til fyrrnefnds húsnæðis gamla Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð sem losnar senn þegar Menntavísindasvið Háskóla Íslands flytur starfsemi sína á Hótel Sögu. Rétt er að minna á að ekkert ætti heldur að vera því til fyrirstöðu að Háteigsskóli sé hýstur í fleiri en einni byggingu, ef núverandi skólabygging við Háteigsveg getur ekki rúmað þann nemendafjölda sem gera má ráð fyrir í hverfinu á næstu árum.

Sé þess óskað eru fulltrúar úr stjórn Foreldrafélags Háteigsskóla tilbúnir að mæta á fund með starfsmönnum skóla- og frístundasviðs til að gera betur grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma hér í bréfinu.

Virðingarfyllt,
stjórn Foreldrafélags Háteigsskóla

Viðauki

Lokaspurning framangreindrar könnunar sem stjórn Foreldrafélags Háteigsskóla stóð fyrir meðal foreldra og forráðamanna 18.–24. janúar 2022 var opin spurning sem valkvætt var að svara og hljóðaði svo:

„Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri við Foreldrafélag Háteigsskóla sem viðkemur framkomnar hugmyndir um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs?“

Hér eru öll 45 svörin sem bárust frá foreldrum og forráðamönnum við lokaspurningunni:

1. Hef haft barn í safnskóla og það var ekki góð reynsla.

2. Núverandi húsnæði Ísaksskóla við Bólstaðarhlíð 20 er í eigu Framkvæmda- og eignasjóðs Reykjavíkurborgar. Gengið var frá kaupsamningi 29. ágúst 2011. Var slíkt gert vegna bágrar fjárhagsstöðu Sjálfseignarstofnunar Ísaks Jónssonar. Gera má ráð fyrir að jafnaði séu á milli 250-300 nemendur við nám í skólanum í 5 árgöngum. Lang stærstur hluti þessa nemenda er keyrður til skólans og sóttur á bíl á hverjum degi. Þetta veldur gríðarlega mikilli umferð á hverjum degi í Háteigshverfinu, sérstaklega er umferð á morgnanna mikil sem óhætt er að segja að íbúum hverfisins stafi hætta af. Ekki síst nemendum Háteigsskóla sem eru á sama tíma á leið til síns skóla fótgangandi. Það er auðvitað ansi öfugsnúið að börnum Háteigshverfisins skuli stafa hætta af umferð innan hverfisins sem er tilkomin vegna þess að verið er að keyra börn úr öðrum hverfum borgarinnar og sveitarfélögum til skóla sem staðsettur er innan hverfisins. Nær væri að borgin tæki þetta húsnæði í notkun í þágu barna í hverfinu. Með slíkum hætti væri hægt að draga úr umferð innan hverfisins og auka með því öryggi fótgangandi vegfarenda. Auk þess þyrfti ekki að byggja við Háteigsskóla, þar sem hægt væri að nýta húsnæði Ísaksskóla fyrir nemendur í 1.-4. bekk í hverfinu. Börn sem nú sækja Ísaksskóla myndu þá ganga í sína hverfis-skóla. Þetta gæti þá verið tillaga nr. 6.

3. Ég hef áhyggjur af því að húsnæðið Vörðuskóli henti ekki sem safnskóli.

4. Mín skoðun er að safnskóli fyrir unglिंगadeild sé almennt vond hugmynd og afleitt að flytja unglिंगana í lélegt húsnaði sem Tækniskólinn flúði úr. Ef nauðsynlegt er að hafa safnskóla þarf hann að sjálfsgöðu að vera innan hverfis

5. Helst myndi ég kjósa að barnið mitt gæti verið í Háteigsskóla frá 1. upp í 10. bekk. Ef óhjákvæmilegt er að koma upp safnskóla fyrir nemendur í Hlíðunum fyndist mér rökréttast að sameina unglिंगastig Háteigsskóla og Hlíðaskóla í húsnaði gamla Kennaraháskólans við Stakkahlíð, enda fráleitt að senda grunnskólabörn út úr hverfinu sínu til að sækja sér grunnmenntun.

6. Ég leitaði lengi að húsnaði nálægt Háteigsskóla með það plan að bæði börnin mín myndu sækja hann öll 10 árin. Í því plani er einnig að losna við bílinn eftir að yngra barnið hættir á leikskóla og fer í Háteigsskóla.

7. Er á móti safnskóla. Byggja á við Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Vörðuskóli verði nýttur fyrir eldri bekki Austurbæjarskóla.

8. Væri áhugavert að vita af hverju Kennó var sleginn strax út af borðinu í ljósi þess að það húsnaði losnar fljótlega.

9. Mér finnst að það mætti skoða það að nýta húsnaði Kennaraháskólans fyrir unglिंगadeild fyrir Háteigsskóla. Ég er ekki hrifin að hugmyndinni um safnskóla yfir höfuð.

10. Ef neyða á nemendur til að sækja skóla í öðru hverfi er lágmark að boðið sé upp á skólaakstur. Strætókort fyrir ungmenni hækkaði nýverið um 60% og er alveg stór biti fyrir efnaminni. Stór safnskóli hentar verr börnum með ADHD og skyldar raskanir. Vörðuskóli er gamall og úr sér genginn, hentar illa fyrir nútímann.

11. Þar sem Háteigsskóli verður þéttsetnastur í framtíðinni samkvæmt útreikningum er illskást að halda honum sér. Hins vegar er staðsetning safnskóla við Vörðuskóla/Austurbæjarskóla vond fyrir nemendur úr Hlíða- og Háteigsskóla. Engin af þessum fimm sviðsmyndin er sérlega góð.

12. Margar útfærslur koma til greina en heilt yfir getur verið jákvætt, sérstaklega hvað varðar fjölbreytt námsframboð að fara í safnskóla. Ég var sjálf í Hagaskóla svo ég þekki það af reynslu. Það er líka góður undirbúningur fyrir framhaldsskóla en huga þarf að þörfum þeirra sem standa illa félagslega eða námslega þar sem þeir tynast frekar eftir því sem skólarnir og árgangarnir stækka.

13. Mér hugnast mun betur að húsnæðið í Stakkahlíð yrði safnskóli fyrir unglinga úr Háteigsskóla og Hlíðaskóla en Vörðuskóli sem er utan hverfis. Einnig hugnast mér mun betur að það yrði byggt við Háteigsskóla og hann áfram sérskóli fyrir Háteigshverfið en að sameina alla þrjá skólana í risaskóla.

14. Ég tel rétt að hver skóli hýsi sína eigin unglingadeild. Það þarf því að byggja við Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Húsnæði Vörðuskóla yrði nýtt fyrir Austurbæjarskóla.

15. Þar sem Menntavísindasvið er á förum úr Stakkahlíð ætti hiklaust að skoða betur þá hugmynd að safnskóli yrði staðsettur þar eða ef safnskóli færi í Vörðuskóla (fyrir Austó og Hlíðó t.d.) að skoða hvort húsnæðið í Stakkahlíð gæti hentað fyrir Háteigsskóla 1.-10. bekk. Eins væri gott að fá skýringu á því af hverju það húsnæði var ekki skoðað og tekið með í SVÓT greiningu. Ég hef áhyggjur af ástandi húsnæðis Vörðuskóla vegna myglu og aldurs sem og staðsetningu, aðallega út frá krökkum í Hlíðaskóla og eins út frá almenningssamgöngum.

16. Ég veit ekki hvort það komi nógu vel fram í svörum mínum að ég er ekki mótfallin hugmyndinni að barnið mitt færi í safnskóla á unglingastigi, hvar sem hann væri. En það væri heppilegra ef safnskólinn væri innan hverfisins. Mér líst einstaklega vel á hugmyndina um safnskóla í Kennaraháskólanum við Stakkahlíð.

17. Líst illa á hugmynd um safnskóla. Einelti og stríðni á auðveldara með að fela sig í fjöldanum. Við höfum haft mjög slæma reynslu úr fótbolta í val þar sem krakkar úr þessum þrem skólum hafa verið hrúgað saman, mikið um stríðni, einelti og aðra eittraða hegðun.

18. Lóðin við Háteigsskóla mjög lítil og Háteigsskóli þarf að eignast íþróttahúsið.

19. Líst illa á safnskóla. Það eiga að vera unglingadeildir í hverjum skóla fyrir sig, í hverju hverfi fyrir sig. Háteigsskóli til dæmis þá í húsnæði Kennaraháskólans, eða byggja nýtt húsnæði við. Austurbæjarskóli þá með Vörðuskóla og Hlíðaskóli að byggja við eða annað VIÐ Hlíðaskóla. Er MJÖG mótfallin safnskólum. Nei takk!!!

20. Þessar hugmyndir eru afleitar og of seint í rassinn gripið vegna fjölgunar barna og unglunga. Það þarf að hætta þéttingu byggðar í hverfi 105 þar sem innviðirnir ráða ekki við meira af fólki eða börnum.

21. Það mætti skoða að taka Ísaksskóla undir skóla fyrir börn innan hverfisins. Eins og þetta er í dag þá er meirihluta barnanna keyrt í skólann úr öðrum hverfum með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa hverfisins.

22. Skýrslan fannst mér frekar þunnt plagg og vanta meiri greiningarvinnu. Heilt yfir hljómar hugmyndin sem ekkert sérlega góð lausn fyrir neinn nema borgarsjóð. Hrein afleiðing af því að Reykjavíkurborg hefur þegar þétt það mikið á þessum svæðum (sem er jákvætt), án þess að fara í neina innviðauppbyggingu. Vörðuskóla húsnæðið er redding sem einhver hefur reiknað út að sé ódýrari lausn (þrátt fyrir myglu vandræði þar) en að byggja við alla skólana sem voru þó jafnvel fyrir þéttingu búnir að sprengja af sér allt húsnæði. Þetta mun kalla á aukna bílaumferð, lengri gönguleiðir, meðal annars yfir þungar umferðaræðar. Er í raun í andstöðu við eigin plön Reykjavíkurborgar um „15 mín hverfi“ Varðandi félagslega þáttinn hefur það sjálfsagt kosti og galla að blanda nemendahópum á þessum aldri, hentar sumum en eykur óöryggi annara. Besta safnskóla lausnin væri að nýta Kennslufræði byggingar HÍ sem safnskóla fyrir Háteigs- og Hlíðaskóla. Meiri „landfræðileg“ heild og meira miðsvæðis innan hverfa, sérstaklega eftir að Miklabraut fer í stökk líka austan við Klambratún. Þannig gæti Austurbæjarskóli nýtt Vörðuskóla fyrir sig. Eins stefnir í að Tækniskólinn yfirgefi þó nokkrar skólabyggingar í þessum hverfum á næstu árum, svo mögulega verður bara nóg pláss fyrir nýjan framhaldsskóla innan hverfis líka :)

23. Væri gott að fá svar um hvaða starfsemi á að koma í húsnæði Tækniskólans þegar hann flytur í Hafnarfjörð.

24. Auðvitað eru alltaf kostir og gallar við allt en ég tel að gallarnir séu fleiri en kostirnir við sameiningu unglíngadeilda þessarra þriggja skóla. Eins finnst mér þessi fyrirhugaða sameining lykta af því að borgaryfirvöld séu að losa sig undan því að byggja við Hlíðaskóla og Háteigsskóla.

25. Mér finnst of löng leið og lélegt aðgengi fyrir gangandi vegfarendur frá Háteigsskóla að Vörðuskóla svo það sé hægt að bjóða krökkum sem eiga heima í nágrenni Háteigsskóla upp á þessa staðsetningu. Auk þess hef ég ekki trú á að Reykjavíkurborg muni ráða við að gera húsnæði Vörðuskóla hæft til kennslu á næstunni miðað við fréttáflutning af öðrum mygluðum skólahúsnæðum á þeirra vegum sem ekki hefur tekist að ráða bót á.

26. Ég vil taka það fram að ef ég væri eingöngu að „kjósa“ með hag míns barns að leiðarljósi myndi ég velja að hann myndi halda áfram og klára unglíngastigið í Háteigsskóla. Skólastarfið í Háteigsskóla er að mínu mati framúrskarandi (ég hef reynslu og samanburð af öðrum skólum í hverfinu). Til langs tíma litið tel ég kosti safnskóla fyrir unglínglinga mjög mikla og ég tel að faglegt skólastarf muni aukast með uppstökkun þessara þriggja skóla, samráði og samstarfi. Unglínglingar í miðbæ og Hlíðum munu græða á því að farið verði í þessar breytingar.

27. Mikilvægt að börn og unglínglingar geti gengið í skólann og mikilvægt að hafa ekki of mikinn fjölda nemenda í skóla. Eins og skipulagið er í dag er passlegur fjöldi nemanda í hverjum árgangi finnst mér persónulega. Meiri fjöldi væri meira kaos og minna öryggi fyrir börn.

28. Ég er mjög sáttur við það starf sem fram fer í Háteigsskóla og vil alls ekki barnið mitt fari í annan skóla þó að bekkjarfélagar fylgi. Ég tel rétt að hver skóli hýsi sína eigin unglíngadeild. Það þarf því að byggja við Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Húsnæði Vörðuskóla yrði nýtt fyrir Austurbæjarskóla.

29. Mér list best á að nýta húsnæði Kennaraháskólans við hliðina á Háteigsskóla fyrir unglíngadeild Háteigs- og Hlíðaskóla. Og þá getur Austurbæjarskóli stækkað yfir í Vörðuskóla.

30. Í skýrslunni er ekki gert ráð fyrir að hver skóli hafi sína unglíngadeild. Mér finnst að það ætti að byggja við Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Húsnæði Vörðuskóla yrði nýtt fyrir Austurbæjarskóla, þannig að hver skóli mundi hýsa sína eigin unglíngadeild. Það er vel hlúð að unglíngastiginu í Háteigsskóla. Unglíngastarfið í skólanum og samstarf kennara á milli skólastiga er mjög náðið og gott þar. Það yrði missir af því frábæra starfi og samstarfi.

31. Bæta þyrfti umferðaröryggi, lýsingu og gönguleið yfir Snorrabraut.

32. Mér finnst ótækt að svona miklar fjarlægðir séu í safnskóla sem staðsettur er utan hverfist tveggja af þessum þremur skólum. Börn sem búa austan Lönguhlíðar og öll börn sunnan Miklubrautar þurfa að fara langar leiðir. Miðað við veðurfarið á landinu kallar þetta á heilmikið skutl og auka álag á heimilin. Háteigsskóli er mjög góður skóli með gott orð á sér og afar mikilvægt að börn fái að klára sína grunnskólagöngu í sínu umhverfi nálægt heimilum sínum.

33. Ég er ánægð með kynningarferlið og samráð skóla- og frístundasvið við íbúa. Kostirnir við sérhæfða kennarar í hverju fagi og stærri hópur unglínginga í félagsstarfi heillar mig og þess vegna líst mér vel á hugmyndina um safnskóla. Ég hef minni skoðun á útfærslunni. (32)

34. Mér finnst að grunnskólastig eigi að vera í góðu göngufæri við heimili.

35. Mér hugnast ekki að barnið mitt/unglíngurinn þurfi að sækja sér grunnskólamenntun út fyrir hverfið og fara yfir hættulegar umferðargötur þar sem hafa orðið alvarleg slys, sbr. Snorrabraut. Slíkt væri í andstöðu við hugmyndir borgarinnar um sjálfbær hverfi og sömuleiðis í andstöðu við Græna planið þar sem slíkt myndi kalla á skutl í og úr skóla og sér í lagi í félagsstarf sem lýkur seint að kvöldi. Ég er því andsnúinn hugmyndum um safnskóla utan hverfisins.

36. Þetta væri klárlega streituvaldur á mínu heimili. Ein af ástæðunum fyrir því að við völdum þetta hverfi og Háteigsskóla var sú að þetta væri frekar lítill skóli og að börnin þyrftu ekki að skipta um skóla á unglíngastigi. Þetta mun auka umferð í hverfinu, enginn strætó gengur núna þar á milli.

37. Horfandi á fjöldataölurnar í öllum sviðsmyndunum hrópar á mann sú staðreynd að Austurbæjarskóli er fillinn í herberginu. Í öllum sviðsmyndunum er gert ráð fyrir að hann sé áfram með mikið ónotað húsnæði (pláss umfram nemendafjölda) ... og það er afskaplega furðulegt að sjá að þessi stóri skóli sé með langfæsta nemendur í dag. Væri ekki nær að reyna að laga málin í Austurbæjarskóla þannig að fleiri foreldrar kjósi að senda börnin sín þangað? Vörðuskóli gæti hýst unglिंगadeild stærri og eftirsóttari Austurbæjarskóla sem gæti þannig tekið við nemendum í öllum bekkjum úr Hlíðarendahverfinu og/eða jöðrum skólaliverfa Háteigs- og Hlíðaskóla og þannig tappað af þrýstingnum í þeim skólum. Heildstæð, samfelld skólaganga frá 1. bekk upp í þann 10. innan hverfis er að mínu mati miklu eftirsóknarverðari kostur en að moka hundruðum unglिंगa úr ólíkum hverfum saman í einn rísa gelgjuskóla.

38. Skólabragurinn og hverfisandinn í Háteigshverfi er einstakur og ber að halda eftir bestu getu. Þar með talið væri gagnfræðadeild í gamla Kennó mjög æskilegt, samgöngur milli Hlíðaskóla og Háteigs eru góðar með strætó. Margir nemendur koma í Háteigsskóla, þar sem ekki er tekið á eineltis- eða öðrum vandamálum í þeirra heimaskólum, sem sýnir, hversu frábært starf er unnið í HTX. Ég myndi aldrei senda börnin í Hlíðaskóla eða Austurbæjar.

39. Safnskólar bjóða upp á mun betri tækifæri til einstaklingsmiðaðs náms og að taka á félagslegum vandamálum. Það getur verið gaman að vera í litlum, persónulegum bekk/skóla ef vel gengur og staða þín er sterk, en ef svo er ekki er erfitt að bregðast við. Nemendur kynnast fleirum í safnskólum og heimurinn stækkar.

40. Safnskóli finnst mér ekki góður kostur. Börn eiga að geta stundað nám í sínum hverfisskóla frá 1-10 bekk.

41. Það ætti að vera unglिंगadeild við hvern skóla.

42. Til að lifa bíllausum lífsstíl þá þurfa börnin mín að komast fljótlega og örugglega, gangandi til og frá skóla INNAN HVERFIS!

43. Ég valdi mér búsetu í hverfinu vegna þess hversu frábært orð fer af Háteigsskóla. Kannanir meðal bæði nemenda og starfsfólks sýna ár eftir ár að þar líður fólki á öllum aldri vel. Stjórnun skólans er til fyrirmyndar og einstaklega faglega tekið á erfiðum málum, ekki hvað síst þegar grunur um einelti vaknar. Háteigsskóli hlúir afar vel að unglिंगastigi sínu og hlaut sem dæmi hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir verkefnið „Sjálfsþekking í þágu náms“ sem byggir á hugmyndafræði markþjálfunar og hefur það að markmiði að styrkja nemendur á unglिंगastigi, sjálfsmynd þeirra og þrautseigju. Ég hafði hlakkað til að sonur minn fengi að njóta góðs af þessu góða starfi eftir aðeins örfá ár og hugnast illa sú tilhugsun að í staðinn verði honum gert að sækja sér grunnmenntun langt út fyrir hverfið sitt. Ég sé ekki hvernig það samræmist markmiðum borgarinnar um sjálfbær hverfi, græna borg og bíllausan lífsstíl, enda allar líkur á því að nemendum verði frekar skutlað í skólann sé hann utan hverfis. Ég tel einboðið að löng leið í skóla/frístund/félagsmiðstöð muni leiða til þess að nemendur sækji ekki félagsmiðstöðina ef ekki verður hægt að sækja þá í lok kvölds, enda ótækt að 13-15 ára börn þurfi að ganga 25 mínútna leið heim til sín eftir kl. 22 í myrkrinu á veturna yfir hættulegar umferðargötu. Loks verð ég að nefna að mér finnst ekki traustvekjandi að ætla að nýta Vörðuskóla til kennslu eftir að skólanum var á sínum tíma lokað vegna myglu. Sporin úr Fossvoginum hræða og ég mun aldrei senda barnið mitt inn í myglumengað húsnæði.

44. Ég valdi mér húsnæði innan Háteigshverfis með það plan að geta verið bíllaus og að börnin gætu gengið til og frá skóla innan hverfis en ekki meira en 1,5 km yfir umferðargötu.

45. Mér list alls ekki á að börnin mín þurfi að fara í skóla utan hverfis. Við búum á Íslandi og veður er oft á tíðum mjög slæmt og mín börn þyrftu að ganga eða taka strætó. Mér þykir þetta of löng leið í Vörðuskóla. Bygging Menntavísindasviðs væri mun betri kostur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2022

Efni: Umsögn starfsfólks Háteigsskóla um skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Samkvæmt skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla frá 2021, sem kynnt var í borgarráði 4. nóvember 2021 og í framhaldinu rædd á fundi starfsfólks Háteigsskóla 22. febrúar 2022., kemur fram að fyrirætlun borgarinnar er að sameina unglíngastig Háteigs- og/eða Hlíðaskóla við unglíngastig Austurbæjarskóla í Vörðu- og/eða Austurbæjarskóla í náinni framtíð.

Niðurstöður voru skoðaðar og reynt var að líta heildstætt og hlutlaust á þær sviðsmyndir sem urðu fyrir valinu. Unnið var í fjórum hópum og verður hverjum og einum hópi gert skil hér.

Virðingafyllst,

Fyrir hönd starfsmanna Háteigsskóla

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri

Hópur 1.

Sviðsmynd IV – Austurbæjarskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1. -7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla.

Styrkleiki: Betri félagsmiðstöð, stærra tengslanet nemenda vegna aukins fjölda. Hægt að bjóða nemendum upp á fleiri valgreinar og auka hagræðingu stoðþjónustu vegna aukins fjölda nemenda. Auðveldasti og hugsanlega ódýrasti kosturinn ef horft er á breytingar út frá húsnaði.

Veikleiki: Erfiðar samgöngur og aðgengi. Of mikill fjöldi nemenda hentar ekki öllum einstaklingum vegna hugsanlegrar vanlíðan og/eða persónulegra erfiðleika sem er oft auðveldara að vinna með í minni skólum. Mannauður gæti tapast. Friðun ytra byrði Austurbæjarskóla.

Tækifæri: Mögulega hægt að bjóða nemendum upp á fleiri og fjölbreyttari valgreinar jafnvel auka vægi list- og verkgreina. Hugsanlega hægt að fjölga kennurum og þar með fækka nemendum í hverri bekkjardeild. Aukin stærð húsnaðis eykur líkur á fjölbreyttari kennslu meðal annars í aldursblönduðum nemendahópum.

Ógnir: Friðun húsnaðis, mannauðsmissir. Auknar líkur á að tengsl nemenda og kennara verði ópersónuleg. Auðveldara fyrir nemendur að hverfa í fjöldann.

Sviðsmynd I – Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.

Styrkleikar: Stór unglingskóli verður til í Vörðuskóla – losnar um pláss fyrir yngsta- og miðstig í Austurbæjar- og Hlíðaskóla. Nemendur gætu fengið aukið val um skólavist. Háteigsskóli heldur sinni sérstöðu – lítill skóli þar sem allir þekkja alla og nóg pláss fyrir alla, aukin nánd og samvinna heimila og skóla – þéttari starfsmannahópur.

Veikleikar: Samgöngur erfiðar – langar vegalengdir fyrir nemendur að sækja skóla. Langvarandi framkvæmdum fylgir oft óþægindi sem geta komið niður á skólastarfi.

Tækifæri: Aukin félagatengsl/stærra tengslanet fyrir þá sem fara í stærri skóla – meiri þægindi fyrir þá sem halda áfram í Háteigsskóla. Möguleiki á sérhæfingu skóla sem og meiri samvinnu milli skóla.

Ógnir: Samgöngur erfiðar – kennaraskortur – mannauðsmissir.

Ályktun: Aðstæður hafa breyst nú í febrúar 2022 hefur húsnaði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð verið selt en var ekki orðin veruleiki við gerð upphaflegu skýrslunnar. Í ljósi þessara breytinga telur hópur 1 að sviðsmynd VII yrði vænlegasti kosturinn fyrir grunnskólastarf í hverfunum þremur. Þar sem þessi liður var ekki til umræðu á fundinum var ekki farið í frekari skoðun hans.

Hópur 2.

Vegna breyttra forsenda vill hópurinn álykta að hagstæðasti kosturinn fyrir hverfi Holta- og Hlíða væri að taka húsnaði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands undir unglingaskóla, sem yrði þá safnskóli fyrir unglunga Háteigs-, Hlíða- og Austurbæjarskóla.

Húsnaðið er miðsvæðis, styttra væri fyrir nemendur Hlíðaskóla að sækja unglingaskóla í Stakkahlíð heldur en fyrir unglunga Háteigs- og Hlíðaskóla að sækja unglingaskóla í Vörðuskóla.

Samkvæmt upplýsingum varðandi ástand á húsnaði Vörðuskóla, virðist húsnaði Menntavísindasviðs vera í betra ástandi, þó vitað sé af leka í vatnsveðri og ákveðinni vindátt.

Styrkleikar	Veikleikar
--------------------	-------------------

<p>Miðsvæðis Styttra fyrir fleiri nemendur Húsnæði þegar hannað fyrir skólastarf og er í notkun sem slíkt Viðhaldi betur komið en í Vörðuskóla - hægt að hefja skólastarf fljótlega Rými fyrir félagsmiðstöð Stutt að fara í allar áttir á söfn og annað tengt skólastarfi og virku menningaruppeldi Styrkleiki að vera ekki alveg niðri í 101 með unglingskóla, staðsetning Menntavísindasviðs er heppilegri að okkar mati</p>	<p>Fyrirlestrarsalir myndu ef til vill nýtast illa. Með því að skapa unglingskóla fara unglingsarnir á mis við samneyti við yngri nemendur og tækifærum til að taka tillit og vera fyrirmyndir þeirra.</p>
<p>Tækifæri</p> <p>Tækifæri til að skapa nútíma námssamfélag fyrir framtíðar fólk. Stutt í gamla Stýrimannaskólann og möguleikar á samstarfi/vali/atvinnutengt- starfstengt nám Unglingastigskennarar úr öllum skólunum þremur mætast á einum stað og geta nýtt þekkingu, styrkleika og reynslu úr sínu starfi, nemendum til framdráttar Fjölbreyttara val fyrir nemendur</p>	<p>Ógnir</p> <p>Við samskeytingu þriggja skóla og þar með að skapa unglingskóla, breytist samsetning nemendahópsins og þannig áskoranir einnig.</p>

...

Tillaga 1 - Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.

<p>Styrkleikar</p> <p>með þessari sviðsmynd skapast heppileg stærð á unglíngadeild, sem kemur til með að búa til unglínginga samfélag - miðast við 250 - 300 unglínginga í Vörðuskóla.</p> <p>Gæfi möguleika á fjölbreytileika t.d. varðandi valgreinar.</p>	<p>Veikleikar</p> <p>Vegalengdir sem nemendur Hlíðaskóla þurfa að fara til að sækja nám í Vörðuskóla/þung umferð.</p> <p>Tekur tíma að byggja, húsnæðisvandi Háteigsskóla er umtalsverður</p>
<p>Tækifæri</p> <p>+möguleiki að sleppa því að byggja við Háteigsskóla og nýta frekar húsnæði Menntavísindasviðs sem unglíngadeild.</p>	<p>Ógnir</p> <p>Höfum áhyggjur af því að þessi tillaga sé ekki endilega framtíðarlausn</p> <p>Heyrnarskertir nemendur gætu farið á mis við það öryggi sem fylgir táknmálssviðinu</p> <p>Kennarar vilja ekki vinna í óhollu umhverfi (húsnæði ekki boðlegt eða gallað/myglað)</p>

Tillaga 3 - Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.

<p>Styrkleikar</p> <p>Hlíðaskóli gæti haldist sem heildstæður skóli og táknmálssviðið haldið starfsemi sinni áfram.</p> <p>Stutt í skólann fyrir unglíngana</p> <p>Minni umferð</p>	<p>Veikleikar</p> <p>Fólksflutningar úr hverfinu (Háteigs) ef að af sameiningu verður. Skólinn hefur haft vægi í ákvörðun foreldra um húsnæðis kaup.</p> <p>Aukin bílaumferð í og úr hverfinu á annatíma til að ferja unglíngana í Vörðuskóla</p> <p>Vörðuskóli er í mjög slæmu ástandi og því ekki hægt að hefja skólastarf nærri strax</p>
--	---

<p>Tækifæri</p> <p>Rýmra um yngri nemendur í Háteigsskóla</p> <p>Býður upp á fjölbreyttara starf fyrir yngri nemendur í betra rými</p> <p>Samstarf kennara</p> <p>Stutt yfir í Tækniskólann og menningu niðri í bæ til að auðga námið</p>	<p>Ógnir</p> <p>mikið nálægð við miðbæinn, sem er ekki heppilegt (skemmtanalífið)</p> <p>Ekki endilega framtíðarlausn í húsnaðisvanda skólanna</p> <p>Kennarar vilja ekki vinna í óhollu umhverfi (húsnaði ekki boðlegt eða gallað/myglað)</p>
---	--

Við teljum mikilvægt að leiða hugann að því eftir hvaða hugmyndafræði þessi skóli kemur til með að byggja á, verði niðurstaðan sú að safnskóli verði að veruleika, hvar svo sem hann verður. Við teljum ekki heillavænlegt að byggja skóla á þeim forsendum einum að plástra þurfi plássleysi innan hverfa, sem breytist svo að nokkrum árum liðnum, eftir því hvernig hverfi eldast og breytast.

Að endingu viljum við benda á að starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar eru langþreyttir á því að húsnaði skólanna sé annað hvort sprungið, úrelt eða hættulegt heilsu þeirra sem þar starfa. Við köllum eftir því að vandað sé til verka og horft lengra fram í tímann við ákvarðanatöku og val á húsnaði.

Við í Háteigsskóla viljum standa vörð um okkar góða og faglega starf sem þegar er unnið í skólanum. Breytingar verða að gerast að vel ígrunduðu máli, en ekki aðeins breytinganna vegna. Þegar til breytinga kemur viljum við vera í fararbroddi í þeirri vinnu og leiða faglegt starf nemendum og hverfinu öllu til heilla.

Hópur 3

Sviðsmynd 1:

Styrkleikar: Fjölbreytileiki nemenda meiri og hægt að halda uppi meira námsframboði. Háteigsskóli heldur áfram sem heildstæður skóli. Meiri líkur á að sá mannauður sem er á unglíngastigi haldist áfram í hverfinu

Veikleikar: Hætta á að einstaklingar “týnist” í stærri einingum. Nemendur þurfa að fara yfir margar umferðapungar götur og sumir verða langt frá heimilum sínum. Foreldrasamskipti við skólann sem er búin að byggast upp í mörg ár hverfur.

Tækifæri: Foreldrar fá valmöguleika hvort þeir vilji hafa börn sín í heildstæðum grunnskóla eða ekki.

Ógnir: Öryggi barnanna í hættu á leið í skóla.

Sviðsmynd 2:

Styrkleikar: Styrkleiki stór unglíngadeild með fjölbreytileika og hægt að halda uppi meiru námsúrvali. Fleiri en einn faggreinakennari í teymi.

Veikleikar: Hætta á að einstaklingar “týnist” í stærri einingum. Nemendur með erfðleika, meiri hætta á að þeir “týnist”. Auknar líkur á klíkumyndanir og að óæskileg hegðun þrífist. Nemendur þurfa að fara yfir margar umferðapungar götur og sumir verða langt frá heimilum sínum. Þar sem Hlíðarskóli er með sérstöðu hvað varðar heyrnarskerta nemendur þá þyrfti að útvíkka það og hafa á tveimur stöðum. Þar kemur aukakostnaður. Íþróttaaðstaða ekki nægjanlega góð. Hvað kostar að gera við Vörðuskóla sem virðist vera mjög illa farin?

Tækifæri: Mynda sterkan unglíngaskóla með mikilli fjölbreytni og fjölbreytilegu félagslífi

Ógnir: Veikburða einstaklingar “týnist” í fjöldanum. Þjónusta við heyrnarskerta gæti minnkað. Sumir þurfa að fara mjög langa leið og yfir þungar umferðargötur í skólann.

Sviðsmynd 3:

Styrkleikar: Öflug unglíngadeild með fjölbreytileika og hægt að halda uppi meiru námsúrvali. Fleiri en einn faggreinakennari í teymi. Öflugri félagsmiðstöð. Hlíðarskóli yrði heildstæður grunnskóli.

Veikleikar: Kostnaðarsamt að byggja við Hlíðarskóla og lagfæra Vörðuskóla sem virðist vera illa farinn. Háteigsskóli sem á sér langa sögu sem Æfingaskóli yrði ekki lengur til sem heildstæður grunnskóli.

Tækifæri: Mynda öflugan unglingaskóla með meiri fjölbreytileika og öflugu félagslífi

Ógnir: Mannauður Austurbæjarskóla og Háteigsskóla líklegri til að leita annað í vinnu.

Sviðsmynd 4:

Styrkleikar: Styrkleiki stór unglingadeild með fjölbreytileika og hægt að halda uppi meiru námsúrvali. Fleiri en einn faggreinakennari í teymi.

Veikleikar: Hætta á að einstaklingar “týnist” í stærri einingum. Nemendur með erfiðleika, meiri hætta á að þeir “týnist”. Auknar líkur á klíkumyndanir og að óæskileg hegðun þrífist. Nemendur þurfa að fara yfir margar umferðapungar götur og sumir verða langt frá heimilum sínum. Þar sem Hlíðarskóli er með sérstöðu hvað varðar heyrnarskerta nemendur þá þyrfti að útvíkka það og hafa á tveimur stöðum. Þar kemur aukakostnaður. Íþróttaaðstaða ekki nægjanlega góð. Hvað kostar að gera við Vörðuskóla sem virðist vera mjög illa farin? Getur verið erfitt að blanda saman hópum þar sem sumir eru “heimavanir”, þ.e. nemendur úr Austurbæjarskóla / Vörðuskóla eru í heildstæðum skóla en ekki hinir.

Tækifæri: Mynda öflugan unglingaskóla með meiri fjölbreytileika og öflugu félagslífi

Ógnir: Veikburða einstaklingar “týnist” í fjöldanum. Þjónusta við heyrnarskerta myndi skerðast. Sumir þurfa að fara mjög langa leið og yfir þungar umferðargötur í skólann.

Sviðsmynd 5:

Styrkleikar: Styrkleiki stór unglingadeild með fjölbreytileika og hægt að halda uppi meiru námsúrvali. Fleiri en einn faggreinakennari í teymi. Öflug félagsmiðstöð.

Veikleikar: Hætta á að einstaklingar “týnist” í stærri einingum. Nemendur með erfiðleika, meiri hætta á að þeir “týnist”. Auknar líkur á klíkumyndanir og að óæskileg hegðun þrífist. Nemendur þurfa að fara yfir margar umferðapungar götur og sumir verða langt frá heimilum sínum. Þar sem Hlíðarskóli er með sérstöðu hvað varðar heyrnarskerta nemendur þá þyrfti að útvíkka það og hafa á tveimur stöðum. Þar kemur aukakostnaður. Íþróttaaðstaða ekki nægjanlega góð. Hvað kostar að gera við Vörðuskóla sem virðist vera mjög illa farin? Getur

verið erfitt að blanda saman hópum þar sem sumir eru “heimavanir”, þ.e. nemendur úr Austurbæjarskóla / Vörðuskóla eru í heildstæðum skóla en ekki hinir.

Ípróttaaðstaða ábótavant.

Tækifæri: Mynda öflugan unglingskóla með meiri fjölbreytileika og öflugu félagslífi

Ógnir: Veikburða einstaklingar “týnist” í fjöldanum. Þjónusta við heyrnarskerta myndi skerðast. Sumir þurfa að fara mjög langa leið og yfir þungar umferðargötur í skólann.

Hópurinn ályktaði að mikilvægt væri að skoða nýja sviðsmynd þar sem á döfnni væri innan nokkurra ára að húsnæði losni á Menntavísindasviði.

Hópur 4

Sviðsmynd 1

Styrkleikar: Höldum okkar starfsemi hér. Höldum mannauði. Unglingamenning sem hefur tekið langan tíma að byggja upp haldi sér.

Veikleikar:Rask við viðbyggingu og mögulegar truflanir á skólastarfi.

Ógnir:Óvíst hversu mikið hverfið stækkar. Ófullbúið og óáreiðanlegt húsnæði.

Tækifæri:Áfram verður hægt að byggja upp góð foreldrasamskipti. Persónuleg samskipti við nemendur og heimili.

Sviðsmynd 2

Tækifæri:Tækifæri fyrir nemendur að breyta um umhverfi og tengjast fleiri krökkum. Fjölbreyttara námsval.

Veikleikar:Fjarlægð milli skóla og heimilis. Mannauður tapast. Foreldrar þurfa að mynda ný tengsl við skóla. Umferðapungur. Viðkvæmir einstaklingar gætu átt erfitt uppdráttar í stærri skóla við nýjar aðstæður.

Ógnir:Erfitt að spá fyrir um hvernig hóparnir muni blandast og getur verið erfitt að stýra. Faglegur áherslumunur milli skóla. Ófullbúið og óáreiðanlegt húsnaði.

Tækifæri:Ný unglíngamenning og góð staðsetning.

Sviðsmynd 3

Styrkleikar:

Tækifæri fyrir nemendur að breyta um umhverfi og tengjast fleiri krökkum. Fjölbreyttara námsval.

Veikleikar:

Fjarlægð milli skóla og heimilis. Mannauður tapast. Foreldrar þurfa að mynda ný tengsl við skóla. Umferðarþungi. Viðkvæmir einstaklingar gætu átt erfitt uppdráttar í stærri skóla við nýjar aðstæður.

Ógnir:

Erfitt að spá fyrir um hvernig hóparnir muni blandast og getur verið erfitt að stýra. Faglegur áherslumunur milli skóla. Ófullbúið og óáreiðanlegt húsnaði.

Tækifæri:

Ný unglíngamenning og góð staðsetning.

Sviðsmynd 4

Styrkleikar:

Tækifæri fyrir nemendur að breyta um umhverfi og tengjast fleiri krökkum. Fjölbreyttara námsval.

Veikleikar:

Fjarlægð milli skóla og heimilis. Mannauður tapast. Foreldrar þurfa að mynda ný tengsl við skóla. Umferðarþungi. Húsnaði hentar líklega ekki vel fyrir yngsta stig. Viðkvæmir einstaklingar gætu átt erfitt uppdráttar í stærri skóla við nýjar aðstæður.

Ógnir:

Erfitt að spá fyrir um hvernig hóparnir muni blandast og getur verið erfitt að stýra. Faglegur áherslumunur milli skóla. Ófullbúið og óáreiðanlegt húsnaði.

Tækifæri:

Ný unglíngamenning og góð staðsetning.

Sviðsmynd 5

Styrkleikar:

Tækifæri fyrir nemendur að breyta um umhverfi og tengjast fleiri krökkum. Fjölbreyttara námsval.

Veikleikar:

Fjarlægð milli skóla og heimilis. Mannauður tapast. Foreldrar þurfa að mynda ný tengsl við skóla. Umferðarþungi. Viðkvæmir einstaklingar gætu átt erfitt uppdráttar í stærri skóla við nýjar aðstæður.

Ógnir:

Erfitt að spá fyrir um hvernig hóparnir muni blandast og getur verið erfitt að stýra. Faglegur áherslumunur milli skóla. Ófullbúið og óáreiðanlegt húsnæði.

Tækifæri:

Ný unglíngamenning og góð staðsetning.

Athugasemd: Sviðsmynd 2 og 5 eru mjög svipaðar. Athugasemdir í SWÓT greiningu eru að sumu leiti svipaðar. Við teljum að sviðsmynd 1 sé sterkust.

Í Háteigsskóla hafa starfsmenn náð að byggja upp jákvæða og einstaka unglíngamenningu. Hér fá allir að njóta sín og hefur verið lögð áhersla á að málefni hinsegin nemenda fái hljómgrunn og nemendur fái að njóta sín. Í Háteigsskóla heyrir til undantekninga að nemendur neyti eiturlyfja eða áfengis. Jákvæð hegðun unglínga er ráðandi og þeir sem á þurfa á að halda fá gott utanumhald kennara og starfsmanna.

Þar sem forsendur hafa breyst hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands þá þarf ekki byggja við Háteigsskóla. Að því sögðu ályktum við að taka ætti tillögu 7 til umsagnar á ný.

Helgi Grímsson
Skóla- og frístundasvið

14.2.2022

Umsögn skólaráðs Hlíðaskóla um skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla

Skólaráð Hlíðaskóla hefur kynnt sér skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Skólaráðið fagnar því að farið sé að huga að þessum málum enda orðið brýnt að finna lausnir á húsnæðisvanda skólanna með sístækkandi nemendahópi.

Allar þær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni fela í sér nýtingu húsnæðis Vörðuskóla, á einu eða öðru formi. Skólaráð er hugsí yfir því að ekki hafi verið horft með opnari hug til annarra hugsanlegra möguleika, þ.m.t. nýbygginga. Reykjavíkurborg festi kaup á húsnæði Vörðuskóla árið 2020 og virðist því sem ákvörðun um staðsetningu safnskóla í því húsnæði hafi þar með verið tekin. Spyrja má hvort ekki hefði verið eðlilegra að kalla eftir umsögnum hagsmunaaðila áður en borgin keypti téð húsnæði.

Í skýrslunni kemur fram að í upphafi hafi fleiri sviðsmyndir verið teknar til skoðunar, en þær teknar út af borðinu í upphafi vinnunnar, vegna óhagkvæmni og of margra ágalla. Skólaráð kallar eftir nánari skýringum á ástæðum þess að tillaga um að nýta húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð (Kennaraháskólann) var ekki tekin til greina við þessa vinnu. Í fljótu bragði má ætla að eðlilegra hefði verið að festa kaup á húsnæði við Stakkahlíð en við Skólavörðuholt þar sem þörfin fyrir aukið húsnæði er hvað brýnust í Háteigsskóla og Hlíðaskóla (sjá mynd 1 hér að neðan sem birt er í skýrslunni). Ennfremur má sjá að í Austurbæjarskóla er nægt pláss til að hann geti haldist sem heildstæður skóli til ársins 2040 og því engin þörf á að flytja nemendur hans í aðra skóla.

Mynd 1. Nemendafjöldi og þol skólanna þriggja til ársins 2040. Miðað er við að nemendur frá Hlíðarenda fari í Hlíðaskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	547	419	128	457	90	470	77
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	427	544	-117	678	-251	779	-352
Samtals	1.349	1.420	-71	1.672	-323	1.873	-524

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda. Færanlegar skólastofur eru ekki teknar með í m² grunnskólanna.

Skólaráð Hlíðaskóla er ekki mótfallið hugmyndum um safnskóla á unglिंगastigi og telur marga kosti við slíkt fyrirkomulag, ef útfærslan er vönduð. Líklegt er að í slíkum safnskóla yrði fjölbreyttara framboð valgreina og meira félagaval svo eitthvað sé nefnt. Skólaráð setur sig þó alfarið á móti staðsetningu slíks safnskóla í húsnæði Vörðuskóla og fyrir því eru nokkrar ástæður sem hér verða taldar.

1. Ástand húsnæðis.

Húsnæði Vörðuskóla var tekið úr umferð árið 2019 vegna myglu og átti á þeim tíma að ráðast í viðgerðir en ekkert varð úr því. Í úttekt sem framkvæmd var af *Valsberg, ráðgjöf og þjónusta* í september 2020 er áætlað að lagfæringar nemi um 354 milljónum króna. Átla má að húsnæðið sé í enn verra standi nú í ársbyrjun 2022. Eins og nýleg dæmi hafa sýnt getur reynst snúið að uppræta raka og myglu. Hér er því um gríðarstóran óvissuþátt að ræða og óljóst hver staðan verður ef ekki tekst að uppræta mygluna.

2. Staðsetning.

Vörðuskóli er staðsettur í mikilli fjarlægð frá þeim nemendum sem búa austast í Hlíðahverfi. Þess má geta að það tekur 37 mínútur að ganga frá Reynihlíð í Suðurhlíðum að Barónsstíg. Vörðuskóli sem safnskóli á unglिंगastigi myndi því skapa gífurlegt ójafnfræði með unglिंगum í hverfinu m.t.t. búsetu.

Átla má að þeir unglिंगar sem þurfa að ganga í lengri tíma en 10-15 mínútur myndu fara með bíl í skólann og líklegt er að það væru í mörgum tilvikum foreldrar sem skutluðu börnum sínum með tilheyrandi auknum umferðarþunga og mengun.

3. Öryggissjónarmið.

Gert er ráð fyrir því að húsnæði undir sameiginlega félagsmiðstöð fyrir unglिंगana yrði við Vörðuskóla. Þetta myndi þýða að börnin þyrftu að ganga þessa löngu leið seint á kvöldin (eftir kl. 22) og að megninu til í myrkri enda er myrkur skolið á um kl. 22 frá lokum ágústmánaðar og fram í miðjan apríl. Við þetta bætist að götulýsing er ekki góð almennt í Reykjavík eins og nýlegar fréttir sýna. Að auki er þekkt að umtalsverð fíkniefnasala fer fram á ákveðnum svæðum í hverfinu, þá sérstaklega á Klambratúni.

Af þeim kostum sem settir eru fram í skýrslunni, telur skólaráð Hlíðaskóla að þriðji valkosturinn, að "Vörðuskóli verði unglिंगaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf" sé sá eini sem ráðið getur sætt sig við. Könnun meðal foreldra í skólanum hefur auk þess leitt í ljós að meirihluti þeirra sem taka afstöðu til þessara fimm valkosta styður valkost númer þrjú (47.1 %). Rúm 32% telja sig ekki geta sætt sig við neinn af þeim kostum sem í boði eru.

Virðingarfyllst,

Skólaráð Hlíðaskóla

Birkir Már Sævarsson, Berglind Stefánsdóttir, Brynja Blumenstein, Daniela Gramata, Eyrún Ólafsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Valgerður Birna Magnúsdóttir, Þorsteinn Ari Þorsteinsson, Þórey Björk Sigurðardóttir.

Umsögn foreldrafélags Hlíðaskóla

Umsögn um skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar um “Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs: Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Vörðuskóli, Draumaland, Halastjarnan og Eldflaugin, 105, Gleðibankinn og 100og1”.

Skýrsla starfshóps um Vörðuskóla og nærliggjandi skólahverfi

- https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/skyrsla_starfshops_um_vorduskola_og_naerliggjandi_skolahverfi_mai_2021.docx.pdf

Skipunarbréf og fylgiskjöl skýrslu starfshóps:

- https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/19_skyrsla_starfshops_um_vorduskola_og_naerliggjandi_skolahverfi_r21100288.pdf

Uppkast af minnisblaði Mannvits og skýrsla Náttúrufræðistofnunar vegna myglu og loftgæða í Vörðuskóla (sjá bls. 7-15).

- https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/16_r20120022_baronsstigur_34_vorduskoli_leiga.pdf

Dagsetning: 15. febrúar 2022

A. Samantekt

- Skoðun foreldrafélags Hlíðaskóla er að hvorki kemur til greina að nýta Vörðuskóla né Austurbæjarskóla sem húsnæði fyrir safnskóla. Helstu ástæður eru staðsetning og ástand húsanna.
- Hægt er að nýta Vörðuskóla í aðra starfsemi. Það er eðlismunur á því hvort fullorðið fólk velji sjálft að starfa í húsinu annars vegar eða að börn, þ.m.t. börn með undirliggjandi sjúkdóma, séu skyldug til þess hins vegar.
- Á núverandi lóð Hlíðaskóla eru umtalsverðir möguleikar til viðbyggingar án þess að gengið sé mikið á leiksvæði nemenda (sviðsmynd III).
- Mikill meirihluti foreldra í könnun sem gerð var kölluðu eftir því að Hlíðaskóli yrði áfram heildstæður hverfisskóli.
- Verði sá valkostur fyrir valinu að setja á stofn safnskóla fyrir unglunga í Hlíðahverfi og hverfunum í kring, teljum við staðsetningu húsnæðis Menntavísindasviðs háskólans við Stakkahlíð mögulegan kost (sviðsmynd VII). Ólíkt Vörðuskóla er staðsetningin í göngufæri við Hlíðaskóla og Háteigsskóla. Mögulegt er að bæta við Álftamýrarskóla ef áhugi er á.
- Frá því skýrslan var gerð hefur verið ákveðið að menntasvið HÍ flytji úr Stakkahlíðinni. Þar hefur því skapast tilefni til að kanna betur sviðsmynd VII.
- Ekki er þörf á þátttöku Austurbæjarskóla í safnskóla. Samkvæmt tölulegri greiningu skýrslunnar er nægt pláss þar til ársins 2040 og ekki tilefni til breytinga.
- Eðlilegt er að nemendur frá Hlíðarenda sækji Hlíðaskóla, sem er næsti skóli við hverfið. Það lágmarkar vegalengd heimilis og skóla og milli bekkjarfélaga. Það eykur líkur á samgangi eftir skóla og dregur úr umferð og mengun á morgnana.

B. Inngangur

Foreldrafélag Hlíðaskóla fagnar því að fá að taka þátt í að móta framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Ljóst er að bregðast þarf við fyrirsjáanlegri fjölgun barna í hverfunum og er það álit yfirgnæfandi fjölda þátttakenda í könnun meðal foreldra barna í Hlíðaskóla (sjá viðauka) að besta leiðin til þess séu heildstæðir hverfisskólar þar sem byggt væri við núverandi skóla. Önnur leið væri hugmyndin um safnskóla unglunga.

Markmið umsagnarinnar samkvæmt fylgibréfi skýrslunnar til borgarráðs frá 1. nóvember 2021 er að taka afstöðu til þess hvaða sviðsmynd “**styður best við skólastarfið í viðkomandi skólahverfum**”. Til að forðast endurtekningar kjósum við að fjalla um einstaka efnispætti þvert á sviðsmyndir frekar en að taka fyrir hverja sviðsmynd fyrir sig. Undantekning á þessu eru sviðsmyndir III og VII þar sem farið er dýpra í húsnæðismál þeirra sviðsmynda.

Í viðauka má finna niðurstöður könnunar sem gerð var meðal foreldra barna í Hlíðaskóla ásamt spurningalista.

C. Nemendur úr Hlíðarendahverfi sæki skóla í Hlíðaskóla - og safnskóla unglunga ef af verður

Í skýrslunni eru kannaðir tveir möguleikar á hvort nemendur úr Hlíðarendahverfi sæki skóla í Hlíðaskóla annars vegar eða Austurbæjarskóla hins vegar.

Eðlilegast er að nemendur úr Hlíðarendahverfi sæki skóla í Hlíðaskóla frekar en Austurbæjarskóla. Það lágmarkar vegalengd milli heimilis og skóla sem minnkar líkur á að nemendur séu keyrðir í skólann eða milli vana, sem aftur dregur úr bílaumferð og mengun.

Það eykur líkur á því að styttra sé milli heimila bekkjarfélaga sem eykur líkur á samskiptum utan skóla, sérstaklega meðal yngri barna.

Þá bætast við rök tengd skertu aðgengi í Austurbæjarskóla sem minnst er á hér að neðan og skipta mjög verulegu máli í skólastarfi.

Rök fyrir því að nemendur úr Hlíðarendahverfi fari í Austurbæjarskóla eru fyrst og fremst að þar er töluvert pláss vannytt. Hliðin sem snýr að nemendum og fjölskyldum mælir gegn því af ofangreindum ástæðum. Það “styður [ekki] best við skólastarfið í viðkomandi skólahverfum”.

Mynd 1. Nemendafjöldi og þol skólanna þriggja til ársins 2040. Miðað er við að nemendur frá Hlíðarenda fari í Hlíðaskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	547	419	128	457	90	470	77
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	427	544	-117	678	-251	779	-352
Samtals	1.349	1.420	-71	1.672	-323	1.873	-524

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda. Færanlegar skólastofur eru ekki teknar með í m² grunnskólanna.

D. Hugmyndin um safnskóla unglunga eða heildstæða hverfisskóla

Félagið er almennt opið fyrir báðum leiðum. Áskoranirnar liggja frekar í útfærslunni, húsnæði og staðsetningu en hugmyndinni sjálfri. Í skýrslunni kemur fram að “Ekki er til opinber stefna Reykjavíkurborgar hvað þetta varðar né heldur rannsóknir sem styðja við eina skólagerð umfram aðra. Rannsóknir sýna að faglegt starf í skólum og skólastjórnun er það sem mest áhrif hefur á skólabrag.” Það lítur því ekki út fyrir að ein skólagerð “styðji betur við skólastarfið í viðkomandi skólahverfum” en önnur.

Stækkaðir heildstæðir hverfisskólar

- Í skoðanakönnun sem gerð var meðal foreldra, kom fram mikill vilji til að styðja við hverfishugsun Hlíðahverfis. Margir töluðu um að ein helsta ástæða þess að viðkomandi flutti í hverfið og helsti kosturinn við hverfið væri gott aðgengi að leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum innan hverfisins í göngufjarlægð.
- Lágmarka röskun frá því sem nú er.
- Lágmarka vegalengd milli heimilis og skóla, sem kemur sér vel í verri veðrum þegar ganga þarf úr eða í skóla. Minnkar líkur á að nemendur séu keyrðir í skólann, sem aftur dregur úr bílaumferð og mengun.
- Stytttri vegalengd milli heimilis og skóla eykur líkur á þátttöku í starfi félagsmiðstöðva utan skólatíma.
- Barnafjölskyldur hafa öll sín börn í sama skólanum sem einfaldar þeirra líf og minnkar akstur milli skóla.
- Eldri nemendur líklegri til að stunda nám í sama skóla og yngri systkini og geta veitt þeim stuðning, t.d. á leið úr og í skóla eða eftir að skóla lýkur.
- Ekki til staðar kvíðavænleg tilfærsla milli skóla á viðkvæmum aldri í 8. bekk, heldur halda nemendur áfram í umhverfi sem þeir þekkja.
- Þörf á umtalsverðum viðbyggingum við bæði Hlíðaskóla og Háteigsskóla.

Safnskóli unglíngastígs (án tillits til staðsetningar)

- Skapar tækifæri til sérhæfingar á þjónustu við unglínga.
- Hægt verður að nýta sérhæft starfsfólk unglíngastíga með sérþekkingu á þjónustu við þennan aldur bæði í skóla og félagsmiðstöðvum, til að “láta draumana rætast”, fjölga valfögum og auka þjónustu. Til þess að t.d. fjölga valfögum þarf aukið fjármagn.
- Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglíngaskóla.
- Leiðir til aukinnar fjarlægðar milli heimilis og skóla sem minnkar líkur á þátttöku í starfi félagsmiðstöðva utan skóla og eykur líkurnar á akstri, umferð og mengun í hverfunum. Hversu mikið, fer eftir fjarlægð milli heimila og skóla.
- Börnin færast milli skóla við upphaf 8. bekkjar sem er kvíðvænlegt á viðkvæmum aldri.
- Jákvæður þáttur er að vinir og bekkjarfélagar fylgjast að yfir í unglíngaskólann sem dregur mjög úr neikvæðum félagslegum áhrifum á nemendur.

Helsti hvatinn til þessara breytinga er áætluð fjölgun nemenda í Hlíðaskóla og Háteigsskóla. Hvað snertir fjölda í skóla er ekki þörf á því að Austurbæjarskóli sé með í unglíngaskólanum þar sem þar er nægt pláss. Þátttaka Austurbæjarskóla væri því til að ná öðrum markmiðum.

E. Hlíðaskóli - Heimaskóli heyrnarlausra

Sérstaða Hlíðaskóla er að hann er heimaskóli heyrnarlausra. Þar er lögð sérstök áhersla á táknmál og fjölbreytta þjónustu við heyrnarskerta. Allir nemendur njóta þessa.

Allir nemendur skólans læra táknmál og heyrnarskertir nemendur og starfsfólk eru eðlilegur hluti af skólaumhverfinu sem þroskar nemendur og eykur víðsýni. Þá nýtist búnaður og aðstaða sem sérstaklega er miðuð að heyrnarlausum, öðrum nemendum vel. Það er samdóma álit stjórnar að þetta sé mjög mikilvægur þáttur í skólabrag Hlíðaskóla sem foreldrar meta mikils. Það yrði mjög neikvætt ef þetta yrði skilið eftir í “gamla” skólanum þegar flutt yrði í nýja safnskólann.

Að sama skapi væri neikvætt að sameinast skólum þar sem nemendur hafa ekki hlotið þjálfun í táknmáli sem hluta af sinni skólagöngu. Slíkt er líklegt til að auka á einangrun heyrnarskertra og heyrnarlausra nemenda hins nýja skóla.

F. Staðsetning og samgöngur

Frá Suðurverri í Vörðuskóla er 2 km gangur sé gengið beint yfir Klambratún en 2,2 km. sé farið meðfram Miklubraut og Snorrabraut. Google Maps telur þetta vera 25-30 mínútna göngu við bestu aðstæður. Úr Reynihlíð í Suðurhlíðum má búast við a.m.k. 35-40 mínútum. Veður, færð og fleira getur lengt þessa göngu enn meira. Þetta væri umtalsvert krefjandi yfir hávetur í myrkri og vondum veðrum rúmlega 8 að morgni. Þá stendur starf félagsmiðstöðva unglunga yfir til tíu á kvöldin og lítil stemning foreldra að láta börnin sín ganga yfir Klambratún á þeim tíma í myrkrinu, ein á leiðinni heim.

Það er því alveg augljóst, að það að gangan í skólann fari úr því að vera 5-10 mínútur í það að vera 35-45 mínútur eykur verulega líkurnar á því að foreldrar skutli börnunum í skólann með tilheyrandi mengun og umferð út úr hverfinu og inn í hverfið við Barónstíg og Vörðuskóla á háannatíma á morgnana. Þrjár bílferðir að meðaltali á viku í tengslum við skóla- eða frístundastarf, 40 vikur á ári, gera 120 bílferðir á skólaári fyrir hverja fjölskyldu. Þessi viðbótarumferð kæmi til viðbótar nýrri umferð tengdri stækkun Landspítala sem nú er í byggingu á svæðinu. Þar er umferð nú þegar mikil á háannatíma þegar skólar eru að hefjast á morgnana. Þessi umferð færi ekki ofan í Miklubrautarstokk, heldur bættist við umferðina á yfirborðinu sem mikill vilji er til að minnka eins og frekast er unnt.

Taki nemendur strætó er um að ræða flutninga á um 200 nemendum úr Hlíðahverfi sem allir þurfa að mæta í sama skólann á sama tíma á morgnana. Það er ljóst að ansi þröngt yrði í viðkomandi vagni.

Það er því samdóma álit stjórnarinnar að staðsetning safnskóla á Skólavörðuholti nálægt Vörðuskóla eða Austurbæjarskóla sé mjög slæmur kostur og komi því ekki til greina, hvorki í nýju húsnæði né gömlu.

Sama staða væri EKKI til staðar væri fundið húsnæði nær hverfunum. Þar má nefna viðbyggingu við núverandi skóla eða t.d. að nýta húsnæði Menntavísindasviðs HÍ í Stakkahlíð undir safnskóla fyrir unglíngastigið með fyrirvara um ástand þess (sjá að neðan).

G. Húsnæði: Vörðuskóli ekki valmöguleiki

Það sem helst stendur þessum sviðsmyndum fyrir þrifum að mati foreldrafélags Hlíðaskóla er sú áhersla sem lögð er á Vörðuskóla sem lykilkpátt í framkvæmdinni. Sú áhersla að koma Vörðuskóla í notkun stendur í vegi fyrir því að “styðja best við skólastarfið í viðkomandi skólahverfum” sem er yfirlýst markmið verkefnisins. Fyrir því eru margar ástæður.

Gamalt hús, slæmt aðgengi og eldvarnir

Lokið var við byggingu Vörðuskóla árið 1949 og er húsið því 73 ára árið 2022. Húsið uppfyllir ekki nútímakröfur skóla um aðgengi hreyfihamlaðra og almennt nútímalegt umhverfi. Hljóðvist er erfið í húsinu. Þá er stóra rýmið og stofurnar í kring allt eitt eldvarnarrými og því ekki æskilegt að vera með hundruð nemenda í húsinu ef kviknar í.

Mygla og loftgæði

Í uppkasti að skýrslu Verkfræðistofunnar Mannvits frá 15. mars 2019 kemur fram að þegar tekin voru 8 sýni í Vörðuskóla reyndist í 5 tilfellum (62%) vera vísbendingar um myglu og ástæða til að skoða viðkomandi svæði betur (sjá slóð á fylgiskjöl skýrslunnar hér efst í umsögninni). Í kjölfarið flutti Tækniskólinn alla sína starfsemi úr húsinu.

- https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/22/kvortudu_undan_othaegindum/
- https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/20/fundu_gro_og_sveppahluti_i_vorduskola/

“Almennt séð telst vöxtur myglusveppa innanhúss vera heilsuspillandi eins og staðfest er í leiðbeinandi reglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um inniloft í sambandi við raka og myglu. Koma skal í veg fyrir að vatn leki inn í hús eða þéttist úr inniloftinu og skapi vaxtarskilyrði fyrir myglusveppi. **Það eru börn, sjúklingar og gamalt fólk sem er næmast fyrir áhrifum myglusveppa.**” Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands, “Rannsókn á myglusveppum í níu sýnum úr Vörðuskóla í Reykjavík (verknr. 3.250.778) Málsnúmer: 2019010009”, Slóð: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/16_r20120022_baronsstigur_34_vorduskoli_leiga.pdf

Í skýrslu Mannvits kemur einnig fram í umfjöllun um loftgæði, að styrkur koltvísýrings í Vörðuskóla hafi mælst allt að 1.500 ppm. Til viðmiðunar er tilgreint í grein 10.2.8. í byggingareglugerð að meðalstyrkur skuli ekki vera meiri en 800 ppm að jafnaði til lengri tíma, og að hámarksstyrkur fari ekki yfir 1.000 ppm til skamms tíma. Þegar koltvísýringur safnast fyrir í rými “slævir hann fólk og getur valdið einbeitingarerfiðleikum, þreytu, höfuðverk og ýmsu fleiru”.

Sú staðreynd að Tækniskólinn, sá skóli sem menntar stóran hluta húsasmiða á Íslandi, hafi kosið að flytja alla sína starfsemi úr húsinu við fyrsta tækifæri eftir að skýrslan kom út árið 2019, gefur skýrt til kynna að starfsfólk skólans sem hefur mikla þekkingu á viðhaldi húsa, taldi það slæman kost að starfa áfram í húsinu. Það er því fráleitt að við veljum að fara þangað inn með börnin okkar.

Annars staðar þar sem komið hefur upp mygla í skólum í Reykjavík og víðar, hefur gengið mjög illa að losna við hana þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir svo árum skiptir. Það hefur haft mjög slæm heilsufarsleg áhrif á nemendur, auk þess að setja allt skólastarfið úr skorðum.

Á fundi með starfsfólki skóla- og frístundasviðs borgarinnar í febrúar 2022 kom fram hjá sviðsstjóra að aldrei yrði farið af stað með skólastarf í húsi sem ekki væri metið öruggt til notkunar vegna myglu eða annarra þátta. Sú staðreynd að Vörðuskóli sé lagður til grundvallar í þessari úttekt, þrátt fyrir að Tækniskólinn hafi valið að hætta þar starfsemi vegna myglu 2019, bendir til annars og veldur það foreldrum verulegum áhyggjum.

Umhverfismál

Á fundi með starfsfólk SFS í febrúar 2022 kom fram að umhverfis- og loftlagsmál vegi þungt þegar kemur að því nýta eldri byggingar í stað þess að byggja nýjar. Það að nýta Vörðuskóla sem grunnskóla kallar á endurbyggingu hans af töluverðum hluta eigi hann að uppfylla nútímakröfur um heilbriggt, nútímalegt skólahúsnæði. Í sviðsmynd II kemur fram að verði hann að safnskóla muni þurfa að byggja við skólann. Við það bætist aukin umferð sem hlýst af aukinni vegalengd milli heimila og skóla um áratugaskeið. Litlar líkur eru á að samarlögð umhverfisáhrif af þessari framkvæmd verði minni á líftíma skólans en áhrif annarra lausna sem í boði eru.

Ekki sama skyldunám barna og valkvæð notkun fullorðinna

Sé ætlunin að nota húsnæðið áfram undir aðra starfsemi en skóla, er mjög mikilvægt að hreinsa húsið eins og hægt er af myglu. Erfitt er að rífa húsið þar sem það er verndað. Mygla er þannig að sumir eru mjög viðkvæmir fyrir henni en aðrir síður. Sumir fullorðnir nýta slík hús til lengri tíma án þess að það hafi áhrif en það er fráleitt að skólayfirvöld skipi börnum, þ.m.t. börnum með undirliggjandi sjúkdóma, að starfa í slíku rými um árabíl.

Hægt er að koma upp starfsemi í húsinu þar sem fullorðið fólk velur meðvitað hvort það vill starfa í húsinu eða ekki - öfugt við grunnskólabörnin sem væri skipað að dvelja þar svo árum skiptir í sínu skyldunámi, án þess að hafa val um annað rými. Á þessu er grundvallarmunur. Fram kemur í áliti Náttúrufræðistofnunar að börn séu almennt viðkvæmari fyrir myglu en fullorðnir. Væri húsnæðið nýtt sem grunnskóli fyrir börn í skyldunámi, þyrftu þeir nemendur sem veldu að starfa ekki í húsinu, að færa sig í annan grunnskóla í öðru hverfi. Það er mjög mikið rask fyrir börn og algerlega óásættanlegt.

Niðurstaða vegna Vörðuskóla

Að flytja börnin okkar úr núverandi húsnæði Hlíðaskóla, yfir í Vörðuskóla er ekki valmöguleiki að okkar hálfu. Fyrir því liggja margar ástæður sem hafa verið tíundaðar hér að ofan. Nýtt hús á lóð Vörðuskóla væri ekki heldur valmöguleiki, þar sem staðsetningin er of langt frá hverfinu okkar, sjá “Staðsetning og samgöngur” að ofan. Það er eðlismunur á því hvort fullorðið fólk velji sjálf að starfa í húsinu annars vegar eða að börn séu skyldug til þess hins vegar.

H. Austurbæjarskóli

Í sviðsmyndum IV. og V. er lagt til að nemendur úr öðrum skólum flytjist í Austurbæjarskóla. Austurbæjarskóli tók til starfa 1930 og er því 92 ára í ár. Í gögnunum kemur skýrt fram að aðgengi hreyfihamlaðra sé mjög skert í húsinu og ekki líkur á að hægt verði að bæta það verulega, þótt hægt væri að gera minniháttar breytingar með ærnum tilkostnaði. Árið 2040 væri Austurbæjarskóli orðinn 110 ára og enn síður ástæða til að leggja hann til grundvallar í þeirri viðleitni að láta “fram tíðarskipan” “styðja best við skólastarfið í viðkomandi skólahverfum”. Hvað staðsetningu áhrærir eiga öll rök sem áður hafa verið nefnd vegna staðsetningu Vörðuskóla, einnig við um

Austurbæjarskóla. Austurbæjarskóli er því ekki valmöguleiki að álit foreldrafélags Hlíðaskóla. Kjósi Reykjavíkurborg að bæta nýtingu skólans er hægt að leigja út afmarkaða hluta hans.

I. Sviðsmynd III. Byggt við Hlíðaskóla

Í sviðsmynd III er lagt til að unglingar úr Háteigsskóla og Austurbæjarskóla sameinist í safnskóla fyrir unglunga en að byggt verði við Hlíðaskóla. Foreldrafélag Hlíðaskóla tekur þann hluta sviðsmyndarinnar til umfjöllunar sem snýr að Hlíðaskóla. Víst er að mörgum foreldrum í Hlíðaskóla litist mjög vel á þá hugmynd að skólinn haldi áfram sem heildstæður hverfisskóli (sjá umfjöllun um heildstæðan hverfisskóla hér fyrir í umsögninni og niðurstöður skoðanakönnunar).

Á myndunum hér að neðan má sjá að möguleiki er á umtalsverðri stækkun Hlíðaskóla á núverandi lóð án þess að taka mikið af skólalóðinni.

Margar leiðir eru til stækkunar á Hlíðaskóla. Dæmi um stækkunarmöguleika eru ílangar álmur, sem liggja í norður/suður á núverandi skólalóð. Hægt væri t.d. að fjölga sambærilegum álmum í vestur og austur, að enda skólans báðum megin (sjá seinni myndina). Í stað þess að vera með þrjár álmur í dag, gætu þær verið fimm, sjö eða jafnvel níu.


Lóð Hlíðaskóla er lítil en rúmt er um hana til vesturs og austurs:

- Væri hægt að lengja skólalóðina til vesturs út á hringtorgið og gera það að hefðbundnum gatnamótum?
- Væri hægt að lengja skólalóðina til austurs út á eða yfir Háuhlíðina? Þar er mikið pláss ónýtt í tengslum við lóð Menntaskólans við Hamrahlíð svo nokkur atriði séu nefnd.

Hér að neðan má sjá einfaldar yfirlitsmyndir sem staðfesta að hægt er að byggja mjög mikið við Hlíðaskóla án þess að það skerði mikið leiksvæði nemenda. Fagfólk gæti klárlega fundið ótal aðrar leiðir að því markmiði.



Mynd 01: Loftmynd af Hlíðaskóla. Endabyggingarnar eru á einni hæð Heimild: Borgarvefsjá



Mynd 02: Dæmi um mögulega útfærslu viðbygginga við Hlíðaskóla. Hér má sjá einfalda útgáfu með sjö álmum en þær gætu auðveldlega orðið a.m.k. níu. Sýnir að hægt er að byggja mjög verulega við Hlíðaskóla á núverandi lóð án þess að raska mikið leiksvæði nemenda.

J. Sviðsmynd VII. Húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð kannað betur

Starfshópurinn kaus að skoða ekki nánar sviðsmynd VII þar sem skoðaður er sá möguleiki að nýta húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð undir grunnskólastarf.

Það væri áhugaverð staðsetning fyrir safnskóla fyrir unglunga ef ákveðið yrði að fara þá leið, enda mikið styttra að fara fyrir nemendur í Hlíðaskóla og Háteigsskóla. Þá er Álftamýrarskóli í 500 metra fjarlægð og með hugsanlegri göngubrú yfir Kringlumýrarbraut milli Miklubrautar og Háaleitisbrautar væri einnig hægt að bæta við unglungum þaðan ef áhugi væri fyrir því.


Nægt pláss er í Austurbæjarskóla til að hann verði heildstæður skóli til 2040. Húsnæðisskortur kallar því ekki á að flytja nemendur hans í aðra skóla.

Frá því starfshópnum var falið verkefnið hefur verið tekin sú ákvörðun að Menntasvið Háskóla Íslands flytji starfsemi sína að Hagatorgi og því ljóst að á næstu misserum verði breyting á notkun hússins við Stakkahlíð. Eigi að kanna möguleika á safnskóla, hvetjum við til þess að sviðsmynd VII verði skoðuð nánar, ástand hússins kannað ásamt því hvort möguleiki sé að borgin kaupi húsið af ríkinu. Að sama skapi er tilefni til að kanna önnur hús miðsvæðis í hverfinu.

K. Lokaorð

“Ekkert um okkur án okkar” stendur einhvers staðar. Við foreldrar í Hlíðaskóla leggjum á það höfuðáherslu að ekki verði farið í breytingar nema í góðu samstarfi við foreldrana í hverfinu og að foreldrar og nemendur fái að taka þátt í undirbúningi og ákvarðanatöku á öllum stigum máls. Eingöngu koma til greina lausnir sem sannarlega “styðja best við skólastarfið í viðkomandi skólahverfum”.

Virðingarfyllt f.h. foreldrafélags Hlíðaskóla,



Eygló Svala Arnarsdóttir


Formaður foreldrafélags Hlíðaskóla

Viðauki A: Skýrsla um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs: Samantekt viðhorfskönnunar meðal foreldra Hlíðaskóla

Víkuna 17.-24. janúar 2022 gerði foreldrafélag Hlíðaskóla netkönnun til að kanna afstöðu foreldra gagnvart hugmyndum sem fram koma í skýrslu um Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs. Góð þátttaka var í könnuninni, en 174 foreldrar skiluðu svörum. **Helsta niðurstaða þessarar könnunar að sú að foreldrar Hlíðaskóla eru afdráttarlaust mótfallnir hugmyndum sem kynntar eru um flutning unglिंगadeildar í Vörðuskóla og einnig eru flestir almennt mótfallnir hugmyndum um safnskóla.**


Hér að neðan er samantekt á svörum foreldra og spurningalistinn sjálfur. Tekið skal fram að í niðurstöðunum er ekki gerður greinarmunur á þeim foreldrum sem höfðu kynnt sér skýrsluna (140 þátttakendur) og þeim sem ekki höfðu gert það (34 þátttakendur), enda var sá hópur sem hafði kynnt sér skýrsluna hvergi marktækt frábrugðinn heildinni.

Foreldrar voru fyrst spurðir hvernig þeim litist á tillögurnar. Einungis um 11% þátttakenda leist vel eða mjög vel á þær en um 63% leist illa eða mjög illa á þessar hugmyndir. Þó nokkrir voru hlutlausir gagnvart tillögunum almennt, sem mögulega er vegna þess að þeim leist vel á sumar en ekki aðrar. Þegar skoðaðar eru niðurstöður spurningar um hvaða tillaga var best má einmitt glöggt sjá að töluverður munur er á afstöðu þátttakenda eftir sviðsmynd og er **Sviðsmynd III** greinilega langvinsælust. Það er sú sviðsmynd þar sem Austurbæjarskóli og Háteigsskóli sameinast í safnskóla og að byggt verði við Hlíðaskóla. Þannig má leiða líkum að því að foreldrum við Hlíðaskóla hugnist illa að senda unglिंगadeildina annað.



Þátttakendur voru einnig beðnir um afstöðu sína til hvernar tillögu fyrir sig. Þannig má gera greinarmun á því hvort foreldrar eru almennt ánægðir með Sviðsmynd III eða hvort hún er einungis talin illskárst. Eins og sjá má af niðurstöðunum eru skoðanir foreldra afdráttarlausar gegn öllum tillögum þar sem nemendur Hlíðaskóla myndu flytjast í Vörðuskóla. Þegar kemur að Sviðsmynd III, þar sem byggt yrði við Hlíðaskóla, eru hins vegar skiptar skoðanir. Stærsti hópur svarenda er þó ánægður með þessa tillögu en einnig er mögulegt að foreldrar Hlíðaskóla treysti sér síður til að taka afstöðu til sviðsmyndar sem einungis varðar breytingu á skólaskipan í öðrum skólum en sínum eigin.

Hver er afstaða þin til tillagnanna? Hvernig list þér á hverja tillögu fyrir sig?



Þátttakendum gafst kostur á að skrifa athugasemdir á þremur mismunandi stöðum í könnunni og 120 þátttakendur nýttu sér það á a.m.k. einum stað. Ýmsar hugmyndir og skoðanir voru reifaðar í þessum athugasemdum en þó mátti greinilega sjá að foreldrum var sérstaklega umhugað um **samgöngumál** annars vegar og **safnskólamál** hins vegar. Svörin voru því flokkuð eftir því hvaða áhyggju- og áhugamál komu fram og er þeirri samantekt lýst í súluritinu hér að neðan. Tekið skal fram að sumir foreldrar bentu á fleiri en eitt málefni og því er heildarfjöldi athugasemda töluvert hærri en 120. Eins er bent á að valkvætt var að svara í athugasemdum og því varasamt að túlka fáar athugasemdir um ákveðið málefni þannig að einungis fáir hafi áhyggjur. Áhyggjur af myglumálum koma t.d. fram í sjö athugasemdum en vel er mögulegt að töluvert fleiri hefðu lýst yfir slíkum áhyggjum ef gagnert hefði verið spurt um þau.



Eins og sjá má hafa foreldrar miklar áhyggjur af samgöngum ef safnskóli í Vörðuskóla verður að veruleika. Sérstaklega benda foreldrar á [langa gönguleið](#) fyrir nemendur, og þá helst fyrir þau sem búa í Suðurhlíðum. Eins hafa margir áhyggjur af auknum [umferðarpunga](#) þegar foreldrar fara í stórum stíl að keyra börnin sín í skólann á morgnana. Þó nokkrir bentu á að nú þegar væri mikil umferð kringum Vörðuskóla og að sú umferð myndi aukast enn frekar með tilkomu nýs sjúkrahúss. Foreldrum hugnast einnig mjög illa að senda börnin sín yfir [þungar umferðargötur](#), eins og Miklubrautina, og sjá fyrir sér að þátttaka Hlíðabarna í starfsemi [félagsmiðstöðvarinnar](#) muni minnka til muna vegna aukinnar fjarlægðar. Telja sumir foreldrar því mikla hættu á því að félagsmiðstöðvarstarf myndi aðallega nýtast núverandi nemendum Austurbæjarskóla.

Annað aðalræðuefni foreldra í athugasemdum tók til skoðana á [safnskólum](#). Flestir sem minntust á safnskóla í athugasemdum sínum tóku eindregna afstöðu með eða á móti og sjá má á niðurstöðunum að töluvert fleiri eru andsnúnir safnskólum en fylgjandi. Nokkrir óskuðu þó eftir upplýsingum um rannsóknir á mismuni á líðan og námsárangri nemenda í safnskólum annars vegar og hverfisskólum hins vegar og fannst erfitt að taka afstöðu að svo stöddu máli.

Þó að samgöngu- og safnskólamál hafi greinilega verið foreldrum ofarlega í huga komu ýmis önnur mál fram í athugasemdum sem vert er að ræða sérstaklega. Nokkrir minntust á [ástand Vörðuskóla](#) sem sérstakt áhyggjuefni. Þar var tiltekið bæði langvarandi mygluvandamál (og Fossvogsskóli tekinn sem dæmi um sambærilegt ástand sem bæri að forðast í lengstu lög) og aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Tekið var fram að Tækniskólinn hefði ekki haft áhuga á að nýta húsnæðið, sem væri mögulega merki um að það væri tæpast hæft til skólustarfs. Einstaka foreldrar tóku fram afdráttarlausu mótstöðu við notkun Vörðuskóla en ekki endilega við hugmyndir um safnskóla og komu upp spurningar varðandi mögulega notkun á [húsnæði Menntavísindasviðs](#) HÍ við Stakkahlíð þegar það losnar.

Áhyggjur af framtíð [táknmálsdeildar](#) komu einnig fram í svörum nokkurra foreldra, sem benda á að í Hlíðaskóla hafi verið byggð upp aðstaða til að auðvelda heyrnarlausum börnum þátttöku í almennu skólustarfi. Slík þekking og sérstaða myndi mögulega hverfa í nýjum safnskóla, þar sem hlutfall heyrnarlausra nemenda í unglिंगadeild myndi lækka töluvert.

Nokkrir foreldrar komu inn á nýtt [Hlíðarendahverfi](#) og veltu upp þeirri spurningu hvort það ætti að teljast sérstakt skólahverfi í stað þess að blanda þeim nemendum við aðra skóla. Eins var bent á að Vörðuskóli væri augljóslega of lítil til að leysa fjölgunarvandamálin sem eru til staðar í Hlíðaskóla og Háteigsskóla, gangi forspár eftir, og að sú lausn að byggja við Vörðuskóla hlyti alltaf að koma á kostnað leiksvæðis nemenda við Austurbæjarskóla. Að lokum benti eitt foreldri á að þessar hugmyndir væru í þversögn við yfirlýsta stefnu borgarinnar á ýmsum sviðum, t.d. Betri borg fyrir börn, Græn skref Reykjavíkurborgar, og Þjónustustefnu borgarinnar, sem leggur sérstaka áherslu á notendamiðaða hönnun og nærþjónustu.



Hugmyndir um safnskóla

Reykjavíkurborg hefur sett fram hugmyndir um safnskóla fyrir nemendur Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla og Háteigsskóla í Vörðuskóla:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/skyrsla_starfshops_um_vorduskola_og_naerliggjandi_skolahverfi_mai_2021.docx.pdf.

Nýlega var rætt um tillögurnar á fundi Íbúðarráðs Miðborgar og Hlíða:

<https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-25-8>.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur kallað eftir umsögnum foreldrafélaga skólanna. Foreldrafélag Hlíðaskóla vill kanna hug foreldra barna í skólanum til hugmyndanna með eftirfarandi könnun.

siggiulfars@gmail.com (not shared) [Switch account](#)

* Required

Hefur þú kynnt þér tillögur Reykjavíkurborgar um safnskóla? *

- Já.
- Nei.
- Nei, en ég hef áhuga á því að skoða þær betur.
- Nei, og ég tel að ég muni ekki gera það.

Hvort sem þú hefur kynnt þér tillögurnar eða ekki, þá þætti okkur vænt um að heyra um afstöðu þína til þeirra hér fyrir neðan.

Hvernig líst þér á tillögurnar? *

	1	2	3	4	5	
Mjög illa.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög vel.

Hvaða tillaga finnst þér best? *

- Voðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þórf.
- Voðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þyrfti húsnæði Voðuskóla með einhverjum hætti.
- Voðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þórf.
- Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Voðuskóla.
- Húsnæði Voðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingum úr hinum skólunum þremur.
- Mér fannst nokkrar tillögur bestar.
- Mér finnst allar tillögurnar slæmar.

Ef þér finnst nokkrar tillögur bestar, þá máttu telja þær upp hér.

Your answer

Hvers vegna finnst þér þessi tillaga (eða tillögur, ef vill) öðrum betri?

Your answer

Hver er afstaða þín til tillagnanna?

Segðu okkur hvernig þér líst á hverja tillögu fyrir sig hér að neðan.

Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.

Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf. *

	1	2	3	4	5	
Mjög illa.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög vel.

Voðrðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en

stækka þyrfti húsnæði Voðrðuskóla með einhverjum hætti. *

	1	2	3	4	5	
Mjög illa.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög vel.

Voðrðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og

Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf. *

	1	2	3	4	5	
Mjög illa.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög vel.

Austurbæjarskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en

1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Voðrðuskóla. *

	1	2	3	4	5	
Mjög illa.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög vel.

Húsnæði Voðrðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglíngum úr hinum skólunum þremur. *

	1	2	3	4	5	
Mjög illa.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Mjög vel.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri við Foreldrafélag Hlíðaskóla sem viðkemur álitserð þess um tillögur Reykjavíkurborgar?


Your answer

Submit

Clear form

Never submit passwords through Google Forms.

This content is neither created nor endorsed by Google. [Report Abuse](#) - [Terms of Service](#) - [Privacy Policy](#)





Reykjavík, 14.febrúar 2022

Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
Borgartúni 10-12

Umsögn varðandi framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. nóvember 2021 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík til borgarráðs, dags. 1. nóvember 2021, um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla ásamt skýrslu um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Tjörninn frístundamiðstöð fékk ósk um að skila inn umsögn um skýrslu sem að starfshópur skilaði inn https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/218_11.1_bref_skyrsla.pdf. Einnig skilar hver og einn starfstaður inn umsögn en það eru frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöðin 100og1 við Austurbæjarskóla, frístundaheimilið Eldflaugin og félagsmiðstöðin Gleðibankinn við Hlíðaskóla og frístundaheimilið Halastjarnan og félagsmiðstöðin 105 við Háteigsskóla.

Skýrslan er skýr og góð og margt gott sem að þar kemur fram. Einna helst viljum við koma á framfæri að hugsa þarf öll mannvirki þannig að hægt sé að hafa góða samnýtingu og samstarf milli þeirra sem að nýta mannvirkið. Mikilvægt er að hafa vinnurými stjórnenda í skóla- og frístundastarfi á sama plani þannig að samtal verði auðvelt og gott. Hanna og endurhugsa þarf eldri mannvirki í takt við græna planið þar sem samnýting er í fyrirrúmi. Til að nýta mannafla, búnað og áhöld er mikilvægt að hugsa nýtingu á skólaeldhúsa fyrir bæði frístunda- og skólustarf líkt og mannvirkið allt.

Við tökum ekki afstöðu til hvaða sviðmynd myndi henta best heldur leggjum ríka áherslu á að hver starfsstaður fái aðstöðu sem að hentar starfinu til að geta unnið í takt við menntastefnu, frístundastefnu og græna planið.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar þurfa að hafa gott aðgengi að útilóð og flæði milli byggingar og útisvæðis þarf að vera gott.

Á sumrin og í öllum skólaleyfum eru frístundaheimili opin allan daginn og félagsmiðstöðvar sinna bæði dag- og kvöldstarfi. Einnig þarf að muna eftir lögum 2018, nr.38 9.maí. þar sem fram kemur að sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundapjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki.

Vörðuskólinn hentar að okkar mati betur fyrir unglिंगadeild heldur en fyrir yngri börn. Þar er opið alrými sem að hentar vel til þessa að styrkja félagslega þáttinn og búa til skemmtilega stemningu í frímínútum. Í Vörðuskóla eru einnig skemmtileg smiðjurými til dæmis í gömlu húsvarðaríbúðinni og sérgreinastofur sem að hægt er að samnýta í skóla- og frístundastarfi. Hugsa þarf út í að hafa aðstöðu félagsmiðstöðvarstarfs fyrir börn í 5.-7.bekk úti í yngri barna skólunum og búa til rými fyrir það starf þar.

Skólalóðin við Austurbæjarskóla hentar afar vel fyrir yngri börnin enda er hún ævintýri út af fyrir sig en skólalóð Vörðuskóla er ekki hentung leiklóð fyrir ung börn.

Huga þarf vel að samgöngum og leiðarkerfi strætó komi til þess að börn og unglingar þurfi að fara út úr hverfinu til að sækja skóla- og frístundastarf.

Samstarf og tengsl milli foreldra hefur mikið forvarnargildi í baráttu gegn áhættuhegðun, einelti og ofbeldi. Huga þarf vel að því að skapa sterkt foreldrasamstarfi í tengslum við breyttar aðstæður. Mikilvægt er að starfsfólk skóla og félagsmiðstöðvar nýs safnskóla séu foreldrum innan handar við að búa sér til samtalsvettvang. Tryggja þarf gott samstarf nemendapjónustu skóla og starfsfólks félagsmiðstöðvar.

Mikilvægt er að heyra raddir barna og unglunga og leyfa þeim að heyra frá öðrum börnum og unglungum sem að hafa reynslu af því að fara yfir í safnskóla.

Ef að Vörðuskóli verður fjölmennur unglingskóli er mikilvægt að ráðinn verði tómsunda- og félagsmálafræðingur sem að sér um að vera brúarsmiður milli skóla og félagsmiðstöðvar.

Vanda þarf til verka varðandi mannauðsmál ef að farið verður í sameiningar til að koma í veg fyrir að mikilvæg fagreynsla tapist.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í borgarhlutanum þurfa öll, nema félagsmiðstöðin 100og1 sem hefur góða aðstöðu í Spennistöðinni, að fá betra rými. Þröngt er á öllum stöðum og húsnæði hentar ekki nógu vel undir starfsemina.

Reykjavík, 15.febrúar 2022

Andrea Marel, deildarstjóri unglingsstarfs í Tjörninni

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar

Steinunn Gretarsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Tjörninni

Umsögn um Vörðuskóla verkefnið – Félagsmiðstöðin 100og1

Á starfsmannafundi í félagsmiðstöðinni 100og1 kynnti forstöðumaður sviðsmyndirnar sem teiknaðar hafa verið upp fyrir framtíð skóla- og frístundastarfs í miðborg og hlíðum fyrir starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar. Í kjölfarið fórum við yfir styrkleika og veikleika þessa verkefnis og veitum hér umsögn um þessar sviðsmyndir út frá okkar sjónarhorni.

Sviðsmynd 1.

I. Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.

Styrkleikar og tækifæri: Fjölbreyttari unglingshópur og krakkarnir eiga meiri möguleika á að finna sameiginlega tengingu og mátað sig í stærri hópi nemenda. Hægt að skipuleggja skólaumhverfið og útbúnað með þarfir unglingsanna að leiðarljósi. Kjörrið tækifæri til að hrista upp í námsaðferðum og fá raddir ungmennanna að borði hvaða sóknartækifæri þau sjá í námsaðferðum og leiðum sem hægt er að bjóða upp á.

Veikleikar og ógnanir: Með stærri unglingshóp höfum við einnig áhyggjur af „týndu“ börnunum og þeim sem þurfa sérstaklega á félagslegri styrkingu og utan umhaldi að halda. Þau eigi auðveldara með að læðast meðfram veggjum og fela sig í fjöldanum.

Fjarlægð fyrir krakkana sem búa í Hlíðahverfinu í að sækja bæði skóla og félagsmiðstöðina er löng. Samgöngur ábótavant þó svo að þær eru að verða betri hvað varðar undirgöng og gatnaljós eftir gatnaframkvæmdir undanfarna mánuði.

Með þessu er verið að hrista upp í útfærslu og skipulagi á 10-12 ára starfi skólanna sem hefur verið mjög takmarkað og lítið hingað til.

Sérstaða skólanna tveggja, fjölmenningskóli annarsvegar og aðstæður og aðbúnaður fyrir heyrnalausum hins vegar settar saman undir einn hatt og veltum við því fyrir okkur hvort það gæti orðið minni sérstaða fyrir vikið.

Meiri líkur á að foreldrasamstarf og að foreldrar verði vera þar sem þau þekkja hvort annað minna, það er almennt erfitt að virkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og samtali en þetta gæti orðið þrautinni þyngri og höfum við áhyggjur miklar af því. Það hefur sýnt sig í

einu og öllu hvað það er mikilvægt að foreldrar þekki hvort annað og börn hvors annars upp á samstöðu í hópnum út frá forvarnavinklinum.

Sviðsmynd 2.

II. Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þyrfti húsnæði Vörðuskóla með einhverjum hætti.

Styrkleikar og tækifæri: Fjölbreyttari unglingahópur og krakkarnir eiga meiri möguleika á að finna sameiginlega tengingu og mátað sig í stærri hópi nemenda. Ný bygging sem hægt er að hanna með þarfir og áhuga unglunga sérstaklega í huga. Við sjáum möguleika í að þarna væri hægt að vera með tómsfundamenntaðan starfsmann inni í skólanum og tengilið við félagsmiðstöðina til þess að sinna þessum stóra hóp enn frekar og reyna að hafa yfirsýn yfir þá krakka sem þurfa sérstaklega á félagslegri styrkingu og valdeflingu frá félagsmiðstöðinni að halda. Starf félagsmiðstöðvanna í dag er orðið mjög öflugt og faglegt og því sjáum við einnig tækifæri í að með stóran og fjölbreyttur hóp af krökkum er hægt að bjóða upp á fjölbreytt, skapandi og fjörukt starf.

Veikleikar og ógnanir: Mjög stórir árgangar, auðvelt fyrir þá sem láta minna fyrir sér fara að tynast í fjöldanum. Breytingar og áhyggjur á foreldrasamstarfi og samtali. Stærri hópur og minni samskipti og minna frumkvæði í foreldrum að eiga samstarf því þau þekkja ekki alla eins vel og áður.

Í minni félagsmiðstöðvunum þekkir starfsfólkið krakkana vel og öll með nafni þrátt fyrir að einhverjir mæta minna til okkar. Við höfum góða yfirsýn yfir nemendahópinn og með puttann á púlsinum yfir því hvað er í gangi hverju sinni. Það gæti orðið flóknara að mæta þörfum þeirra krakka sem þurfa sértækan stuðning inn í starfinu, þau eru þá líklegri til þess að tynast.

Fjarlægð frá félagsmiðstöðinni er mikil fyrir stóran hluta af þessum krökkum og gæti orðið minni mæting í félagsmiðstöðina þar sem þau þurfa mörg að ferðast langa leið til þess að koma.

Sviðsmynd 3.

- III. Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.

Styrkleikar og tækifæri: Sama og hefur komið hér að ofan varðandi nemendahópin, fjölbreyttari og stærri hópur opnar á möguleika nemenda til þess að máta sig í stærri hóp og finna jafningja sem þau tengja meira við.

Veikleikar og ógnanir: Samgöngur milli þessara tveggja hverfa eru ekki góðar. Krakkarnir þurfa að fara yfir stóra umferðagötu til þess að komast leiða sinna. Bæta þarf bæði hjóla og strætisvagnasamgöngur.

Sviðsmynd 4.

- IV. Austurbæjarskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla.

Okkur finnst þessi tillaga síst af þeim sem teiknaðar eru upp. Við sjáum fleiri galla en kosti í henni. Aðgengi inn í og innan Austurbæjarskóla er mjög lélegt og sérstaklega fyrir nemendur með fötlun, engin lyfta eða hjólastólalyfta í húsnæðinu.

Sviðsmynd 5.

- V. Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingum úr hinum skólunum þremur.

Styrkleikar og tækifæri: Stærri og fjölbreyttari nemendahópur. Fjölbreytt félagslíf.

Veikleikar og ógnanir: Flækifótur að vera með einn og sama skólann í tveimur aðskildum byggingum. Samgöngur ábótavant. Farið yfir mikla og þunga umferðagötur til að komast í skólann.

Á við allar sviðsmyndir:

Við sjáum ókost í því að með sameiningu allra skóla innan hverfisins að þá hverfur möguleiki krakka sem líður illa í skólanum sínum að skipta um skóla og komast í nýtt umhverfi innan síns hverfis og byrja með autt blað.

Við höfum áhyggjur af samheldni í foreldrahópnum út frá forvarnarmódelinu. Það er minni virkni í foreldrahópum þegar stærðin er meiri og þú þekkir ekki allan hópinn vel.

Við sjáum sóknartækifæri í stórum og fjölbreyttum nemendahópnum þar sem fleiri geti speglað sig og fundið sig í öðrum vinahópum þar sem þau tengja meira við krakkana út frá til dæmis áhugamálum, hinsegin pælingum ofl.

Kannski væri hægt að bjóða upp á frístundarútu milli hverfa fyrir krakkana til þess að sækja félagsmiðstöðina sem myndi að einhverju leyti leysa samgönguvanda.

Væri mjög mikilvægt að nýta reynslu og þekkingu í mannauðnum sem gæti tapast við sameiningu á félagsmiðstöðvum inni í skólaumhverfinu til að mynda brú við nemendur og félagsmiðstöðina. Sbr. tómstunda- og félagsmálafræðingur í Hagaskóla.

Vörðuskóli – punktar

Tillaga 1

Háteigsskóli er löngu sprunginn og löngu orðið tímabært að stækka skólann. Við teljum óraunhæft að það verði gert með góðum og almennilegum hætti en engu að síður væri það farsælasta lausnin að okkar mati. Ef horft er til stækkunar við skólann undanfarin ár hafa viðbætur verið í formi húskofa sem hafa bæst við skólalóðina en ekki í viðbyggingu við skólann sem væri líklega sjálfbærari lausn.

- Eftir að hafa farið yfir skýrslu starfshóps um Vörðuskóla og ígrundað hugmyndir um hvað skuli koma fram í okkar umsögn að þá höfum við komist að því að afar erfitt er að móta ákveðna skoðun á að hvað sé réttast að gera í svona stórum og áhrifamiklum umbótaáðgerðum. Fyrir það fyrsta er óvitað og ekki gert ráð fyrir starfsgildum Félagsmiðstöðvarinnar 105 eða Gleðibankans í mörgum tillögum. Því er ein af okkar helstu áhyggjum varðandi Vörðuskóla sú að fagauður í stjórnendastöðum frístundaheimila og félagsmiðstöðva gæti tapast.
- Þá gerir maður sér hugmyndir um að samstarf foreldra í skólunum gæti riðlast talsvert. Foreldrar eru búnir að mynda tengingar í skólum barna sinna nú þegar. Ef að breytingar verða á bekkjum barna þeirra gæti reynst erfitt að mynda jafn góð tengsl og voru búin að byggjast upp í þónokkurn tíma áður. Jafnvel að foreldrar eigi erfitt með að leggja í það verkefni og utanumhald því ekki jafn gott og áður.
- Ein af helstu félagslegu ástæðum (fyrir nemendur á miðstigi og unglिंगastigi) þess að þetta sé vandmeðfarið er sú að þegar farið verður í stærri deildir (skóla) gæti það reynst mörgum aðilum of mikið og hættan verði sú að einstaklingurinn tynist að einhverju leyti í fjöldanum. Félagsmiðstöðin verði orðin það stór að það verði illviðráðanlegt fyrir einstaklinginn að mæta þangað. Yfirsýn starfsfólks verður minni og gæti reynst erfiðara að ná inn félagslega einangruðum aðilum í starfið sökum þess að fjöldinn verður það mikill að maður hreinlega þekkir ekki alla eins vel. Sömuleiðis er ekki gert ráð fyrir stækkun félagsmiðstöðva í neinum af þessum tillögum og er það ekki í samræmi við stækkunina á þeim hópi sem sameiginleg félagsmiðstöð myndi þurfa að þjónusta.
- Svo eru hugleiðingar eins og hvort að fjarlægðirnar séu ekki orðnar of miklar fyrir börn sem eru vön því að fara í skóla í næsta nágrenni við heimili sitt. Samgöngurnar, eru þær nægilega góðar þegar að kemur að leiðum fyrir börn og unglिंगa að koma sér í Vörðuskóla.
- Áhyggjur af miðstigsfélagsstarfinu eru miklar og hvernig því verður háttað í mörgum af þessum tillögum. Þar er tilfinningin að hópurinn gæti glatast og átt erfiðara með þá breytingu að færa sig í félagsmiðstöð í Vörðuskóla þegar þar að kemur ef ekki er rétt haldið utan um hópinn í þessum umbreytingum. Mikilvægt er að gæði miðstigsstarfs viðhaldist. Gæti reynst erfitt ef að félagsmiðstöðin þarf að viðhalda starfi á tveim stöðum (í unglिंगadeild í Vörðuskóla og miðstigi í hverfis-skóla). Því leggjum við til að prufað verði að halda félagsmiðstöðvum í öllum skólum og þar verði sérstakar félagsmiðstöðvar fyrir miðstigið. Það hefur ekki verið reynt áður og væri áhugavert að sjá hvernig félagsmiðstöð sem einblínir á miðstigið myndi ganga.
- Þá bárust okkur fregnir af því að hugmyndir um nýtingu gamla háskólahúsnæðisins í Stakkahlíð fyrir einhvers konar útfærslur hefðu alveg verið slegnar út af borðinu og væri gaman að vita ástæðurnar fyrir því. Gæti reynst góður kostur sem húsnæði fyrir sameinaðar unglिंगadeildir tveggja eða fleiri skóla (sem dæmi).
- Við gerum okkur grein fyrir því að það leynast einnig ýmsir kostir við margar af þessum tillögum. Börn hverfaskólanna þaðan sem unglिंगadeildirnar færast hafa meira rými fyrir sig

og hverfisskólarnir sömuleiðis ættu að hafa meira rými fyrir 1. – 7. bekkina (í þeim tillögum sem við á). Meira rými fyrir alla er jú ein aðalástæða þessara aðgerða. Þá hefur stór sameinuð unglingsdeild tækifæri á borð við að hafa stærri og fjölbreyttari hópa innanhús hjá sér.

Gissur Ari Kristinsson og Hafsteinn Bjarnason,
Stjórnendur Félagsmiðstöðvarinnar 105.

Umsögn forstöðumanns Gleðibankans um Vörðuskóla

Forstöðumanni félagsmiðstöðvar Gleðibankans hafa verið kynntar hugmyndir um safnskóla í Vörðuskóla. Forstöðumaður og starfsmenn taka í raun bara afstöðu gagnvart þeim sviðsmyndum sem snúa að Hlíðaskóla en telur þær áhættur sem fylgja safnskólum eiga við allar sviðsmyndir og þá skóla sem eiga í hlut. Forstöðumaður kynnti allar sviðsmyndir fyrir starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar á starfsmannafundi þar sem þeim var skipt niður í minni hópa til að ræða kosti og galla. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Mætingartölur/Einstaklingsþjónusta

Félagsmiðstöðin Gleðibankinn er staðsett innan Hlíðaskóla auk færanlegrar kennslustofu á skólalóð. Félagsmiðstöðin er í miklu samstarfi við skólann sem skilar sér í einni hæstu hlutfallslegu mætingu í félagsmiðstöð í Reykjavík. Félagsmiðstöðin er með 4 valgreinar auk sértækra klúbba sem eru unnir í samstarfi við foreldra og skóla. Möguleikarnir á þessu starfi eru bundnir við það að stærð félagsmiðstöðvarinnar og skólans er ekki það mikil. Það eru 150 nemendur á unglिंगastigi og um 180 börn á miðstigi sem félagsmiðstöðin þjónar. Þetta gerir forstöðumanni kleift að vinna náið með skóla, foreldrum og þjónustumiðstöð að því að vinna að lausnum einstakra nemenda. Á haustönn 2021 var einungis 1 strákur á unglिंगastigi og 2 stelpur sem ekki höfðu nýtt sér félagsmiðstöðina að einhverju leyti. Þetta er þjónustustig sem er útilokað í stærri safnskólum og hefur starfsfólk miklar áhyggjur af því að mörg börn muni missa þjónustu og eiga á aukinni hættu á félagslegri einangrun og þeim vandamálum sem því geta fylgt.

Forvarnarstarf

Samkvæmt niðurstöðum R&G á stöðu barna og unglinga í hverfum borgarinnar er mikill munur milli skóla. Hlíðar og háteigshverfi koma vel út úr könnunum en safnskólar eru því miður almennt með hærri tölur á neyslu vímugjöfum og líðan mælanlega verri. Einnig hafa þessar sömu tölur verið hærri á þessum sömu þáttum í miðborg Reykjavíkur. Það hefur verið unnið mjög gott starf þar til að lækka þessar tölur og sameining setur það starf einnig í hættu. Þetta eru tveir áhættuþættir sem rannsóknir sýna okkur að eru til staðar og því þykir starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar skjóta skökku við að gera safnskóla í hverfi sem fyrir er með hærri neyslutölur. Frá faglegu sjónarhorni, menntastefnu Reykjavíkurborgar og samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna á nám að vera einstaklingsmiðað. Það er mat starfsmanna að forvarnarstarf félagsmiðstöðvarinnar sé að miklu leyti háð yfirsýn yfir hópinn og að möguleikarnir á að hafa áhrif á nýjar áskoranir séu margfaldir ef verkefnin eru einstaklingsmiðuð.

Deild fyrir heyrnarskert börn

Í Hlíðaskóla er starfrækt táknaálssvið og er skólinn vel útbúinn af tækjum og þekkingu starfsfólks til að taka á móti og kenna heyrnarskertum börnum. Í félagsmiðstöðinni er líka starfandi táknaálstalandi starfsmaður til að auka þjónustustig heyrnarskertra í frítímastarfi. Það er mat starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar að það sé mikil hætta á að þjónustustig heyrnarskertra barna lækki verulega ef það verður hvergi starfandi táknaálssvið fyrir unglिंगastig.

Samgöngur

Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafa áhyggjur af hversu langt börn í hlíðahverfi og þá sérstaklega suður-hlíðum þyrftu að sækja sinn skóla. Einnig eru 2 umferðarstofnæðar fyrir börn í suður-hlíðum á

leið í skólann og 1 stofnæð fyrir önnur börn í hlíðunum. Önnur þessara stofnæða er umferðabyngsta gata landsins og það á að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Það að stefna börnum langar vegalengdir yfir og um mikla umferð virðist í hið minnsta vera illa ígrunduð hugmynd.

Framtíð Hlíðarendahverfis

Þegar horft er til næstu ára í nýbyggðu Hlíðarendahverfi er ljóst að mikil aukning verður á börnum og unglिंगum í hverfinu. Með því að sameina unglिंगa úr Hlíðum í einum af sviðsmyndunum 1, 2, og 4 felst ákveðin skammsýni á stöðu hverfisins til næstu ára. Með stækkun Hlíðarendahverfis mun alltaf þurfa að byggja við Hlíðaskóla. Sameining unglिंगastígs Hlíðaskóla í Vörðuskóla kemur í raun ekki í veg fyrir að stækkun Hlíðaskóla sem er nánast óumflýjanleg. Það yrðu teknar áhættumiklar ákvarðanir fyrir börnin í hverfinu til að forðast að byggja við Hlíðaskóla sem virðist engu að síður vera óumflýjanleg framtíð skólans.

Sviðsmynd 1:

Viðbót við styrleika: Draumaland myndi fá meira rými í Austurbæjarskóla sem myndi leysa ýmiskonar vandamál sem fylgja húsnæðisvanda Draumalands. Hægt væri að fá hentugra rými en Risið á fjórðu hæð fyrir starfsemi barna í 3. og 4.bekk. Styttra væri á milli og samskipti meiri á milli starfsmanna í frístundastarfinu.

Sviðsmynd 2:

Viðbót við veikleika: Með því að sameina þrjár félagsmiðstöðvar í húsnæði Spennustöðvar verður þó að passa að frístundaheimilið Draumaland fái aðgang að Spennustöðinni áfram. Ef ekki þarf að passa vel upp á að frístundin fái annað rými innan veggja Austurbæjarskóla sem hægt væri að nýta jafn vel og Spennustöðina.

Einnig efast starfsmenn Draumalands um að Spennustöðin rými alla þá unglinga sem yrðu í Vörðuskóla, en forstöðumenn unlingastarfs hafa eflaust betri innsýn í það.

Sviðsmynd 3:

Viðbót við styrleika: Ef þetta er rétt skilið myndi Spennustöðin opnast fyrir meiri notkun Draumalands, sem yrði frábært fyrir frístundina. Svo er spurning hvort það sé ekki mikill kostur að vera með félagsmiðstöðvastarfið inann veggja skólans? Eflaust misjafnar skoðanir á því.

Sviðsmynd 4:

Viðbót við styrleika: Það yrði mjög spennandi að fá að hanna í sameiningu rými sem myndi henta bæði frístund og skóla.

Viðbót við veikleika: Hafa þarf í huga að ef á að færa starfsemi Draumalands í Vörðuskóla þarf að gera mjög miklar endurbætur á skólalóð fyrir framan Vörðuskóla. Skólalóðin hentar enganvegin eins og hún er núna. Ekki kemur til greina að fara með börnin í útiverunni á skólalóð Austurbæjarskóla að leika sér. Það er mjög nauðsynlegt að leiksvæði barna í frístundaheimilinu séu eins nálægt

Athugasemd: Það er mjög erfitt fyrir forstöðumann frístundaheimilis að átta sig á hversu vel húsnæði Vörðuskóla hentar fyrir frístundastarfið, hef aldrei komið þangað inn og veit ekkert um þetta rými. Það þarf að hafa ýmislegt í huga og því mikilvægt að gera það í nánu samstarfi við stjórnendur frístundar þegar kemur að því að hanna rýmið.

Sviðsmynd 5:

Viðbót við veikleika: Vil bara ítreka mikilvægi þess að hafa í huga punktinn um að aðstaða fyrir frístundastarfs gæti orðið lítið og þröngt. Ef Draumaland á að halda áfram að sinna skyldum sínum sem gott og vel starfrækt frístundaheimili er mjög mikilvægt að húsnæðið verði bætt til muna en ekki þrengt að. Skipulag frístundastarfsins í húsnæði sem er á víð og dreif um stórt svæði tekur alltof stóran part af vinnu starfsmanna frekar en að sinna börnum á þann hátt sem Menntastefna og metnaður starfsfólks myndi vilja.

Fyrir hönd Draumalands:

Kristófer Nökkvi Sigurðsson

Umsögn – skýrsla starfshóp um Vörðuskóla

Bls. 4

- Fólk er ekki bundið í hjólastóla – það notar hjólastóla.
- fatlaðs fólks vs. fólks með fötlun?

Bls. 5

- Þarf ekki að uppfæra upplýsingar um rými Eldflaugar og Gb m.v. núverandi aðstöðu?

Sviðsmynd I og II:

- Viðbót við veikleika og ógnir: Athuga þarf sérstaklega börn búsett í Suðurhlíðum sem eru nú þegar langt frá sínum heimsaskóla, varðandi vegalengdir og þá akstur til og frá skóla.
- Einnig þarf að huga sérstaklega að Döff börnum sem gætu týnst í stóra hópnum og ef til vill ekki ákjósanlegt að slíta þau í frá öðrum Döff börnum á svipuðu reki t.d. barn í 7.bekk og barn í 8.bekk.

Sviðsmynd IV:

- Lóðin í kringum Vörðuskóla (bílastæði og steypa) henta engan veginn fyrir yngri börn. Það þyrfti að fara í miklar framkvæmdir og endurbætur á lóðinni til að gera hana boðlega börnum.
- Hvað með börn með fötlun sem sækja hverfisskólana Hlíðaskóla og Háteigsskóla en gætu ekki haldið áfram með félögum sínum í unglingskólann vegna takmarkaðs aðgengis?

Sviðsmynd V:

- Ef það yrði val um að fara í unglingsdeild í Vörðu/Austurbæjarskóla eða halda áfram í sínum skóla myndu líklega flest börnin velja að halda áfram í sínum skóla og þar með sami vandi uppi á borðum.

Með tilliti til þátta sem eru nefndir hér að ofan teljum við að Sviðsmynd III sé best til fallin til að mæta þörfum barna og unglinga í Hlíðaskóla. Sérstaklega með tilliti til Döff hópsins og vegalengdar sem börn í Suðurhlíðum þyrftu að fara til að sækja skóla og félagsmiðstöð.

Fyrir hönd Eldflaugarinnar,

Umsögn um framtíð frístundastarfs í Háteigsskóla við tillit til fyrirhugaða breytingar á unglingastigi.

Mikilvægasta málefni fyrir starfsemi og framtíð frístundaheimilisins Halastjarnan er öruggt og viðeigandi húsnæði sem er nægilega stór til að taka á móti stækkandi hóp barna á yngsta stig í Háteigsskóla. Engin sviðsmynd gerir nægilega góð grein fyrir framtíð húsnæðis Halastjörnunnar og gerir ekki afstöðu til þess hvað gerist í millitíð þangað til ákvörðun um framtíð unglingastigs í skólanum er tekin. Við teljum að það afar mikilvægt að gert er afstöðu til framtíð Halastjörnunnar strax og farið í viðeigandi breytingar um leið. Einnig þarf að uppfæra upplýsingar um stærð húsnæðisins. Kjarnahúsnæði Halastjörnunnar eru tvö hús sem eru samtals 270m² stór en ekki 369m² eins og fram kemur í skýrslunni á bls.5.

Húsnæði fyrir yngri börn (1. og 2.bekkur) eru þrjú samtengt skúr á skólalóð skólans sem eru 150 m² stór. Þó að húsnæði er í betri ástand að innan eftir umfangsmiklum framkvæmdum í vetur 2020-2021, þarf að laga skólalóð í kringum húsinu. Inngangar þrjár hússins snúa frá skólalóðinni, ein inngang er ekki aðgengilegt fatlaða og svæði í kringum húsi er reglulega flædd yfir þar sem enginn viðeigandi frárennsli er til staðar. Miklar áhyggjur höfum við varðandi húsinu fyrir eldri börnin (3. og 4. bekkur), svokallaða Hvíta Hús. Hvíta Hús er gamalt timburhús í eigu Háskóla Íslands sem SFS leigir af háskólanum. Það er orðin gamalt, of litið fyrir barnafjöldann nú þegar og hentar sem kjarnahúsnæði mjög illa. Einnig hafa átt sér stað umfangsmiklar viðgerðir í haust 2020 vegna vatnsskemmdir og myglu við klósett og anddyri hússins og skipt var um skrúfum í þakinu en við vitum litið um ástand hússins. Að okkur mati er Hvíta Hús ekki framtíðarhúsnæði fyrir frístundaheimili Halastjarnan.

Eins og fram kom áðan, svarar engin sviðmynd þörfum Halastjörnunnar. Þó sjáum við mesti kostir og gallar við sviðsmynd 1. Mesti gallinn við að byggja við Háteigsskóla er að það tekur örugglega lengsta tíma en á sama tíma mun það hafa þann kost að hægt væri að gera ráð fyrir þarfir frístundaheimilisins í nýju byggingu.

Bestu kveðjur,

Ulrike Schubert
Forstöðukona
Frístundaheimili Halastjarnan
Skrifstofan 411-5580

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra
Borgartúni 12-14 105 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2022

Umsögn fulltrúa samfylkingar, Viðreisnar, Íbúasamtaka, Foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða um skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Fulltrúar í Íbúaráðinu þakka starfshópnum fyrir sín störf og þær tillögur sem liggja nú fyrir. Skólarnir, frístunda og félagsmiðstöðvar í hverfunum okkar eru frábær, fólkið sem í þeim starfar líka sem og nemendurnir. Uppbygging skóla, félags og frístundastarfs í hverfunum er spennandi verkefni, þar felast mörg tækifæri og mikilvægt að ígrunda vel hvernig því verður háttað í góðu samtali og samstarfi skólasamfélagsins alls þar sem styrkleikar og sérstaða fá að nýtast.

Íbúaráðið fékk kynningu á skýrslunni á fundi 2. desember ásamt skólasamfélögum skólana sem um ræðir og aftur á opnum fundi Íbúaráðsins 14. desember. Foreldrafélög skólana báðu um aukafund með sviðsstjóra og skrifstofustjórum skóla- og frístundamála 10. febrúar sem fulltrúi foreldrafélaga í íbúaráðinu sat og upplýsti okkur um.

Á fundunum komu fram mörg sjónarmið foreldra í skólunum. Foreldrafélögin hafa lagt mikið á sig og lögðu öll kannanir fyrir foreldra í skólunum sem var góð þátttaka í. Íbúasamtökin í hverfunum voru jafnframt að skoða skýrsluna og hafa hug á að skila inn umsögn. Ráðið hefur ekki heyrt sjónarmið starfsfólks skólana og stjórnenda, starfsfólks og stjórnenda í frístunda og félagsmiðstöðum né krakkana í hverfunum. Mikilvægt er að fá umsögn frá Ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og við vitum af því að haldnir verða vinnufundir með nemendum í öllum skólum í blönduðum hópum í byrjun mars og þar fá mikilvægustu raddirnar að heyrast varðandi þessi áform.

Fulltrúar í íbúaráðinu taka ekki afstöðu með hvaða sviðsmynd sé best en hlökkum til og óskum eftir því að fá kynningu frá skóla og frístundasviði þegar umsagnir skólasamfélagsins í heild sinni liggja fyrir á því hvar styrkleikar og veikleikar liggja að þeirra mati.

Við sjáum fjölda spennandi tækifæra í stöðunni þar sem byggja má upp nýjan skóla í rótgrónum hverfum og erum meðvituð um áskoranir og áhyggjur sem hafa komið fram hjá foreldrum. Í svót greiningunni (Styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri) eru styrkleikar og tækifæri dregin fram sem og veikleikar og atriði sem þarf að leysa, ólík atriði eftir sviðsmyndum.

Við drögum hér fram nokkur atriði í stóra samhengið.

Húsnæði:

- Heilsusamlegt húsnæði: Eins og kom fram í máli stjórnenda á Skóla og frístundasviði þá verða engin börn í ónýtu skólahúsnæði. Ef Vörðuskóli er ónothæfur fyrir skólastarf vegna myglu þá verður hann ekki notaður undir skólastarf. Það var gott að fá það á hreint.

- Aðgengilegt húsnæði. Mikilvægt er að börn með ólíkar þarfir komist greiðlega inn í og um skólana sína. Við minnum á að það sama gildir um starfsfólk og aðstandendur nemenda. Sama hver framtíðarskipan verður þá er lykilatriði að hugmyndafræðin um algilda hönnun sé til grundvallar hvort sem er í lagfæringum og stækkun á húsnæði skólana eða uppbyggingu nýs húsnæðis.
- Húsnæði fyrir allskonar þarfir: Í lagfæringum og uppbyggingu er mikilvægt að styðjast við nýjustu rannsóknir um það hvernig rými styðja við gott skóla og frístundastarf barna og unglunga með ólíkar þarfir og hvernig má styðja við skapandi námsumhverfi. Fjöldi barna er taug- og skynsegin (ADHD, ASD osfrv.) og tækifæri myndast í nýjum áformum til þess að sníða húsnæði svo að það sé hægt að nýta bæði opin rými og minni rými eftir því sem hentar nemendum og kennsluháttum.

Öruggar göngu- og hjólaleiðir í skólann og almenningssamgöngur:

- Öruggar göngu og hjólaleiðir er lykilatriði í allri skólauppbyggingu í hverfinu. Leiðir þarf að kortleggja innan og á milli hverfa og greiða leiðir og bæta öryggi um og yfir götur. Hægt þarf að vera að taka almenningssamgöngur til og frá skóla þar sem lengst er á milli. Mikilvægt sé að samgöngur við jaðarsvæði í þeim hverfum sem Vörðuskóli eða safnskóli muni þjónusta svo sem mögulega Suðurhlíðar, verði eins beinar og kostur er. Þá með tilliti til félagsstarfs samhliða venjulegu skólastarfi.

Byggja á góðri reynslu, nýsköpun og framþróun.

- Réttarholtsskóli og Hagaskóli sem dæmi, eru unglingskólar sem í eru unglingar búsettir í hverfum sem spanna stór svæði í borginni. Þar hefur tekist að byggja upp sterka gæða skóla og mikilvægt er að nýta sér það sem vel hefur gengið þar og læra af því sem betur mætti fara ef af safnskóla verður.
- Ef af safnskóla verður gefst tækifæri til að hanna nýjan skóla frá grunni. Þar er tækifæri fyrir nýstárlegt og spennandi skólastarf, með fjölbreyttum valáföngum og meira framboði en hægt er að bjóða uppá í minni skólum.
- Allskonar krakkar með ólík áhugamál og þarfir. Meiri möguleikar í félagavalið sem og í félagsstarfi. Til að mynda er Hinsegin félagsmiðstöðin í Spennustöðinni við hliðina á Vörðuskóla sem fjöldi barna sækir frá öllu höfuðborgarsvæðinu.
- Mikilvægt er að auka aðkomu ólíks fagfólks inn í skólana. Sem dæmi má nefna löjupjálfa, þroskapjálfa, sálfræðinga, félags- og tólmstundafræðinga eins og gert er ráð fyrir í „Betri borg fyrir börn“.

Austurbæjarskóli, Háteigsskóli og Hlíðaskóli búa allir yfir kostum og sérstöðu. Fjölbreytni og ólík þekking innan skólana og frístunda- og félagsmiðstöðva, sérhæfing og styrkleikar til þess að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp sem og auðurinn í nemendahópnum gerir það að óháð því hvort eða hver útfærsla verður á framtíðarskipan skólamála er alveg ljóst að samstarf á milli skólana í hvernig formi sem er getur glætt og gefið af sér.

Frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða um umsögn fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Íbúasamtaka, Foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða um skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

„Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Miðborgar og Hlíða tekur undir umsögn íbúaráðs í öllum meginatriðum, en áréttar að fyrir liggja sjónarmið og ábendingar úr könnunum foreldrafélaga Háteigsskóla og Hlíðaskóla, sem sýna afgerandi afstöðu svarenda gegn hugmyndinni um safnskóla í Vörðuskóla. Þátttaka í umræddum könnunum var einstaklega góð og því þarf að hlusta gaumgæfilega á þær skoðanir sem þar eru settar fram og vanda til þeirra skrefa sem framundan eru í þessu viðkvæma og flókna máli.“

Skýrsla starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Ályktun stjórnar íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) um skýrsluna.

Stjórn ÍMR fagnar vel unninni skýrslu en gerir eftirfarandi athugasemdir:

- Stjórn ÍMR fagnar kaupum borgarinnar á Vörðuskóla og bindur vonir við að bæði byggingin og umhverfi hennar verði gert upp og verði borginni til sóma.
- Stjórninni líst síst á nýtingu Austurbæjarskóla sem unglingskóla, þ.e. að hætt verði að nota húsnæðið sem barnaskóla og nota það sem unglingskóla í staðinn. Stjórnin vill eindregið að Austurbæjarskóli verði barnaskóli áfram enda byggður sem slíkur í byrjun.
- Að gera Vörðuskóla að safnskóla á unglingsstigi kallar þó á mikla bílaumferð á álagstímum í kringum skólann þegar verið er að keyra unglinga úr öðrum hverfum þangað. Umferð sem eykur slyshættu á íbúum og þó sérstaklega á börnum hverfisins sem sækja muna Austurbæjarskóla. Það gæti leitt til þess að fleiri foreldrar í hverfinu færu að keyra börn sín í skólann og þannig myndast vítahringur einabílaaksturs. Slíkt samrýmist ekki stefnu borgarinnar í samgöngumálum. Þetta bætist ofan á að búa á til safnleikskóla í næsta nágrenni, þ.e. á Njálsgötu bak Austurbæjarbíói.
Nú þegar skapast umferðaröngþveiti við Austurbæjarskóla alla morgna sem skólinn starfar. Nýr skóli við hlið Austurbæjarskóla bætir þar við, enda talsvert langt fyrir suma að sækja nýjan safnskóla. Ef til vill mætti koma því þannig fyrir að skólarnir byrjuðu ekki báðir á sama tíma á morgnana.
- Þó safnskólar geti eflaust haft sína kosti þá sér stjórnin ekki betur en þeir hafi líka ákveða ókosti, m.a. má gera ráð fyrir að þeir dragi úr hverfisvitund.
- Það veldur stjórninni einnig áhyggjum að þótt skýrslan sem fylgir fyrirhuguðum breytingum sé ítarleg og vel unnin tæknilega þá byggir að takmörkuðu leyti á faglegum rökum og gagnreyndri þekkingu hvað varðar skóla- og menntunarmál. Það sést glögg á því að það er ekki vísað í neinar heimildir í skýrslunni.
- Stjórn ÍMR hefur áhyggjur af slakri nýtingu Spennistöðvarinnar fram að þessu. Stjórnin bindur vonir við að þegar skólarnir eru orðnir tveir muni nýtingin batna á þessum glæsilega samkomusal og hverfismiðstöð.
- Er gert ráð fyrir skólaminjastofunni áfram í Austurbæjarskóla, svar óskast.

Vörðuskóli umsögn

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða hittist á fundi til að ræða fimm tillögur að sviðsmyndum.


Kostir:

- Talað um að stór plús væri að vera með fleiri unglíngum í unglíngadeildinni. Fjölbreyttari vinir og krakkar með fleiri áhugamál sem eykur líkur á að stækka tengslanetið og auka félagsþroska
- Jákvætt væri að aukið námsframboð myndi myndast og að gott væri að geta leitað til fleiri kennara. Jafnvel myndi aukast metnaður nemenda gagnvart skólanum með meiri „samkeppni“
-

Gallar:

- Ungmennaráðið taldi að það samgöngur á milli hverfa þyrftu að batna til muna ef að sameiningunni yrði og þá sérstaklega með strætó, þar sem af þeirra reynslu væri alls ekki nógu auðveldar samgöngur þarna á milli.
- Rætt var um hættuna á því að unglíngar sem ættu heima í hverfunum í kringum Háteigs- og Hlíðaskóla væru ólíklegri til að mæta í félagsmiðstöðina á kvöldin þar sem að langt ferðalag getur verið ansi fráhrindandi. Þau sem höfðu reynslu af slíku umhverfi í Hagaskóla, sögðu að margir unglíngar töluðu oft um það sem ástæðu fyrir að mæta ekki á félagsmiðstöðvaropnanir.

Samantekt frá umræðufundi – Háteigs-, Hlíða- og Austurbæjarskóli



Sviðsmynd 1

- Vörðuskóli verði unglingskóli (8.-10. bekk) fyrir krakka sem koma úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla
 - Félagsmiðstöðin 100og1 og Gleðibankinn sameinast og verða fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Draumaland er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Austurbæjarskóla
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir nemendur í 1.-7. bekk
 - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Hlíðaskóla.
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóla verður fyrir 1.-10. bekk og byggja þarf við skólann.
 - Félagsmiðstöðin 105 verður fyrir Háteigsskóla.
 - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Háteigsskóla.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Sviðsmynd 1:


Jákvæðni fyrir því að fleiri unglingar fái að vera saman sem eykur möguleika á að kynnast fleiri krökkum þar sem allir geta fundið sér vini, fá meira val í skólanum, fjölbreyttara nám og meira pláss. Vonir voru bundnar við að félagslífið yrði meira en áður og það var talið vera kostur.

Ekki þótti öllum sanngjarnt að bara unglingar út tveimur skólum fái að vera saman en ekki úr öllum þremur skólunum og töldu einnig að það gæti orðið meiri samkeppni um að komast í nemendaráð. Þessar breytingar myndu þýða að það verður lengra fyrir suma að fara í skólann sem getur haft í för með sér meira foreldraskutl en annars. Tryggja þarf góðar samgöngur og samgönguleiðir og seinka mögulega skólabyrjun til að gefa krökkum meira svigrúm til að komast í skólann þar sem vegalengdir verða lengri fyrir suma krakka.

Áhugavert:

- Hvað með táknmálið sem er kennt í Hlíðaskóla?
- Væri gamli Kennó ekki betri fyrir 8. – 10. bekk í öllum þessum skólum?
- Mikilvægt að skipuleggja og kynna breytingarnar vel.
- Of löng leið úr félagsmiðstöðinni til að labba heim í myrkrinu.

Sviðsmynd 2:



Sviðsmynd 2

- Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla.
 - Sameinuð félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk í 100og1.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Draumaland verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Eldflaugin verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Það er talið jákvætt að hafa unglinga saman í skóla og að þá skapist meira pláss í hinum skólunum fyrir yngri börn. Tækifæri skapist til að breyta til, kynnast nýjum og fleiri krökkum í unglingskólanum. Einnig var bent á að það yrði líklega auðveldara að finna sér vini við hæfi, valgreinar og námið yrði fjölbreyttara fyrir unglingana og félagslífið yrði skemmtilegra.

Bent var á að betra aðgengi er fyrir fatlaða í Vörðuskóla en í Austurbæjarskóla. Að fara í unglingskóla var líka talin góður undirbúningur fyrir menntaskóla. Það er talið neikvætt að vegalengdir í skóla verða lengri fyrir sumar krakka sem kallar og meira skutl þar sem strætósamgöngur eru ekki nægilega góðar eins og staðan er núna. Áhyggjur voru af því að nánd yrði minni á milli kennara og nemenda í svona stórum hópi og að það myndi ekki henta öllum vel að vera í svona stórum unglingshópi.

Áhugavert:

- Mikilvægt að drífa breytingarnar ekki af heldur gefa þeim tíma og hafa allt tilbúið þegar nýr skóli er opnaður.
- Það var bent á að líklega væri Vörðuskóli ekki nægilega stór til að rúma svo stóra unglingsadeild og að húsið væri gamalt og kannski ekki gott sem framtíðarkennsluhúsnæði.
- Þjóða upp á sálfræðipjónustu í unglingskólanum.

Sviðsmynd 3:

Sviðsmynd 3

- Vörðuskóli verði unglingskóli (8.-10. bekk) fyrir krakka sem koma úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla
 - Félagsmiðstöðin 100og1 og 105 sameinast og verða fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Draumaland er fristundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Austurbæjarskóla
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir nemendur í 1.-10. bekk og byggja þarf við skólann.
 - Eldflaugin er fristundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Hlíðaskóla.
 - Gleðibankinn er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk
- Háteigsskóla verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
 - Halastjarnan verður fristundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Háteigsskóla.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST


Getur verið jákvætt að kynnast fjölbreyttari hópi og eignast mögulega fleiri/nýja vini. Margir unglingar eru spenntir fyrir því að vera í sérstökum unglingskóla þar sem er meira pláss og betri aðstaða fyrir unglinga. Stærri félagsmiðstöð og öflugra félagslíf er líka talið vera kostur. Það skapast meira pláss í öllum skólunum við þessa tillögu en leiðinlegt fyrir þá sem eru í Hlíðaskóla að fá ekki að vera með hinum unglungunum. Bent á að það að vera í unglingskóla er góð aðlögun að því að fara í framhaldsskóla.

Sumum finnst ekki gott að slíta Austurbæjar- og Háteigsskóla í sundur en líka að Hlíðaskóli sé eini skólinn sem er ekki hluti af Vörðuskóla. Við þessar breytingar yrði lengra fyrir marga að fara í skólann. Breytingarnar gætu aukið líkurnar á stríðni og einelti og einnig verið að aðskilja systkini á ólíkum aldri. Mögulega yrði minni tími fyrir kennara með hverjum og einum og sumum gæti þótt erfitt að aðlagast breytingunum.

Áhugavert:

- Mikilvægt að hafa góða félagsmiðstöð í Vörðuskóla svo krakkarnir þar geti kynnst vel.
- Láta miðstigið kynnast áður en það byrjar saman í unglingskóla, fara t.d. saman í ferðir.
- Leggja áherslu á mikið og spennandi val og spennandi kennslu með tölvuleikjum.
- Það þarf að breyta og flott að við séum partur af ákvörðuninni og að allir fái að segja sína skoðun.
- Hafa svæði í unglingskólanum þar sem hægt er að slaka á og nógu mikið af því!

Sviðsmynd 4:



Sviðsmynd 4

- Austurbæjarskóli verði unglingskóli (8.-10. bekkur) fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla.
 - Gleðibankinn, 100og1 og 105 sameinast og verða fyrir unglinga í sameinuðum skóla.
- Vörðuskóli er fyrir nemendur í 1.-7. bekk í Austurbæjarskóla.
 - Draumaland verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Eldflaugin verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum.
- Háteigsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST


Jákvætt að það yrði meira pláss fyrir alla með þessum breytingum. Það finnst mörgum betra að vera í skóla með fleira fólki á sama aldri og fjölbreyttari hóp þar sem allir finna einhvern sem hafa áhuga á því sama og þú. Getur verið af hinu góða að breyta um umhverfi eftir 7. bekk og fara í nýjan skóla.

Langt fyrir ákveðinn hóp að fara í skólann og þyrfti að tryggja góðar samgöngur. Það er ólíklegt að maður lendi með vinum í bekk í stórum unglingskóla og getur verið erfitt að takast á við breytingar og kynnast nýju fólki eins og þyrfti að gera við þessar breytingar. Það eru áhyggjur af því að meiri líkur séu á stríðni í stórum skóla og mögulega yrðu meiri læti og hávaði en áður.

Áhugavert:

- Hafa færri nemendur í bekk í unglingskólanum svo að það væri léttara að kynnast og það væri líka léttara fyrir kennarann
- Þarf að tryggja starfsöryggi allra sem vinna nú þegar í skólum og frístundastarfinu.
- Kynna breytingar vel, gera það með sambærilegum hætti og menntaskólakynningar eru núna.

Sviðsmynd 5:



Sviðsmynd 5

- Vörðuskóla og Austurbæjarskóla sameinaðir í einn skóla
 - 1.-7. bekkur í Austurbæjarskóla og 8.-10. bekkur í öllum þremur skólum
 - Sameinuð félagsmiðstöð (Gleðibankinn, 105 og 100og1) fyrir 5.-10. bekk
 - Draumaland er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk.
- Hlíðaskóli er fyrir 1.-7. bekk
 - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóli er fyrir 1.-7. bekk
 - Halastjarnan er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Auðvelt fyrir suma að taka strætó eða ganga í þennan nýja skóla en þyrfti að huga að góðum strætóleiðum á milli þessara hverfa. Margt spennandi við að stofna nýjan unglingskóla s.s. nýjir vinir, fleiri krakkar, meira val og fjölbreyttar valgreinar. Jákvætt ef þetta myndi auka opnun í félagsmiðstöðinni og bæta félagslífið. Góður undirbúningur fyrir menntaskóla að vera í unglingskóla. Þessar breytingar myndu leysa vandann með það plássleysi sem er núna í skólunum.

Það yrði langt fyrir suma að fara í skólann og þess vegna myndu fleiri foreldrar skutla í skólann sem er ekki umhverfisvænt. Suma myndi kvíða fyrir og eiga erfitt með breytingarnar sem felast í því að skipta um skóla og mögulega yrði meira um einelti og einmanaleika í stórum unglingskóla. Í stórum skóla myndu hlutfall þeirra sem komast í nemendaráð vera lægra en í fámennari skólum.

Áhugavert:


- Mikilvægt að undirbúa breytingar vel og vandlega og gefa krökkunum sem eiga að vera saman í skóla tækifæri til að kynnst.
- Byrja skólann seinna á daginn svo allir hafi góðan tíma til að koma sér í skólann á morgnana.
- Gæti félagsmiðstöðvastarfið farið fram á fleiri stöðum en í Spennistöðunni fyrir þá búa langt frá henni?
- Færa unglingskólann yfir í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð þannig að yngsta-, mið- og unglingsstig þyrfti ekki að vera saman.

Samantekt á punktum frá vinnu með börn í 1.-4. bekk – Háteigs-, Hlíða- og Austurbæjarskóli

Almennt:

- Leggja mikla áherslu á fjölbreytni í námi og mikið val.
- Skólalóðin sé með hólum, aparólu, ærslabelg, trampólíni, köstulum, rólum, fótboltavelli (með gervigrasi)
- Vilja hitta unglingana meira, t.d. þeir hjálpi inni í tíma. Eldri börnin eru fyrirmyndir, gott að hafa þau í skólanum.
- Væri minni hávaði í unglingaskóla. Væri gaman að sjá/prófa annan skóla.
- Vilja þægilega stóla, vísindadót, heyrnartól fyrir einbeitingu, skúffur á skóllaborð, fleiri klósett, betri og stærri borð.
- Vilja litríkari skóla.
- Oft gott að liggja á gólfinu til að vinna verkefni sín.
- Börnin leggja mikla áherslu á að hafa gott starfsfólk í skólanum og á frístundaheimilinu.
- Skóli fyrir alla – hjólastólarampar, bjóða flóttamenn velkomna.
- Engin sviðsmynd með alla skólana áfram frá 1.-10. bekk.
- Gaman að hafa mörg börn því það er skemmtilegra.
- Skemmtilegt að hafa 4. bekkjar klúbb á föstudögum á frístundaheimili
- Hvort er betra að hafa unglinga og börn saman í skóla eða í sitthvorum skólanum og af hverju?
 - Saman, betra að hafa systkini saman í skóla, en ekki að foreldrar þurfi að skutla á mismunandi staði. Vinir vilja vera saman og geta verið á mismunandi aldri.
 - Ekki saman því að unglingar eru að chilla á göngunum og eru fyrir
 - Í sitthvoru lagi því þau eru fyrir okkur
 - Saman því að þá get ég hitt systkini mín
 - Sitthvoru lagi því unglingar eru svo pirrandi
 - Sitthvoru lagi því unglingar eru með bolta inni
 - Saman því við þekkjum alveg unglingana
 - Saman til að nýta mannauðinn, unglingar ynnu verkefni með yngri börnum
 - Ekki saman, því þá er meira pláss fyrir alla
 - Börn og unglingar saman, ef að þau eru góð saman
 - Saman, því hver er eiginlega munurinn á barni og unglingi?
 - Ekki saman, unglingar alltaf að mála sig á baðinu og það er óþægilegt því þá þori ég ekki á klósettið
 - Ekki saman, unglingar fylgja síður reglum skólans- símar – hlaup á gangi – kveikja flugelda á óæskilegum stöðum
 - Flestir í bekknum vilja hafa börn og unglinga saman í skóla

Sviðsmynd 1:



Sviðsmynd 1

- Vörðuskóli verði unglingskóli (8.-10. bekk) fyrir krakka sem koma úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla
 - Félagsmiðstöðin 100og1 og Gleðibankinn sameinast og verða fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstígg Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Draumaland er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Austurbæjarskóla
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir nemendur í 1.-7. bekk
 - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Hlíðaskóla.
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóla verður fyrir 1.-10. bekk og byggja þarf við skólann.
 - Félagsmiðstöðin 105 verður fyrir Háteigsskóla.
 - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Háteigsskóla.


LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Krökkum í Hlíðaskóla finnst Austurbær vera langt í burtu. Ef rúta, gæti þurft að leggja mjög snemma af stað á morgnana.

Krökkum í Austurbæjarskóla líst vel á þetta því þeim finnst vera þröngt í skólanum núna (yngri fengju þá t.d. tölvustofuna aftur). Hávaðinn myndi minnka því það er svo mikill hávaði í unglíngum! Vilja fá miklu fleiri leiktæki á lóðina sína við Austurbæjarskóla. Leiktæki til að nota í skólanum, á frístundaheimilinu og þegar þau eru í fríi með mömmu og pabba.

Krökkum í Háteigsskóla finnst sumum betra að hafa unglíngana með. Finnst þeir samt nokkrir pirrandi. Bæði gaman og leiðinlegt að vera með unglíngum. Tölum stundum við unglínga, en leikum ekki með þeim. Systkini fylgja yngri systkinum í skólann. Líst vel á að stækka skólann, byggja við glerskálann, svo það sé ekki hægt að klifra. Þyrfti að stækka leikvöllinn líka, fleiri leiktæki, t.d. vegasalt. Stækka bókasafnið. Stækka Hvíta Húsið. Vantar alvöru matsal til þess að borða og þar sem hávaði yrði ekki jafn mikill. Hægt að setja herbergi hjá glerskálannum. Byggja ofan á skólann. Byggja á litlu lóð og leyfa krökkunum að fara á stóru lóð.

Sviðsmynd 2:



Sviðsmynd 2

- Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla.
 - Sameinuð félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk í 100og1.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Draumaland verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Eldflaugin verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Krakkar í Austurbæjarskóla eiga marga vini í Háteigsskóla. Vinir úr Val yrðu með þeim í skóla. Einhverjum finnst of mikið að blanda saman unglíngum úr þremur skólum.

Krakkar í Háteigsskóla segjast þá geta eignast fleiri vini því það væru fleiri krakkar á þeirra aldri. En þá gætu þau ekki leikið sér með unglíngum. Finnst betra að fá meira pláss. Þætti þetta skrítið og tómlagt. Einhverjum fannst þetta mjög góð hugmynd. Meira pláss fyrir alla. Hafa áhyggjur af því að það verði of margir í þeim skóla sem 8.-10. bekkur verða þá í.

Systkini færu úr skólanum. Sumir þurfa að labba lengra, sumir styttra. Sumir þurfa að taka strætó. Vilja fá strætókort í skólanum.

Sviðsmynd 3:

Sviðsmynd 3

- Vörðuskóli verði unglingskóli (8.-10. bekk) fyrir krakka sem koma úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla
 - Félagsmiðstöðin 100og1 og 105 sameinast og verða fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstíg Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Draumaland er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Austurbæjarskóla
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir nemendur í 1.-10. bekk og byggja þarf við skólann.
 - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Hlíðaskóla.
 - Gleðibankinn er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk
- Háteigsskóla verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
 - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Háteigsskóla.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Sviðsmynd 4:

Sviðsmynd 4

- Austurbæjarskóli verði unglingskóli (8.-10. bekkur) fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla.
 - Gleðibankinn, 100og1 og 105 sameinast og verða fyrir unglinga í sameinuðum skóla.
- Vörðuskóli er fyrir nemendur í 1.-7. bekk í Austurbæjarskóla.
 - Draumaland verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Eldflaugin verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum.
- Háteigsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Krökkum í Austurbæjarskóla líst ekki vel á þetta – myndu ekki vera að nota plássíð nægilega vel. „Krakkarnir í unglingsdeildinni eru búin að vera lengur í Austurbæjarskóla“. Hafa líka áhyggjur af því að hafa ekki eins stóra lóð til að leika á, þar eru engin leiktæki og bara bílastæði, hættulegt fyrir börn. Væru til í að fara og skoða Vörðuskóla.

Sviðsmynd 5:

Sviðsmynd 5

- Vörðuskóla og Austurbæjarskóla sameinaðir í einn skóla
 - 1.-7. bekkur í Austurbæjarskóla og 8.-10. bekkur í öllum þremur skólum
 - Sameinuð félagsmiðstöð (Gleðibankinn, 105 og 100og1) fyrir 5.-10. bekk
 - Draumaland er frístundaheimilið fyrir 1.-4. bekk.
- Hlíðaskóli er fyrir 1.-7. bekk
 - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóli er fyrir 1.-7. bekk
 - Halastjarnan er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Finnt þetta ruglingsleg sviðsmynd. Segja krakkana ekki vilja vakna fyrr til að fara í annan skóla. **Væri möguleiki að krakkarnir gætu valið hvar þau færu í skóla og vinir verið saman? Krakkarnir í Austurbæjarskóla** segja að ef það koma unglingar úr öðrum skólum þá eignist unglingarnir miklu fleiri vini og það er skemmtilegt fyrir alla. „Þá hætta þau kannski að rífast og vera alltaf í símanum“!

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2022

Efni: Umsögn Íbúasamtaka 3. hverfis – Hlíðar, Holt og Norðurmýri um skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Stjórn Íbúasamtaka 3. hverfis – Hlíðar, Holt og Norðurmýri hvetur borgaryfirvöld til að vinna skólamálin í mun betri sátt og samráði við foreldrasamfélagið í hverfinu en gert hefur verið að þessu sinni. Af rafrænum könnunum sem foreldrafélög Háteigss- og Hlíðaskóla stóðu fyrir í byrjun þessa árs má sjá að í foreldrasamfélaginu er talsverð andstaða gegn hugmyndinni um safnskóla fyrir unglunga 3. hverfis í Austurbæjar- og/eða Vörðuskóla.

Samgöngur

Ætla má að talsverð andstaða kunni vera meðal þeirra foreldra sem valið hafa sér búsetu í 3. hverfi vegna hverfiskólanna tveggja, Háteigsskóla og Hlíðaskóla, sökum þess ótta að þurfa að senda börn sín langa leið út úr hverfinu yfir hættulegar götur til að sækja sér grunnenntun, þá m.v. þær forsendur sem snúa að núverandi samgöngum. Rétt er að minna á að borgin hefur þegar markað þá stefnu að Miklubraut, sem í dag sker Hlíðarnar í tvennt, skuli vera komin í stökk þegar á árunum 2025-2026. Í því ljósi er furðulegt að ætla grunnskólabörnum hverfisins að fara yfir jafn hættulega götu og Snorrabaut í stað þess að efla Hlíðarnar sem eitt heildstætt skólahverfi.

Færa má rök fyrir því að það kunni að vinna gegn Græna plani Reykjavíkurborgar, ef foreldrar og forráðamenn velja eða neyðast í auknum mæli til að keyra börn sín milli heimilis og skóla í einkabíl. Hér er rétt að benda á að samkvæmt könnun Foreldrafélags Háteigsskóla er ljóst að verði safnskóli utan hverfis að veruleika segist stór hluti svarenda munu skutla börnum sínum í skólann á morgnana og sækja þegar félagsmiðstöðinni er lokað á kvöldin í stað þess að börnin fari sjálf til og frá skóla/félagsmiðstöðvar gangandi eða á hjóli, eins og reyndin er þegar skólinn/félagstöðin er staðsett innan hverfis.

Forsendur sameiningar

Svarendurnir í fyrrnefndum könnunum kjósa þann kostinn vænstan að byggt verði við bæði Háteigsskóla og Hlíðaskóla svo skólarnir tveir geti hér eftir sem hingað til þjónað því hlutverki sínu að vera heildstæðir hverfis-skólar í 3. hverfi. Í nokkurn tíma hefur verið á það bent að huga þyrfti að nauðsynlegum innviðum hverfisins, þar með talið skólunum, samhliða þéttingu byggðar. Best hefði farið ef borgaryfirvöld hefðu hugað fyrir að innviðauppbýggingunni og gert ráðstafanir til þess að hverfis-skólarnir geti tekið á móti fleiri nemendum og uppfyllt náms- og félagslegar þarfir sem ber að bjóða upp á.

Í tengslum við skýrslu skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla hefur verið á það bent að það sé umhverfsvænna að horfa til og nýta það húsnæði sem fyrir er í borginni í stað þess að byggja nýtt. Ástæðan er ekki síst sú að verði safnskóli utan hverfis að veruleika þurfa grunnskólabörn 3. hverfis að fara mun lengri leið í grunnskólann en áður. Í sumum tilvikum lengist gönguleiðin úr nokkrum mínútum í 25-40 mínútur við bestu birtu- og veðurskilyrði. Við það bætist líka að leiðin úr 3. hverfi í Austurbæjar- og/eða Vörðuskóla liggur yfir varhugaverðar og hættulegar götur. Í því ljósi væri sennilega í reynd umhverfsvænna að stækka bæði Háteigsskóla og Hlíðaskóla og leyfa grunnskólabörnum hverfisins hér eftir sem hingað til að sækja sér grunnmenntun innan hverfis.

Ef sú þétting sem fyrirhuguð er í Hlíðunum reynist Háteigsskóla og Hlíðaskóla um megn og ógerningur reynist að stækka við skólana þannig að óhjákvæmilegt verði að kljúfa unglíngastigið frá Háteigs- og Hlíðaskóla leggur stjórn Íbúasamtaka 3. hverfis til að fyrirhugaður safnskóli haldist innan hverfis og frekar verði horft til húsnæðis gamla Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð sem losnar innan fárra missera þegar Menntavísindasvið Háskóla Íslands flytur starfsemi sína á Hótel Sögu.

Gæði skólahúsnæðisins

Í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla kemur fram að Vörðuskóli þarfnist „töluverðra endurbóta, m.a vegna myglu“. Í rannsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands í febrúar 2019 á níu ryksýnum, sem starfsmaður hjá Mannviti hf. tók í Vörðuskóla að beiðni verkefnastjóra hjá Ríkiseignum vegna gruns um myglu, fundust fimm mismunandi sveppahópar. Í minnisblaði frá Mannviti frá mars 2019 kemur fram að í vissum rýmum í Vörðuskóla hafi styrkur koltvísýrings mælst allt að 1500ppm, en í byggingareglugerð er tilgreint að meðalstyrkur loftegundarinnar CO2 skuli ekki vera meiri en 800 ppm að jafnaði til lengri tíma og að hámarksstyrkur fari ekki yfir 1000 ppm til skamms tíma.

Samkvæmt ástands- og kostnaðarmati vegna Vörðuskóla sem kynnt var á fundi borgarráðs í október 2020 kemur fram að verja þurfi allt að 500 milljónum króna til að

standsetja húsnæðið til notkunar undir kennslu og skólastarf, en það er svipuð upphæð og varið var til endurbóta á Fossvogsskóla án árangurs.

Á fundi skóla- og frístundaráðs með foreldrafélögum Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla sem haldinn var 10. febrúar 2022 kom fram í máli Helga Grímssonar, sviðsstjóra, að ekki sé enn búið að gera sementsrannsóknir á Vörðuskóla til að fullvissa sig um að hægt sé að bjarga húsnæðinu. Sagði hann að slíkar rannsóknir hefðu verið gerðar bæði á Kársnesskóla og Fossvogsskóla. Sýnin úr Kársnesskóla sýndu að mygla var komin í sementið og þess vegna var ákveðið að rífa skólann, en mygla var ekki komin í sementið í Fossvogsskóla og þess vegna telja menn sig geta bjargað því húsnæði og komist fyrir mygluna. Á fundinum kom einnig fram að þó rannsóknir á sementi í Vörðuskóla liggja enn ekki fyrir er þegar byrjað að skipta um glugga í byggingunni. Spyrja má hvort skólabygging sem hönnuð var og byggð fyrir rúmum sjötíu árum þjóni best nútíma kennsluháttum og skólastarfinu eins og það er skipulagt og útfært í dag. Gengið er út frá því að þær útfærslur sem verði gerðar á Vörðuskóla, komi til notkunar hans fyrir grunnskólabörn, verði algildar og henti öllum jaðarhópum.

Samantekt

Í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla kemur fram að engar rannsóknir séu til sem styðja við eina skólagerð umfram aðra. Flestar sviðsmyndirnar sem lagðar eru til í fyrirnefndri skýrslu fela í sér heilmikið risk á högum unglunga hverfisins og fjölskyldum þeirra, þá með þeim samgönguauka sem slíkum breytingum kann að fylgja, breyttar félagslegar aðstæður og endurgreiningu nemenda og hópa. Íbúasamtök 3. hverfis biðla því til skóla- og frístundasviðs að ekki verði farið í svo róttækar breytingar nema sýnt sé fram á það að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum. Meðan svo er ekki þá telur sama stjórn ekki vænlegt að hrófla með afgerandi hætti við starfsemi hverfisskólanna tveggja heldur ættu borgaryfirvöld að byggja við og styrkja Háteigsskóla og Hlíðaskóla svo þeir geti eftir sem áður þjónað grunnskólabörnum 3. hverfis frá 1. bekk upp í 10. bekk. Sú leið myndi líka kallast best á við stefnu Reykjavíkurborgar um Betri borg fyrir börn sem byggir á lágþröskuldþjónustu, notendamiðaðri þjónustu, heildstæðri skólþjónustu og gagnadrifinni þjónustu.

Stjórn Íbúasamtaka 3.hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýrar.

Sigfús Ómar Höskuldsson.
Formaður Íbúasamtaka 3. hverfis.